**allt**

Ardís Ólöf Víkingsdóttir:

*Langar í skvísubíl*

• bílar

**Í MIÐJU BLAÐSINS ▶**



Frosti Reyr Rúnarsson:

*Vel varðveitt leyndarmál*

• kynþokkafyllsti maður landsins

**SÍÐA 50 ▶**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. janúar 2005 – 20. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## LAUGARDAGUR

**KARLAR SÆKJA Í HORMÓNAMEÐFERÐ** Íslenskir karlar fara í síauknum mæli í kynhormónameðferð þegar þeir fara að kenna einkenna breytingaskeiðsins. Þau eru helst þreyta, framtaksleysi og depurð, jafnvel þunglyndi, sem og minnkandi áhugi og geta til kvenna. **Sjá síðu 2**



**FUNDA UM TRÚNAÐ Í UTANRÍKISMÁLANEFND** Forsætisráðherra tjáir sig ekki enn um Íraksmálið. Stjórnarsinnar efast ekki um að listi staðfastra þjóða sé seinni tíma gjörningur. Formaður utanríkismálanefndar segir að ekki standi til að aflétta trúnaði á fundargerðum nefndarinnar. **Sjá síðu 4**

**KÓPAVOGUR GÆTI ÞURFT AÐ GREIÐA MJÖLL FRIGG BÆTUR** Eigandi Mjallar Friggjar hafði samband við skipulagsyfirvöld Kópavogsbæjar áður en klórverksmiðjan fluttist þangað. Hafi fyrirtækið fengið vilyrði fyrir starfsleyfi gæti bærinn verið skaðabótaskyldur. **Sjá síðu 6**

**MEIRIHLUTI HYGGST KJÓSA** Þrátt fyrir nær stöðugar árásir vígamanna virðist meirihluti Íraka ætla að mæta á kjörstað, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Fjórtán létust í mannskæðri árás á mosku sjíamúslima í Bagdad í gær. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**DREGUR ÚR FROSTI** Stöku él norðvestan og vestan til, annars bjart með köflum. Frostlaust við suðurströndina, annars vægt frost. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**HEIMSÖRYGGI – ÁBYRGÐ SMÁÞJÓÐA** Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, er aðalræðumaður á málþingi um stöðu öryggismála í heiminum sem haldið verður á Grand hótel klukkan 15 í dag. Það er Framtíðarhópur Samfylkingarinnar sem efnir til málþingsins og fundarstjóri er Þórunn Sveinbjarnardóttir.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 46 | Myndlist | 42 |
| Tónlist | 44 | Íþróttir | 38 |
| Leikhús | 42 | Sjónvarp | 48 |







# Grunur um aðild fleiri Íslendinga

**Þýska lögreglan hefur beðið um hjálp íslensku lögreglunnar við rannsókn á fíkniefnamáli tengdu Hauki ÍS. Grunur leikur á að fleiri Íslendingar tengist fjármögnun og innflutningi fíkniefnanna.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Grunur leikur á að fleiri Íslendingar tengist fíkniefnamáli sem kom upp eftir leit í Hauki ÍS 6. janúar síðastliðinn. Þá fundust þrjú og hálft kíló af kókaíni og annað eins af hassi í klefa tveggja skipverjanna. Þeir sitja nú í gæsluvarðhaldi í Þýskalandi. Beiðni um hjálp íslensku lögreglunnar við rannsókn málsins hefur verið send.

Tveir Íslendingar, 51 árs og 38 ára, hafa verið í haldi lögreglunnar í Þýskalandi síðan leitin í skipinu var gerð. Þeir voru úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald.

Robert Dütsch, talsmaður tollgæslunnar í Hamborg, segist hvorki geta sagt til um hvenær rannsókn málsins ljúki, né hvenær málið fari fyrir þarlenda dómstóla. Rannsaka þurfi málið bæði í Þýskalandi og á Íslandi. Hann segir grun leika á að fleiri menn en þeir sem nú eru í haldi hafi komið að smygltilrauninni eða fjármögnun fíkniefnanna. Efnin séu dýr en söluverðmæti þeirra á Íslandi er margfalt meira en í Þýskalandi. Aðrir en Íslendingarnir tveir hafa ekki verið handteknir.

Þær upplýsingar fengust frá dómsmálaráðuneytinu hér á landi að beiðni um hjálp íslenskra lögregluyfirvalda hefðu ekki borist ráðuneytinu. Robert Dütsch segir beiðnina fara frá þýsku lögreglunni til saksóknarans og þaðan í viðkomandi ráðuneyti sem sendir beiðnina til Íslands. Réttarbeiðnir, þar sem erlend ríki óska aðstoðar íslenska ríkisins við rannsókn mála, fara í gegnum dómsmálaráðuneytið. Með réttarbeiðni hefst lögreglurannsókn. Fram til þessa hefur þýska lögreglan verið í óformlegu sambandi við fíkniefnadeildina í Reykjavík.

**- hrs**



**ÖRYGGIS GÆTT VIÐ TÁVEGGINN** Leó Sigurðsson er öryggis- og kynningarfulltrúi Impregilo. Fulltrúar ítalskra verkalýðsfélaga og alþjóðasambands byggingaverkamanna hafa gert athugasemdir við öryggisaðbúnað verkamanna við Kárahnjúka. Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo hefur lofað að bæta þar úr. Í dag fjallar Fréttablaðið um aðbúnað á Kárahnjúkum. **Sjá síðu 32**

Hamas-liðar koma til móts við Abbas um samninga við Ísrael:

# Viðurkenna landamæri Ísraels

**PALESTÍNA** Forysta Hamas hefur í fyrsta sinn dreift skjali þar sem samtökin viðurkenna landamæri Ísraels frá árinu 1967 og tekið er undir markmið Fatah um stofnun sjálfstæðs palestínsks ríkis með Jerúsalem sem höfuðborg.

Þá tilkynnti forysta Hamas í gær að þeir væru hættir að skjóta eldflaugum frá Gazasvæðinu. Eftir því sem fram kom í ísraelska sjónvarpinu í gær, hefur Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar einnig náð samkomulagi við herskáu samtökin Heilagt stríð Íslam um vopnahlé.

Ísraelska dagblaðið Haaretz greindi frá því í gær að Hamas hefði að undanförnu unnið mikið starf til að komast að samkomulagi við Fatah-hreyfingu Mahmoud Abbas um stefnuna í samskiptum við Ísrael. Þar leggja þeir til að Hamas komi að forystusveit Palestínumanna við hlið Fatah.

Í skjalinu, sem er stefnuyfirlýsing sem á enn eftir að staðfesta, segir annars vegar að vopnuð og pólitísk barátta Palestínumanna sé réttmæt. Hins vegar segir að bæta verði samskiptin við umheiminn, einkum við Vesturlönd, á siðferðislegum grundvelli sem tryggi réttindi Palestínumanna og lok átaka.

Forysta Hamas gekk frá stefnuskjalinu að loknum fundi með Abbas. Hann segist ætla að beita palestínskum öryggissveitum til að koma í veg fyrir öll vígaferli. Síðan þá hafa þrjú þúsund lögreglumenn tekið sér stöðu á norðanverðu Gaza til að koma í veg fyrir árásir á Ísraela. ■

Pétur Þór Benediktsson:

*Mugifriend lætur í sér heyra*

**SÍÐA 26 ▶**



Edrú í rúm tvö ár eftir mikla neyslu:

*Úr neðstu myrkrum mannlífsins*

**SÍÐUR 34 og 36 ▶**



Stöðvarfjörður:

# Hætti landvinnslu

**ATVINNA** Hugsanlegt er að Samherji hætti landvinnslu á Stöðvarfirði innan skamms. Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja, tilkynnti starfsmönnum félagsins þetta á fundi á fimmtudag. Þar kom fram að rekstrarumhverfi fiskvinnslu hefði versnað á Íslandi undanfarið og ljóst væri að það þyrfti að ná aukinni hagræðingu í landvinnslu með því að sameina vinnslur.



**ÞORSTEINN BALDVINSSON**
Forstjóri Samherja.

Hugmyndin er að beina landvinnslu sem mest til Dalvíkur. Á heimasíðu Samherja kemur fram að á næstu vikum verði rætt við alla hlutaðeigendur um hugsanlega valkosti. ■

Innrás í Íran:

# Dregið hefur úr líkunum

**STJÓRNMÁL** Magnús Þorkell Bernharðsson, sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda, telur minni líkur nú á að Bandaríkjamenn ráðist inn í Íran en fyrir nokkrum misserum þrátt fyrir orðróm um hið gagnstæða. Ófremdarástand í Írak er aðalástæða þess.

Magnús býst við að sjíar muni vinna yfirburðasigur í kosningunum í Írak um næstu helgi. Hann segir mjög áríðandi að súnníar einangrist ekki í þjóðfélaginu því þá muni ólga magnast enn frekar í landinu.

Saga stjórnmála og trúarbragða í Íran og Írak er viðfangsefni Magnúsar í nýrri bók hans sem er nýkomin út.

**Sjá bls. 30**






## SPURNING DAGSINS

*Jón, ertu svekktur yfir að hafa tapað titlinum?*

**„Ég er alveg miður mín og þarf greinilega að vera duglegri í ræktinni.“**

Jón Ólafsson tónlistarmaður var kosinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins af hlustendum Rásar tvö í fyrra en í gær hreppti Frosti Reyr Rúnarsson þennan eftirsóknarverða titil.

Afsökunarbeiðni í New York Times:

# Ekki minnst á Gallup

**STJÓRNMÁL** Auglýsing Þjóðarhreyfingarinnar þar sem íraska þjóðin er beðin afsökunar á stuðningi íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak birtist í New York Times í gær. Auglýsingin birtist á blaðsíðu 17 í aðalblaðinu. „Hún er á mjög góðum stað á hægri síðu, nálægt leiðaraopnuninni,“ segir Ólafur Hannibalsson, talsmaður Þjóðarhreyfingarinnar.

Í upphaflegum texta auglýsingarinnar sem birst hafði í íslenskum fjölmiðlum var skírskotað til að 84% Íslendinga hefðu sagst styðja að nafn Íslands væri máð af lista hinna viljugu þjóða í nýlegri könnun Gallup.

Gallup er hins vegar ekki nefnt á nafn í auglýsingu sem birtist í New York Times í gær. Gallup hafði í yfirlýsingu bent á að ekki mætti nota niðurstöður úr Þjóðarpúlsinum í auglýsingum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að hann fagni því að þessum kafla í íslenskum stjórnmálum sé lokið. „Fyrr á árum var gengið frá Keflavík til Reykjavíkur til að mótmæla varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nú er birt auglýsing í The New York Times.“ **- ás**


The Invasion of Iraq – not in our name

**AUGLÝSINGIN Í NEW YORK TIMES**
Þess krafist að Ísland verði tekið af lista staðfastra þjóða.

Hollensk kona:

# Unir dómi

**DÓMSMÁL** 27 ára hollensk kona, sem var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmd í eins árs fangelsi fyrir kókaínsmygl í nóvember síðastliðnum, hefur ákveðið að una dómnum.

Hún ákvað að áfrýja ekki dómnum þar sem hún yrði hvort sem laus úr haldi þegar niðurstaða kæmi úr Hæstarétti en útlendingar þurfa aðeins að sitja inni helming refsingarinnar. Hún smyglaði innvortis 235 grömmum af kókaíni og afhenti þau íslenskum manni á hóteli í Reykjavík eftir að hafa náð efnunum úr líkama sínum. Þau voru bæði handtekin á hótelinu. **- hrs**

Þjóðleikhúsið:

# Hilmir Snær hættir

**LEIKHÚS** Hilmir Snær Guðnason sagði upp föstum samningi sínum við Þjóðleikhúsið í byrjun vetrar, eftir rúma áratuga fastráðningu. Á þeim tíma hefur hann leikið fjölmörg burðarhlutverk í leikritum hússins.



**HILMIR SEM HAMLET**
Hilmir Snær setur upp sýningu með Stefáni Baldurssyni næsta haust og stefnir á verkefni erlendis.

Hilmir segir uppsögnina ekkert með Tinnu Gunnlaugsdóttir, núverandi leikhússtjóra, að gera, enda hafi hann sagt upp áður en ljóst var hver tæki við leikhúsinu. „Ég er bara aðeins að losa mig um, en mun klára þennan vetur.“ Næsta haust mun hann setja upp sýningu ásamt Stefáni Baldurssyni, auk þess segir hann að möguleiki sé á að hann fái verkefni erlendis. „Það er þó ekki loku fyrir það skotið að ég leiki áfram í Þjóðleikhúsinu.“ **- ss**

Þrír menn ákærðir:

# Veiddu 116 tonn án kvóta

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur höfðað opinbert mál gegn þremur mönnum fyrir að hafa á tímabilinu 3. september 2001 til 27. mars 2002 gert skip út frá Ólafsvík án veiðiheimilda og veitt rúmlega 116 tonn af þorski.

Þeim er einnig gefið að sök að hafa veitt ufsa, löngu, skarkola, þykkvalúru, keilu og steinbít umfram aflaheimildir skipsins. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness og krefst Ríkislögreglustjóri þess að mennirnir verði dæmdir til refsingar. ■

# Karlar sækja í hormónameðferð

**Íslenskir karlar fara í síauknum mæli í kynhormónameðferð þegar þeir fara að kenna einkenna breytingaskeiðsins. Þau eru helst þreyta, framtaksleysi og depurð, jafnvel þunglyndi, sem og minnkandi áhugi og geta til kvenna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskir karlmenn sækja í hormónameðferð svo að þeim gangi betur að takast á við það breytingaskeið sem þeir ganga í gegnum á miðjum aldri, að sögn lækna sem Fréttablaðið hefur rætt við.



**GUÐJÓN HARALDSSON**
Vandamálin geta verið merki um að annað sé undirliggjandi, svo sem blöðruhálskrabbamein.

„Þetta læknisfræðilega heilkenni, sem einkennist meðal annars þreytu, framtaksleysi, depurð og þunglyndi og „gráum fiðringi“, hefur verið kallað „andropos“ eða breytingaskeið karla,“ sagði Guðjón Haraldsson, þvagfæra- og skurðlæknir, einn þeirra lækna sem fást við karlalækningar. „Þetta kemur einmitt á þeim árum sem miklar breytingar verða á félagslegri stöðu. Nær fimmtugu líta karlar gjarnan til baka, búnir að ljúka ákveðnum hluta af sínu æviverki. Þeir hafa kannski verið í föstu sambandi alla sína tíð, börnin farin að heiman og þeim finnst kannski að þeirra hlutverk sem fyrirvinnu heimilisins hafi sett niður.“

Guðjón sagði vitað að testósterónmagnið í blóði karla minnkaði með nokkuð jöfnum takti frá kynþroskaaldri. Áttræðir karlmenn væru til dæmis með mjög svipað kynhormónamagn eins og strákar fyrir kynþroska. Mörgum liði betur eftir að þeim hefði verið gefið karlkynhormón.

„Nokkuð er um að karlar fái kynhormón,“ sagði Guðjón. Hann segir þetta vera langtímameðferð, til dæmis með sprautum á mánaðarfresti, og eins eru til hormónaplástrar og testósteróngel, sem smurt er á upphandlegg, bak eða læri, og er það gert daglega. Stutt er í nýtt lyfjaform, sem er forðahylki, sem gefið er á 3ja mánaða fresti.

Bæði minnkuð kyngeta og kynáhugi tengjast minnkuðu magni af kynhormóni. Þegar það dalar er það almennt viðbragð að menn missa áhuga og þá um leið getuna.

„Það hefur verið fullyrt í blaðagreinum að pcb og önnur umhverfisefni sem eru til dæmis afleiðingar af plast- og olíuiðnaði, efni sem brotna mjög hægt niður og geta safnast fyrir í líkamanum, hafi áhrif á hreyfanleika sæðisfrumna og valdi ófrjósemi. Það er vitað að þetta hefur áhrif á hreyfanleika sæðisfrumna, en ég hef ekki séð þessar fullyrðingar staðfestar með tölum eða rannsóknum,“ sagði Guðjón.

jss@frettabladid.is



**BREYTINGASKEIÐIÐ**
Karlar fara á breytingaskeið. Um heilbrigðismál karla hefur verið fjallað á ráðstefnum.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KARPAÐ FYRIR FUND**
Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, Ingvar Sverrisson, lögmaður Alþýðusambandsins, og Þórarinn V. Þórarinsson, lögmaður Impregilo, ræðast hér við.

Impregilo:

# Enn ágreiningur

**KÁRAHNJÚKAR** Fundur Impregilo og verkalýðsfélaga leysti ekkert úr ágreiningsmálum þeirra á milli, sagði Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar.

Á fundinum voru lagðar skýrari línur fyrir samskipti þeirra. Leysa á ágreininginn án milliliða. Finnbjörn segir að óskað hafi verið eftir fundi með Impregilo frá miðjum nóvember. Boðunum hafi ekki verið sinnt.

Yfirmaður starfsmannamála Impregilo, Franco Ghiringhelli, sagði hugsanlegt að fyrirtækið hafi gert mistök í samskiptum sínum við verkalýðsfélögin. Þeim verði sinnt frá og með þessum fundi: „Ég tel að þau starfi eftir eigin sannfæringu. Ég trúi jafnframt að Impregilo fari að lögum.“ **- gag**

Bruninn í Hringrás:

# Skerpa þarf á reglum

**BRUNAVARNIR** Skerpa þarf á þvingunarúrræðum sem slökkviliðsstjórar geta gripið til í lögum ef slökkviliðsstjóri telur að um almannahættu sé að ræða. Þetta er meðal niðurstaðna í skýrslu sem Brunamálastofnun vann að beiðni umhverfisráðuneytis eftir brunann á athafnasvæði Hringrásar við Klettagarða í nóvember.

Brunamálastofnun telur litlar líkur á að svipaðir atburðir gerist aftur en telur að fræða þurfi eigendur atvinnufyrirtækja um eigin ábyrgð og auðvelda þeim að koma á innra eftirliti með brunavörnum. **- bs**

Starfsmenn:

# Allir jafnir séu lög virt

**KÁRAHNJÚKAR** Ekki verður óskað eftir undanþágu frá íslenskum lögum til að auka samkeppnishæfni Íslendinga að störfum á Kárahnjúkum. Slíkt er þekkt í nágrannalöndunum vegna kaupskipa. Sjómannafélög óska sambærilegra laga hér.

Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir aldrei hafa komið til umræðu að óska eftir undanþágu: „Við lítum svo á að Impregilo sé ekki að fara eftir íslenskum skattalögum. Ef fyrirtækið færi að þeim sætu allir við sama borð.“ **- gag**

Jón Gunnar Hannesson læknir:

# Ráðleggur breyttan lífsstíl

**HEILBRIGÐISMÁL** Mikilvægt er að hlusta á karla sem hafa einkenni minnkandi karlhormóns og breytingaskeiðs og gefa þeim góð og lífsstílsbreytandi ráð, segir Jón Gunnar Hannesson heimilislæknir. Hann hefur fengist við að hjálpa körlum sem hafa átt við andleg og líkamleg vandkvæði að stríða vegna umræddra einkenna og þeim vandamálum sem því fylgja.

„Þar kemur ýmislegt í ljós, bæði andlegt og líkamlegt, einkum þó það að karlar minnka mjög framleiðslu á antrogenhormónum, testosteroni fyrst og fremst þegar þeir komast yfir 40 – 45 ára aldur,“ sagði Jón Gunnar. „Undir þeim kringumstæðum getur ýmislegt siglt í kjölfarið, sérstaklega hvað varðar andlegu hliðina. Karlar verða framtakslausir og jafnvel þunglyndir. Við erum ekki minnst að huga að þessum þætti.“



**HEIMILISLÆKNIRINN**
Jón Gunnar Hannesson hefur í töluverðum mæli stundað karlalækningar.

Jón Gunnar sagði að blöðruhálskirtisvandamál væru býsna algeng. Þau gætu verið tengd kynsjúkdómaslysum sem gerðu blöðruhálskirtissvæðið viðkvæmara, en einnig fylgjandi hækkandi aldri.

„Þetta erum við farin að skoða, bæði með blóðmælingum til að finna hugsanleg krabbamein, en fyrst og fremst með því að liðsinna körlum í vandamálum þeirra, til dæmis með hormónalyfjum.“ **-jss**






# Skíðadagar

**22. – 30. janúar**

## Dagskrá í dag

- Skíðafélögin á höfuðborgarsvæðinu kynna starfsemi sína
- Kynning á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins
- Kláfur og stólar úr nýju lyftunni í Bláfjöllum til sýnis

## Skíðaleikur

**Taktu þátt í getraun og þú gætir unnið:**

- **Árskort á skíði fyrir alla fjölskylduna**
- 5 x dagskort og leigubúnað fyrir alla fjölskylduna
- 3 x 10.000 króna gjafabréf í 66°Norður
- 3 x 10.000 króna gjafabréf í skíðadeild Útilífs

SKÍÐASAMBAND ÍSLANDS SKÍÐASVÆÐIN 66° NORÐUR ÚTILÍF

## Keppni í skíðagöngu

**á snjó inni í Kringlunni kl. 14**

## Útsala

**enn meiri verðlækkun**

## Opið 10–18 í dag

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur | Veitingastaðir og Kringlubíó |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | eru með opið lengur á kvöldin. |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | |

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27100 01/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.01.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,61 | 62,91 |
| Sterlingspund | GBP | 116,63 | 117,19 |
| Evra | EUR | 81,31 | 81,77 |
| Dönsk króna | DKK | 10,92 | 10,98 |
| Norsk króna | NOK | 9,92 | 9,98 |
| Sænsk króna | SEK | 8,98 | 9,04 |
| Japanskt jen | JPY | 0,6036 | 0,6072 |
| SDR | XDR | 94,89 | 95,45 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,92 +0,09%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Tilboð vegna framkvæmda við Suðurstrandarveg opnuð:

# Fallið var frá lægsta tilboði vegna mistaka

**VEGAGERÐ** Framkvæmdir við Suðurstrandarveg hefjast á næstu mánuðum. Tilboð í 5,6 kílómetra kafla við Grindavík voru opnuð í vikunni. Áætlaður kostnaður var 150 milljónir króna og átti verktakafyrirtækið Vegamenn ehf. lægsta tilboðið. Það hljóðaði upp á 35 milljónir króna eða 23 prósent af áætluðum kostnaði. Jötunn ehf. átti langhæsta tilboðið en það hljóðaði upp á 276 milljónir.

Sigurður Kr. Jóhannsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, segir að þegar haft hafi verið samband við forsvarsmenn Vegamanna hafi komið í ljós að þeir hafi gert mistök í útboðinu. Fyrirtækið hafi því fallið frá verkinu.

Næsthæsta tilboðið á eftir Vegamönnum er frá Nesey ehf. Það hljóðar upp á tæpar 85 milljónir króna eða 56 prósent af kostnaðaráætlun. Sigurður Kr. segir líklegt að tilboði Neseyjar verði tekið en einnig verði skoðuð tilboð frá Háfelli ehf. og Sigurði Á. Hjartarsyni sem hljóða upp á 98 og 99 milljónir króna. Framkvæmdir við verkið hefst á næstu mánuðum og á þeim að verða lokið í júní árið 2006. Sigurður segir að verkið sem boðið var út núna sé aðeins lítill hluti af Suðurstrandarveginum sem mun teygja sig frá Þorlákshöfn að Grindavík. Hann segir ekki ljóst hvenær lokið verði við veginn í heild. Það velti á fjárveitingum frá ríkinu. **- th**



**SUÐURSTRANDARVEGUR**
Vegurinn mun liggja milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Ekki er ljóst hvenær framkvæmdum við veginn verður lokið.



**FRÁ MOSUL**
Bandarískir hermenn leita að vopnum á íröskum borgurum.

Bandaríkjaher:

## Fjölgar áhlaupum

**BAGDAD, AP** Níu voru handteknir og vopn gerð upptæk í áhlaupi bandaríska hersins í írösku borginni Mosul í fyrrinótt. Bandaríski herinn hefur fjölgað áhlaupum til að handtaka andspyrnumenn sem hafa hótað ófriði í væntanlegum kosningum. Stærstu götum Bagdad hefur verið lokað eftir tíðar bílsprengjur undangengna daga.

Á síðastliðnum tveimur vikum hafa 200 manns verið handteknir í Mosul grunaðir um skæruhernað. Grunur liggur uppi um að margir andspyrnumenn frá borginni Fallujah hafi flúið til Mosul og komið upp bækistöðvum þar. ■

Þýskaland:

## Ævintýraferð til Íslands

**FERÐALÖG** Þýska ferðaskrifstofan Hagag-Lloyd auglýsir nú ævintýraferðir með skemmtiferðaskipinu MV Bremen til landa sem eru á mörkum siðmenningarinnar, eins og segir á heimasíðu ferðaskrifstofunnar.

Einn af áfangastöðum skipsins, sem tekur rúmlega 160 farþega, er Reykjavík. Einnig fer skipið til Færeyja og Grænlands áður en það heldur til Skotlands og Þýskalands. Ferðalagið um endimörk siðmenningarinnar kostar um 300 þúsund krónur. ■

# Funda um trúnað í utanríkismálanefnd

**Forsætisráðherra tjáir sig ekki enn um Íraksmálið. Stjórnarsinnar efast ekki um að listi staðfastra þjóða sé seinni tíma gjörningur. Formaður utanríkismálanefndar segir að ekki standi til að aflétta trúnaði á fundargerðum nefndarinnar.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** Ég lít þetta sömu augum og Björn, sem sat þennan fund utanríkismálanefndar. Listinn var síðari tíma tilbúningur í Washington," sagði Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, í gær um tilurð lista staðfastra þjóða vegna aðkomu Íslands að innrásinni í Írak.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skrifaði í pistli á heimasíðu sinni fyrir viku að „"listinn" [væri] í raun ekkert annað en tveggja ára gömul fréttatilkynning frá Hvíta húsinu". Fréttablaðið spurði hann hvernig bæri að skýra þessi orð hans í ljósi þess sem nú hefur komið fram. „Það hefur ekkert komið fram, sem breytir því, sem ég sagði á vefsíðu minni," svaraði hann. Sem fyrr segir er Pétur Gunnarsson sammála Birni. „Þetta staðhæfi ég og stend við og byggi á upplýsingum sem ég tel óyggjandi. Ég hef ekki séð fundargerð utanríkismálanefndar en minni á að á þeim tíma var þessi listi ekki orðinn umræðuefni. Það var ekki fyrr en seinna að menn fara að gera greinarmun á þessari ákvörðun um pólitískan stuðning og listanum sem slíkum. Halldór hefði getað verið að vísa til ákvörðunarinnar en ekki listans á þessum fundi," sagði Pétur .

Sólveig Pétursdóttir, formaður utanríkismálanefndar, sagði aðspurð að ekki stæði til að aflétta trúnaði á fundargerðum utanríkismálanefndar þrátt fyrir ósk stjórnarandstöðunnar. „Það er hins vegar ljóst að það þarf að ræða um meðferð trúnaðarupplýsinga í nefndinni og stefni ég að því að boða til fundar til að ræða það efni, líklega seinni partinn í næstu viku eftir að þing kemur saman," sagði Sólveig.

Spurð út í hinar misvísandi fullyrðingar ráðamanna um vitneskju stjórnvalda um listann þegar ákvörðunin var tekin sagði hún: „Ég vil ekki tjá mig um þær upplýsingar sem Fréttablaðið telur sig hafa undir höndum."

Fréttablaðið hefur ítrekað komið á framfæri ósk sinni um að Halldór Ásgrímsson veiti svör við spurningum blaðsins en ekki haft erindi sem erfiði.

sda@frettabladid.is



**BJÖRN BJARNASON**
„Listinn" er í raun ekkert annað en tveggja ára gömul fréttatilkynning frá Hvíta húsinu."



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Hefur ekki tjáð sig um málið frá því á mánudag.



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR**
„Ekki stendur til að aflétta trúnaði á fundargerðum utanríkismálanefndar."



**PÉTUR GUNNARSSON**
„Halldór hefði getað verið að vísa til ákvörðunarinnar en ekki listans á þessum fundi."

Samkvæmisgestir:

## Sex handteknir

**LÖGREGLA** Sex voru handteknir í íbúð á Öldugötu í Reykjavík í gærmorgun eftir að húsráðandi í íbúð í húsinu á móti vaknaði við umgang heima hjá sér. Í ljós kom að brotist hafði verið inn hjá manninum og sjónvarpstæki heimilisins stolið.

Lögreglan fann sjónvarpstækið í samkvæminu handan götunnar og voru allir samkvæmisgestirnir handteknir, þar á meðal innbrotsþjófarnir tveir. Áfengi og fíkniefni voru höfð um hönd í samkvæminu. Fólkinu var sleppt að loknum yfirheyrslum. **- hrs**

Hérað:

## Íslandsmet í þorrablótum

**ÞORRABLÓT** Að líkindum munu Héraðsmenn eiga Íslandsmetið í að blóta þorra í ár en á Héraði verða haldin níu blót á næstu vikum. Egilsstaðabúar ríða á vaðið og halda þorrablót í Valaskjálf í kvöld, á bóndadaginn. Á morgun verður þorrablót eldri borgara á Héraði haldið á sama stað.

Blótafjöldi Héraðsmanna mun væntanlega falla Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vel í geð. Fyrir réttu ári sagði hún að líklegra væri til árangurs að markaðssetja íslensk þorrablót en eyða milljónatugum í að reyna að selja lambakjöt á erlendum mörkuðum. **- kk**

## UTANRÍKISMÁL

**BJÖRN HÆTTIR** Björn Dagbjartsson sendiherra hefur að eigin ósk látið af störfum. Björn var skipaður sendiherra í Maputo í Mosambík árið 2001 og varð þá fyrsti sendiherra Íslands sem búsettur var í Afríku.


# Súr hvalur

## Harðfiskur að vestan og hákarl frá Bjarnarhöfn

# Stór humar og risarækjur

## opið í dag frá 10-14.30

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**


## Veðrið

**NÚ FER HLÝNANDI** Jæja, loksins sér fyrir endann á kuldakaflanum sem staðið hefur í rauninni síðan nokkuð fyrir jól. Í dag verður hæglætisveður af vestri með stöku éljum vestan til en að öðru leyti bjart með köflum. Á morgun hlýnar síðan ákveðið með vaxandi sunnanátt og er helst að sjá að þau hlýindi haldist í einhverja daga. Það er hins vegar deginum ljósara að sitt sýnist hverjum um hvort betra sé að vera í kulda og trekki eða rigningu og hlýindum..



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Strekkingur vestan ti,l annars hægari.

### Mánudagur




Fremur stífar suðvestanáttir. Milt.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | Frankfurt | 6°C léttskýjað | Torrevieja | 14°C skýjað |
| Osló | 0°C léttskýjað | Prag | 2°C skýjað | Róm | 13°C skýjað |
| London | 6°C skýjað | Amsterdam | 6°C skýjað | New York | -4°C snjókoma |
| París | 5°C skýjað | Varsjá | 1°C skýjað | Miami | 26°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# Gleðilegt ferðaár!



## Kanarí
23. - 30. mars - á Paraiso

*Netverð frá*

**59.990*** kr.

72.730 kr. ef 2 ferðast saman

## Benidorm
19. - 31. mars - á Halley

*Netverð frá*

**41.950*** kr.

58.480 kr. ef 2 ferðast saman

## Portúgal
17. - 29. mars - á Alagoamar

*Netverð frá*

**48.480*** kr.

70.115 kr. ef 2 ferðast saman

## Costa del Sol
8. - 19. maí - á Santa Clara

*Netverð frá*

**58.700** kr.

miðað við að 2 ferðast saman.

## Mallorca
19.-26. maí - á Pil Lari Playa

*Netverð frá*

**38.435*** kr.

47.750 kr. ef 2 ferðast saman

## Costa del Sol
8. - 26. maí - á Santa Clara

*Netverð frá*

**73.160** kr.

miðað við að 2 ferðast saman

**Innifalið: Flug, gisting og flugvallarskattar.**
***M.v. að 2 fullorðnir og 2 börn 2ja - 11 ára, ferðist saman.**

# Glæsilegar páska- og vorferðir



## Vorferðir til allra átta

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kúba* | 20. mars | 8 nætur | uppselt |
| Antalya** | 23. apríl | 8 nætur | 74.150 kr. |
| Marrakesh*** | 28. apríl | 7 nætur | 65.020 kr. |
| Aþena*** | 26. maí | 4 nætur | 65.720 kr. |
| Madrid*** | 5. maí | 3 nætur | uppselt |
| Dublin*** | 24. mars | 4 nætur | 47.220 kr. |
| Valencia* | 31. mars | 4 nætur | 39.800 kr. |

**Miðað er við að 2 ferðist saman og gisti í tveggja manna herbergi.**

* Innifalið er flug, gisting og flugvallarskattar.
** Innifalið er flug, gisting, fullt fæði, drykkir og flugvallarskattar.
*** Innifalið er flug, gisting, morgunverður og flugvallarskattar.

plús FERÐIR

Plúsferðir • Hlíðasmára 15 • Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is



## KJÖRKASSINN

*Fylgist þú með Idol-keppninni á Stöð 2?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 45% |
| Nei | 55% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Munt þú blóta þorrann??*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ungverji með metmagn kókaíns innvortis:

# Gæsluvarðhald framlengt

**GÆSLUVARÐHALD** Gæsluvarðhald yfir Ungverja, sem tekinn var með tæpt kíló af kókaíni innvortis á Keflavíkurflugvelli í lok desember, hefur verið framlengt um sex vikur.

Maðurinn, sem er tæplega þrítugur, var með mesta magn fíkniefna innvortis sem vitað er til að flutt hafi verið til Íslands. Hafði hann gleypt efnin, sem pakkað hafði verið í rúmlega áttatíu hylki, á Kanaríeyjum þar sem hann er búsettur. Frá Kanaríeyjum flaug maðurinn til Madrídar, þaðan til Parísar og loks til Íslands. Á ferð sinni tókst honum ekki að halda fíkniefnapakkningunum innvortis og skilaði um þriðja hluta efnanna út úr líkamanum á leiðinni. Hann lét það hins vegar ekki á sig fá heldur skolaði af hylkjunum og gleypti aftur. Grunur tollvarða um að maðurinn væri með fíkniefni innvortis var staðfestur með röntgenskoðun.

Nígeríumanni sem talið var að tengdist málinu var sleppt úr gæsluvarðhaldi í vikunni og fór hann úr landi samdægurs.

- hrs



**KÓKAÍN**
Ungverjinn gleypti pakkningarnar jafnharðan og þær skiluðu sér niður úr honum.

Skólar í Kópavogi:

# Aukin kennsla

**SKÓLAMÁL** Skólanefnd Kópavogs hefur ákveðið að bæta nemendum 9. og 10. bekkja upp hluta þeirrar kennslu sem féll niður vegna kennaraverkfallsins í haust.

Í tilkynningu frá skólanefndinni segir að stefnt sé að því að 10. bekkur geti fengið 60 viðbótarkennslustundir á hverja bekkjardeild og að hver bekkjardeild 9. bekkjar eigi kost á 20 viðbótarkennslustundum. Einnig munu skólarnir geta sótt um viðbótarkennslustundir til að koma til móts við þá nemendur sem taldir eru þurfa á sérstakri aðstoð að halda vegna verkfallsins.

- th



**GAMAN Á SKAUTUM**
Skautadagurinn er liður í heilsueflingarátakinu Einn, tveir og nú, sem Heilsueflingarráð Akureyrar stendur fyrir út skólaárið.

Akureyri:

# Frítt á skauta

**HEILSA** Heilsueflingarráð Akureyrar, í samvinnu við Skautahöllina á Akureyri, standa fyrir skautadegi í dag og verður öllum boðið frítt á skauta auk þess sem hægt verður að fá skauta án endurgjalds. Ef veður og aðrar aðstæður leyfa verður einnig boðið upp á útisvell við Skautahöllina. Öllum gestum verður boðið upp á veitingar í boði Nýju kaffibrennslunnar, Bakarísins við brúna og Kexsmiðjunnar. Listdansarar úr Skautafélagi Akureyrar munu sýna listar sínar.

- kk

# Kópavogur gæti þurft að greiða Mjöll Frigg bætur

## Eigandi Mjallar Friggjar hafði samband við skipulagsyfirvöld Kópavogsbæjar áður en klórverksmiðjan fluttist þangað. Hafi fyrirtækið fengið vilyrði fyrir starfsleyfi gæti bærinn verið skaðabótaskyldur.

**KLÓRGAS** Kópavogsbær gæti verið skaðabótaskyldur hafi Mjöll Frigg fengið vilyrði bæjaryfirvalda fyrir verksmiðju að Vesturvör í Kópavogi. Það er mat Viðars Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns. Viðar segir þó margt koma til skoðunar bótaábyrgðar, til dæmis hvaða upplýsingar fyrirtækið hafi gefið upp og hvaða forsendur bæjaryfirvöld settu hafi þeir gefið vilyrðið.

Flosi Eiríksson, samfylkingarmaður í bæjarráði Kópavogs, segir eiganda Mjallar Friggjar, Hinriki Morthens, hafa sagt og sýnt fram á með tölvupósti að hann hafi haft samband við yfirvöld í bænum fyrir flutninginn á fundi ráðsins í síðustu viku. Flosi segir brýnt að senda fyrirtækinu skýr skilaboð um að bæjaryfirvöld vilji ekki hafa starfsemi þess á hafnarsvæðinu.

Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, sem hóf rannsókn á málinu að beiðni umhverfisráðuneytisins, segir skipulagsyfirvöld í Kópavogi þurfa að gera upp við sig hvort starfsemi Mjallar Friggjar eigi að vera við Vesturvör í Kópavogi eða ekki. Það sé niðurstaða stofnunarinnar eftir fund sem hún átti með forsvarsmönnum Mjallar Friggjar á mánudag.

„Þegar ákvörðunin liggur fyrir er hægt að bregðast við: Annað hvort með því að auglýsa starfsleyfi sem fer þá í grendarkynningu eða að fyrirtækið þurfi að flytja,“ segir Davíð.

Viðar segir mikið þurfa að koma til svo að bótaábyrgð sé lögð á bæjaryfirvöld verði tjón á svæðinu. Sama eigi við um eftirlitsaðila bæjaryfirvalda. Þeirra hlutverk sé fyrst og fremst að draga úr líkum tjóna. Hafi bæjaryfirvöld veitt fyrirtækinu bráðabirgðaleyfi flokkist það sem starfsleyfi. Munnlegt leyfi nægi, þó það séu ekki góðir stjórnsýsluhættir. Fyrirtækið sé því líklega ekki bótaskylt verði tjón nema það sýni af sér gáleysi eða ásetning.

gag@frettabladid.is



**MJÖLL FRIGG Í KÓPAVOGI** Flutti starfsemi sína milli byggðalaga.

> Miðað við fyrirliggjandi gögn er það skoðun skipulagsnefndar að framleiðsla á natríum hypoklítiði úr klórgasi og NaOH samræmist engan veginn núverandi skipulagi og þeim skipulagshugmyndum sem fyrir liggja á Kársnesi. Því leggst skipulagsnefnd alfarið gegn slíkri starfsemi á svæði nu.
>
> **– Úr fundargerð skipulagsnefndar Kópavogsbæjar 5. október 2004**

> Klórframleiðsla á svæði Kópavogshafnar. Lögð fram gögn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Línuhönnun og skipulagsnefnd. Samkvæmt ofannefndum gögnum virðist um mjög hættulega framleiðslu að ræða og hafa ýmsir rætt við hafnarstjórnarmenn og látið í ljós ótta sinn og andstöðu við staðsetningu slíkrar starfsemi svo nærri íbúabyggð og matvælaframleiðslu. Hafnarstjórn leggst því gegn því að framleiðsla á natrium-hypoklítíði úr klórgasi og NaOH verði leyfð á hafnarsvæðinu. Hafnarstjórn vísar því til heilbrigðisnefndar að fylgst verði náið með því að öllum öryggisreglum sé fylgt eftir á viðunandi hátt.
>
> **- Úr fundargerð hafnarstjórnar 7. október 2004**


# Er Íran næst?



Magnús Þorkell Bernharðsson




Í Píslarvottum nútímans er rakið samspil trúar og stjórnmála í Írak og Íran, ljósi varpað á sjálfsmorðsárásir og píslarvættisdauða, hugmyndafræði íslamista og margt fleira sem leynist handan fyrirsagna fjölmiðlanna. Þessi bók sætir miklum tíðindum, enda er hér skrifað af **mikilli þekkingu á aðgengilegan hátt** um málefni sem brenna á allri heimsbyggðinni.

KOMIN Í VERSLANIR

Aðeins 2.990 kr.

Mál og menning
edda.is




**HJÓLHÝSABYGGÐ**
Víða í Bandaríkjunum hafa myndast hjólhýsabyggðir þar sem efnaminna fólk hefst við.

Val á kviðdómi reyndist erfitt:

# Fólkið hvert öðru furðulegra

**BANDARÍKIN, AP** Lögmenn og saksóknarar sem þurftu að velja fólk í kviðdóm vegna líkamsárásar í hjólhýsabyggð í Tennessee segjast aldrei hafa lent í öðru eins. Fólkið sem þeir gátu valið úr var hvert öðru sérstakara og varð verjandanum Leslie Ballin það á að kalla þetta „kviðdómsvalið frá helvíti“.

Skömmu eftir að kviðdómsvalið hófst í síðustu viku stóð einn hugsanlegra kviðdómenda upp og fór. „Ég er undir áhrifum morfíns og þrælskakkur,“ sagði hann þegar hann gekk út án þess að spyrja kóng eða prest.

Þegar saksóknari spurði hvort einhver hugsanlegra kviðdómenda hefði framið glæp svaraði einn því til að hann hefði verið handtekinn og fluttur á geðsjúkrahús eftir að hann skaut að yngri frænda sínum. Hann sagði frændann hafa neitað að koma undan rúmi sínu.

Annar hugsanlegur kviðdómandi sagðist eiga við áfengisvandamál að stríða og kvaðst hafa verið handtekinn fyrir að reyna að kaupa vændi af lögreglukonu í dulargervi. „Ég hefði átt að vita að eitthvað gruggugt var á seyði. Hún var enn með allar tennurnar.“

Á endanum tókst að velja kviðdóm og rétta í máli konu sem var ásökuð fyrir að berja kærustu bróður síns í andlitið með múrsteini. Hún var sýknuð. ■

Danskir hermenn:

# Kærðir fyrir níðingshátt

**DANMÖRK, AP** Fimm danskir hermenn hafa verið ákærðir fyrir að misþyrma íröskum föngum sem haldið var í herbúðum nærri Basra í fyrra.

Hæst setti hermaðurinn, höfuðsmaður, sætir fjórum ákærum fyrir vanrækslu við störf. Höfuðsmaðurinn og fjórir herlögreglumenn eru allir ákærðir fyrir að neita föngum um mat og vatn, neyða þá til að vera í óþægilegum stellingum og yfirheyrslur og að nota niðrandi orðalag um þá.

Farið verður fram á fangelsisdóm yfir höfuðsmanninum. Hann var ekki nafngreindur en vitað er að í fyrra sætti Annemette Hommel rannsókn fyrir að misþyrma föngum. Hún tjáir sig ekkert um fréttirnar nú. ■

## SVEITARFÉLÖG

**KOSNINGAR 10. DESEMBER** Félagsmálaráðuneytið hefur staðfest sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Sameiningin tekur gildi 1. janúar á næsta ári. Ný sveitarstjórn verður kjörin 10. desember næstkomandi. Sveitarfélögin sem sameinuðust eru Bólstaðarhlíðarhreppur, Sveinsstaðahreppur, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst síðar.


Helgar sprengja
JOTUN
JOTA PROFF
for den profesjonelle
PVA
Vegg
Silkematt 07
2.990
6.990
Innimálning, 10 ltr
Jotun. Hefðbundin plast-málning á stofur og herbergi gljástig 7
7119867
Beinhvít málning á frábæru verði
995
1.995
Snjóskófla, ál
5082487
Verð áður 1.795
795
Snjóskófla, ál
5082486
295
Málningarfata
12 lítra, 25 sm.
7009930
1.999
4.945
Dúndur tilboð
Útiljós, Globo
Staur, 30 sm
6010061
195
Skafa 4”
30 sm skaft.
7031089
45.900
Þvottavél
Amica,1000 sn.
1805213
e6 TILBOÐ
engin greiðsla í 6 mánuði
e6 TILBOÐ
engin greiðsla í 6 mánuði
Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.
295
Flískragar
Fyrir börn.
Rauðir og bláir.
5860705-6/17-8
Húfur og vettlingar einnig á tilboði
ALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSA
Lokadagar útsölunnar
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Slim·Fast®
- nærir og grennir



Berglind
léttist um 7 kíló*
með Slim-Fast
* á 2 mánuðum

Með Slim-Fast sem hluta af daglegu mataræði fær líkaminn flest þau næringarefni sem hann þarfnast um leið og gengið er á aukakílóin.

AUGLÝSINGASTOFAN SKAPARINN EHF.



Bragðgott, einfalt og fljótlegt!

Samfylkingin:

# Launin komi bara frá flokknum

**STJÓRNMÁL** Formaður Samfylkingarinnar má ekki þiggja laun fyrir það starf frá öðrum en flokknum ef tillaga Birgis Dýrfjörð verður samþykkt á komandi landsþingi flokksins. Samkvæmt eftirlaunalögunum sem samþykkt voru í lok árs 2003 fá formenn stjórnmálaflokka á þingi um 230.000 krónur á mánuði auk þingmannalauna.

Birgir segir óþolandi að það séu óviðkomandi kostunaraðilar sem greiði formönnum stjórnmálaflokka laun. „Flokkarnir eiga að gera það sjálfir,“ segir Birgir. „Forseti Alþýðusambands Íslands kallaði þetta dúsu á sínum tíma vegna þess að formenn stjórnarandstöðuflokkanna samþykktu eftirlaunalögin með þessari viðbót. Ég kalla þessa menn pólitískar portkonur. Þetta var þóknun fyrir að samþykkja frumvarpið.“

Birgir segist ekki geta ímyndað sér annað en að tillagan verði samþykkt á landsfundi Samfylkingarinnar og segist hafa fengið mikinn stuðning við hana innan flokksins. ■



SAMFYLKINGIN
Fyrir liggur tillaga um að formaður flokksins fái ekki greidd laun frá Alþingi fyrir formannsstarfið eins og gert hefur verið samkvæmt umdeildu eftirlaunafrumvarpi.

# Meirihluti hyggst kjósa

**Þrátt fyrir nær stöðugar árásir vígamanna virðist meirihluti Íraka ætla að mæta á kjörstað, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Átján létust í bílsprengjuárásum á brúðkaupsveislu og mosku sjíamúslima.**

**ÍRAK** Yfirgnæfandi meirihluti Íraka ætlar að mæta á kjörstað 30. janúar þrátt fyrir mannskæðar árásir vígamanna undanfarið, ef marka má skoðanakönnun sem unnin var fyrir bandarísku samtökin International Republican Institute. Samkvæmt henni segja fjórir af hverjum fimm kjósendum líklegt að þeir kjósi.

Lítillega hefur þó dregið úr fjölda þeirra sem segja mjög líklegt að þeir kjósi. Í nýju könnuninni, sem var gerð í desember og janúar, segja 64 prósent mjög líklegt að þau kjósi, sjö prósentustigum minna en í nóvember.

Enn ein mannskæð sprengjuárásin var gerð í Bagdad í gær. Þá var bílsprengja sprengd fyrir framan mosku sjíamúslima. Í það minnsta fjórtán létust og 40 særðust í árásinni. Þá létust fjórir hið minnsta þegar bíl var keyrt inn í brúðkaupsveislu og hann sprengdur í loft upp.

Abu Musab al-Zarqawi, leiðtogi alræmdra hryðjuverkasamtaka, sendi frá sér upptöku þar sem hann fordæmdi sjíamúslima fyrir samstarf við bandaríska hermenn. „Þeir brutust inn í athvörf guðs, þeir svívirtu þau og hengdu upp myndir af djöfli sínum, al-Sistani,“ sagði hann. Ayatollah Ali al-Sistani er helsti leiðtogi sjíamúslima. ■



SÆRT BARN FLUTT Á SJÚKRAHÚS
Íraskur karlmaður sést hér bera særðan son sinn út úr mosku sjíamúslima eftir sprengjuárás.

Aðalfundur
Straums Fjárfestingarbanka

Aðalfundur Straums Fjárfestingarbanka hf. verður haldinn föstudaginn 4. febrúar 2005 næstkomandi kl. 11:00 á Nordica hótel, í sal F-G.

DAGSKRÁ:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 13. gr. samþykkta bankans.
2. Tillaga um breytingu á 2. mgr. 4. gr. samþykkta bankans þess efnis að stjórn verði veitt heimild til að taka ákvörðun um hækkun hlutafjár um allt að 1.500 milljónir króna að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Í tillögunni felst að hluthafar falli frá forgangsrétti til áskriftar að hinum nýju hlutum.
3. Tillaga um heimild stjórnar bankans til kaupa á eigin bréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1985.
4. Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur bankans og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu hans að Borgartúni 30, 7. hæð, til athugunar fyrir hluthafa frá og með 28. janúar 2005. Gögn þessi er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðu bankans www.straumur.net.

Framboðum til stjórnar skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums Fjárfestingarbanka, Borgartúni 30, 7. hæð, Reykjavík fyrir kl. 11:00, laugardaginn 29. janúar 2005.

Óski hluthafi eftir því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans komið skriflega til skrifstofu bankans að Borgartúni 30, 7. hæð í síðasta lagi þann 28. janúar 2005.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 10:00 á fundardegi, föstudaginn 4. febrúar n.k.

Reykjavík, 21. janúar 2005
stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf.

Straumur
FJÁRFESTINGARBANKI




# ADSL reikningurinn þinn kemur þér aldrei framar á óvart!

ENNEMM / SÍA / NM14786

**Tilboð á búnaði fyrir þráðlaust Internet**



Verð:
**2.490 kr.**
BÚNAÐURINN
Miðað við 12 mánaða bindingu

Tilboðið gildir út febrúar 2005.

Veldu úr nýjum áskriftarleiðum fyrir Internet um ADSL hjá Símanum þar sem reikningurinn þinn fer aldrei yfir ákveðna hámarksupphæð en þú getur notað netið eins og þú vilt.*

**Núverandi ADSL áskrifendur Símans ganga sjálfkrafa inn í nýju þjónustuna.**

Síminn býður þráðlausan endabúnað á tilboðsverði til þeirra sem hann þurfa.
Í öllum áskriftarleiðum er innifalin fyrirtaks vörn gegn vírusum og ruslpósti.

**Kynntu þér málið á siminn.is**

Síminn

*Kynntu þér nánar skilmála á siminn.is


Úti er alltaf að snjóa ...
Stórs
4x4 Mitsubishi Pajero
4x4 Mitsubishi Pajero Sport
4x4 Mitsubishi L-200
4x4 Mitsubishi Outlander
4x4 Volkswagen Touareg
4x4 Volkswagen Golf Variant
4x4 Skoda Octavia
Nýja SKÁTABÚÐIN SKÍÐAVERSLUN
THULE SWEDEN
MITSUBISHI MOTORS
Núna er rétti tíminn til að skoða flottustu og öflugustu aldrifsbílana á markaðnum. Oft var þörf en nú er nauðsyn! Þess vegna efnum við til stórsýningar á 4x4 bílum frá Mitsubishi, Skoda og Volkswagen. Ýmsar útfærslur og öruggt að allir sjá eitthvað við sitt hæfi.



ýning
4x4
PAJERO
Kynntu þér freistandi tilboð á Mitsubishi Pajero!
Sölumenn
í jeppadeild Bílaþings
verða í sérstöku samningastuði!
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
PIAA
35% afsláttur
af PIAA vörum um helgina!
SP-FJÁRMÖGNUN
Opið
í dag og á morgun kl. 11-16
HEKLA
Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Óljóst er hvað raunverulega felst í áherslu Bandaríkjaforseta á frelsið.

# Hefur Bush lært af mistökunum?

Að líkindum hefur enginn Bandaríkjaforseta fyrr og síðar orðið jafn umdeildur og George W. Bush, sem á fimmtudaginn hóf seinna kjörtímabil sitt í embætti. Það er ekki aðeins á heimaslóðum sem persóna forsetans, hugmyndir, stefna og verk vekja sterk viðbrögð. Heimsbyggðin hefur aldrei fyrr haft jafn afdráttarlausa skoðun á leiðtoga Bandaríkjanna og síðustu fjögur ár – og sú skoðun virðist í yfirgnæfandi mæli neikvæð í garð hans og verka hans. Öllu öðru fremur er það Íraksstríðið sem þessu veldur.

En framhjá hinu verður ekki horft að í kosningunum vestanhafs í nóvember vann forsetinn sannfærandi sigur og sama er að segja um bandamenn hans í Repúblikanaflokknum í báðum deildum Bandaríkjaþings. Hafi efi ríkt um lýðræðislegt umboð hans á fyrra kjörtímabilinu eru engar slíkar vangaveltur uppi nú. Það er ljóst að Bush er maður sem meirihluti bandarísku þjóðarinnar treystir til að stýra málum sínum.

Líklegt er að ræðu Bush við embættistökuna hafi ekki verið beðið með minni eftirvæntingu utan Bandaríkjanna en innan þeirra. Svo virðist sem forsetinn hafi gert sér grein fyrir þessu og að sumu leyti virðist sem ræða hans hafi ekkert síður beinst að hlustendum úti í heimi en eigin þjóð. Um heim allan spurðu menn sig hvaða boðskap Bush mundi flytja, og hvaða tón hann mundi slá.

Ræðan svaraði því ekki í einstökum atriðum en öll var áhersla forsetans á frelsið og þýðingu þess fyrir þjóðirnar. „Frelsið sem við njótum í okkar eigin landi veltur æ meira á því hvort frelsið nái fram að ganga í öðrum löndum,“ sagði hann og bætti við: „Allir þeir sem búa við harðstjórn og vonleysi geta treyst því að Bandaríkin munu ekki horfa framhjá kúguninni eða afsaka harðstjórana. Þegar fólk krefst frelsis stöndum við með því.“

Þetta eru fögur orð en því miður vitum við ekki hvað þau merkja í raun. Felst í þeim að Bandaríkin séu tilbúin í fleiri ævintýri í stíl við innrásina í Írak, svo sem innrás í Íran eins og getsakir hafa verið um að undanförnu? Eða hafa bandarísk stjórnvöld lært af mistökum undanfarinna ára og munu fara fram af meiri varkárni á alþjóðavettvangi næstu árin? Munu þau reyna að vinna að framgangi lýðræðis og frelsis eftir leiðum friðsamlegrar samvinnu, viðskipta og efnahagsaðstoðar fremur en að beita hernaðarmættinum? Þessum spurningum mun reynslan ein svara. En það er góðs viti að í ræðunni virtist Bush leggja áherslu á áframhaldandi sterkt samband við gamlar bandalagsþjóðir í Evrópu sem ekki hafa verið samstíga honum í Íraksmálinu. Sama er að segja um orð sem Condoleezza Rice, hinn nýi utanríkisráðherra, lét falla fyrir þingnefnd fyrr í vikunni, að hún vildi bæta samskiptin við bandamenn Bandaríkjanna í Evrópu og auka samráð við þá.

Bush forseti á ekki kost á endurkosningu að loknu því kjörtímabili sem nú er hafið. Eðli málsins samkvæmt mun mjög fara að draga úr áhrifum hans og raunverulegum völdum á þriðja ári tímabilsins, þegar undirbúningur næstu forsetakosninga hefst. Það er því í rauninni skammur tími sem hann hefur til stefnu vilji hann láta að sér kveða svo um muni. Vinir Bandaríkjanna um allan heim vona að hann hafi lært af dýrkeyptum mistökum fyrra tímabilsins og vilja treysta því að seinni hlutinn taki hinum fyrri fram á allan hátt. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Á sólarströnd.**

Þingmenn hafa undanfarna daga verið að reyna afsanna þá kenningu að þeir séu í iðjuleysi og afslöppun í fjörutíu daga starfshléi Alþingis. Hafa stjórnmálaflokkarnir blásið til funda víða í kjördæmum og jafnt óbeyttir þingmenn sem ráðherrar þeyst landshorna á milli til að hitta kjósendur. Verðskuldar þetta framtak að sjálfsögðu hið mesta hrós. Ekki eru þó allir í svona stússi eins og ljós kom á fimmtudaginn þegar Valgerður Sverrisdóttir birti óvænt pistil á heimasíðu sinni á netinu og reyndist hann ritaður á sólarströnd í Flórída. „Hugmyndin var að taka frí frá stjórnmálum í nokkra daga og safna kröftum fyrir komandi þing. En ég verð að segja að mér er ekki skemmt eftir að heyra fréttirnar af pólitískri umræðu á Íslandi þessa dagana og er með hugann talsvert við það,“ skrifar Valgerður. Og svo bætir hún við eins og hún hafi samviskubit: „Það kann að vera að einhverjum finnist það athyglisvert að ég skuli vera í fríi í stað þess að sinna kjördæminu í jólaleyfi Alþingis en á því er skýring. Hún er sú að við erum fjórir þingmenn Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi. Samstarfið er til fyrirmyndar, það ríkir trúnaður og vinátta í hópnum. Á meðan ég dvel hér og safna kröftum fyrir vorþingið ferðast þau hin um kjördæmið og funda og heimsækja vinnustaði. Þannig stöndum við saman og léttum undir hvert með öðru.“

**Framtíðin hagnýtt.**

Baráttan um formannsembættið í Samfylkingunni er komin á fullt. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir stýrir framtíðarhópi flokksins, þar sem fjölbreytt málefnavinna fer fram, og blasir við að sá póstur muni nýtast henni vel í aðdraganda kosninganna. Í dag efnir hópurinn til málþings um heimsöryggi á Grand Hóteli og þar hefur Ingibjörg fengið sem ræðumann Thorvald Stoltenberg fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs sem um árabil var einn helsti leiðtogi norskra krata. Meðal annarra ræðumanna er Magnús Þ. Bernharðsson sem í gær sendi frá sér nýja bók um málefni Mið-Austurlanda. Sjálf ætlar Ingibjörg Sólrún að setja ráðstefnuna og draga saman þræðina í fyrirlestrum og umræðum í lokin.



gm@frettabladid.is

# Kaflaskil í Íraksmálinu

Í DAG
AUGLÝSINGIN Í NYT

ÓLAFUR HANNIBALSSON



> Vel á fimmta þúsund manns hefur látið peninga af hendi rakna. Oftar en ekki hefur það verið eyrir ekkjunnar, goldinn af litlum efnum en heitri sannfæringu

Í gær birtist yfirlýsing í bandaríska stórblaðinu New York Times undir yfirskriftinni „Innrásin í Írak – ekki í okkar nafni“. Þessi yfirlýsing er birt í nafni „Þjóðarhreyfingarinnar – með lýðræði“ og þeirra þúsunda Íslendinga sem brugðust við ákalli hennar um að gera heiminum það kunnugt, að einungis tveir menn hefðu tekið um það ákvörðun að skipa Íslandi á lista meðal stuðningsþjóða innrásar Bandaríkjanna og Bretlands í Írak, sem framin var án þess að hafa til þess samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt öllum skoðanakönnunum meðal íslensku þjóðarinnar hefðu fjórir af hverjum fimm Íslendingum verið andsnúnir þessu gerræði tvímenninganna frá byrjun árs 2003 og allar götur síðan.Yfirlýsing tvímenninganna væri rof á allri íslenskri lýðræðishefð, sem er sú að allar meiriháttar breytingar á utanríkisstefnu þjóðarinnar hafa alltaf verið afgreiddar með formlegum hætti á Alþingi. Þannig hefði Alþingi synjað því boði að gerast stofnaðili að Sameinuðu þjóðunum, þegar það var bundið því skilyrði að segja Þýskalandi og Japan stríð á hendur. Við inngöngu í NATO hefðum við einnig fengið viðurkennda sérstöðu Íslendinga sem vopnlausrar þjóðar, sem vildi ekki koma sér upp eigin her né segja nokkru ríki stríð á hendur.

Við þessa afgreiðslu tvímenninganna á afstöðu til innrásar í Írak hefði hins vegar ekki verið skeytt um að fá samþykki neins stjórnsýslustigs lýðveldisins. Ákvörðunin hefði hvorki verið borin undir ríkisstjórn né þingflokka stjórnarmeirihlutans. Heldur ekki undir utanríkismálanefnd Alþingis svo sem þó er skylt samkvæmt lögum um allar meiriháttar breytingar á utanríkisstefnunni, hvað þá undir Alþingi sjálft, sem þó hefur þótt sjálfsagt allan lýðveldistímann að hefði síðasta orðið í hörðum innbyrðis deilum um utanríkismál.

Þjóðarhreyfingin – með lýðræði gerði um þetta harðorða ályktun þann 13. október síðastliðinn. Sú ályktun var grafin í smáfréttum fjölmiðla. Innan Þjóðarhreyfingarinnar þóttumst við þó viss um að almenn andstaða væri gegn þessu gerræði tvímenninganna og að við yrðum að leitast við að finna þessari andstöðu farveg. Miklar umræður urðu um það á fundum okkar hvernig málstaðnum yrði komið á framfæri svo eftir yrði tekið og umræður vaktar um málið. Athygli var vakin á því hvernig hópar valinkunnra manna um allan heim hefðu komið sér saman um yfirlýsingar, sem síðan voru birtar í heimspressunni. Frá því í byrjun nóvember var það svo rætt innan hreyfingarinnar hvernig slík yfirlýsing ætti að hljóða, drög gengu manna á milli, rædd, deilt um efni og orðalag, slípuð, fínpússuð uns yfirlýsingin var tilbúin í lok nóvember og kynnt með blaðamannafundi á Hótel Borg þann 1. desember.

Þjóðarhreyfingin hefur engan fjárhagslegan bakhjarl. Hún er grasrótarhreyfing, sem ekki heldur félagaskrá eða innheimtir félagsgjöld. Henni er ætlað að mynda breytilega skipaða sérfræðingahópa, sem gefi stuttar og hnitmiðaðar umsagnir um brýn álitaefni í þjóðfélagsumræðunni hverju sinni. Þessum hópum er ætlað að miðla til almennings hugmyndum um lýðræði og frelsisréttindi og bregðast jafnframt við öndverðum hugmyndum með röksemdum, byggðum á mismunandi sérþekkingu og reynslu þeirra, sem að áliti standa hverju sinni. Vinnan er unnin í sjálfboðaliðsstarfi án þess að nokkur greiðsla komi fyrir.

Við töldum okkur skynja sterka undiröldu með þjóðinni um að „svona gerir maður ekki“. Annað mál var svo það að klæða málið í þennan búning og æskja fjárframlaga til stuðnings við málstaðinn í jólamánuðinum. Við renndum blint í sjóinn með undirtektir, máttum vita að harður áróður yrði rekinn gegn okkur, og þó einkum beitt rógi og baknagi, sem erfitt er að festa hendur á og svara. En traust okkar á því að nægur fjöldi af þeim 84 %, sem Gallupskoðun hefur nýlega leitt í ljós að eru andvígir ákvörðun tvíhöfðans, væri tilbúinn til að fylgja því eftir með fjárframlagi, hefur reynst á rökum reist. Vel á fimmta þúsund manns hefur látið peninga af hendi rakna. Oftar en ekki hefur það verið eyrir ekkjunnar, goldinn af litlum efnum en heitri sannfæringu. Þökk sé þeim að nú veit heimurinn hið sanna um friðarvilja 84% Íslendinga og staðfestu við þann málstað sem foringjar lýðveldisins mörkuðu því í upphafi á vígvelli kalda stríðsins.

Það hefur verið ánægjulegt að standa í þessari baráttu. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa stöðvað mig á götu, talað við mig í síma, sent mér bréf og tölvuskeyti, jafnvel SMS, hvatt mig og uppörvað í miðri orrahríðinni. Þjóðarhreyfingin hefur eflst við þetta átak. Ég held að staða Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu (foringjaræðinu) hafi eflst. Einstaka þingmenn eru farnir að tala frá eigin brjósti (þótt stundum séu þeir lamdir niður jafnharðan). Nú þarf að fylgja þessu eftir með því að gera Þjóðarhreyfinguna – með lýðræði – að farvegi fyrir óskir fólksins við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Látum ekki stjórnmálamennina eina um að setja sjálfum sér reglur um fyrirkomulag stjórnskipanarinnar. Kominn er tími til að þjóðin setji þeim þær reglur, sem hún getur unað við. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf sími 585 8330 Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


LAMBA saltkjöt
Norðlensk helgi
EKKERT BRUÐL
HANGI frampartur
KJARNAFÆÐI
BLANDAÐ SALTKJÖT
50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
249 kg KR.
Merkt verð 499kr.
FYRSTI FLOKKUR
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
564 kg KR.
Merkt verð 806kr.
KF HANGIFRAMPARTUR
699 kg KR.
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
KOFABJÚGU
299 kg KR.
30-50%
afsláttur við kassann
-með þjóðlegu bragði!
EKKERT BRUÐL
Slátur
Frosin ósoðin lifrarpylsa og blóðmör
KF FROSIN LIFRARPYLSA
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
425 kg KR.
Merkt verð 607kr.
FROSINN BLÓÐMÖR
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
361 kg KR.
Merkt verð 516kr.
KF londonlamb
839 kg KR.
Merkt verð 1399kr.
Kartöflu salat
Hrá salat
KARTÖFLUSALAT/HRASALAT
99 350g KR.
KJARNAFÆÐI
40% afsláttur við kassann
London LAMB
30% afsláttur við kassann
Brauð SKINKA
50% afsláttur við kassann
KF brauðskinka
549 kg KR.
Merkt verð 1099kr.
79 385g KR.
HEIMILISBRAUÐ
FRÁBÆR SÍLDARSALÖT
Sinnepssíldarsalat
Dillsíldarsalat
Rússneskt síldarsalat
259 200g box KR.
-þrælgóð á þorranum...
BÓNUS
ERANI/Landlist



BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

# Skoðaðu nýjan **Focus**

# Nýtt tákn

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stillanlegur hiti í framsætum
Öryggispúðar að framan
Öryggispúðar í hliðum
Öryggispúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun

Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstilltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstillanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Akstурstölva og útihitamælir

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni af frumsýningu Ford Focus.

LÝSING

## Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| **Kaupverð** | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **1.896.000 kr.** | **1.990.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **1.996.000 kr.** | **2.090.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **2.096.000 kr.** | **2.190.000 kr.** |
| **Bílasamningur Lýsingar** | | |
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **23.456 kr.** | **24.609 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **24.687 kr.** | **25.845 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **25.924 kr.** | **27.081 kr.** |
| **Rekstrarleiga Lýsingar** | | |
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **31.578 kr.** | **32.971 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **33.106 kr.** | **34.530 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **34.174 kr.** | **35.628 kr.** |

✓ Ath. sjálfskiptingin er líka á lægra verði: 94.000 kr!

## Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heyrnartól
Kæling í hanskahólfi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifið ökumannssæti

Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hiti fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli
Hraðastillir
Rafdrifin sóllúga

**Nýr Ford Focus 3 dyra**



**Nýr Ford Focus 5 dyra**



**Nýr Ford Focus Wagon**



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: álfelgur og þokuljós.

# Komdu á stór-frumsýningu Ford Focus í Brimborg, í dag.

**Við afhjúpum nýjan og glæsilegan Ford Focus á þremur stöðum í dag:**

*Reykjavík kl. 11:15 afhjúpar Jónsi, Í svörtum fötum, nýjan Focus með stuði*
*Akureyri kl. 11:15 afhjúpar Margrét Eir nýjan Focus með ljúfri ballöðu*
*Reykjanesbær kl. 11:15 afhjúpar Kalli Bjarni nýjan Focus með rokki*

*Komdu í Brimborg í dag. Fáðu þér gómsætar nýbakaðar vöfflur og ilmandi gott kaffi á Café Focus í Brimborg Reykjavík, Akureyri og Reykjanesbæ. Krakkar, komið líka með mömmu og pabba og hittið blöðrutrúða með blöðrulist og faglega andlitsmálun. Húsið er opið kl. 11-17. Vertu með. Komdu í Brimborg.*




# um gæði

► Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en helstu keppinautarnir. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus. ESP stöðugleikastýrikerfi, TRACS spólvörn, loftkæling og öryggispúðagardínur eru þar á meðal. Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun! Skoðaðu vinsælasta bíl í heimi.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Ford Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Veldu nýjan Focus - nýtt tákn um gæði..!



Ford Focus er vinsælasti bíll í heimi. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst meira en nokkur annar bíll eða yfir 4 milljónir bíla. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum og sem mest selda bíl í heimi í afmælisútgáfu sinni fyrir 2005. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning) og er Ford nú þriðja vinsælasta bílamerkið á Íslandi...og sækir stöðugt á! Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford Focus.*




*Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.*

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**




MAÐUR VIKUNNAR

# Aflar best á inniskónum

**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI LÝSIS

Hún er hugmyndarík og hefur mjög glöggt auga fyrir fólki sem passar fyrirtækinu. Hún er með mjög öflugt fólk í kringum sig og er líka dugleg að hvetja fólkið sitt og styðja. Hún er hörku veiðikona, stundar stangveiði og aflar best á inniskónum, nennir ekki alltaf í vöðlurnar. Það er ekkert óalgengt að sjá hana á töfflum á árbakkanum, með veiðistöngina og risastóran háf," segir einn viðmælandi blaðsins um Katrínu Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Lýsis hf. Katrín hlaut á fimmtudaginn viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri, en sú viðurkenning er árlega veitt þeirri konu sem þykir hafa skarað fram úr í viðskiptum.



TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERKA.IS

Katrín er dóttir Erlu Tryggvadóttur, Ólafssonar sem stofnaði Lýsi hf. á sínum tíma. Hins vegar fór sá hluti fjölskyldunnar sem Katrín tilheyrir út úr fyrirtækinu fyrir mörgum árum og stofnaði fyrirtækið Fiskafurðir – Lýsisfélag í Þorlákshöfn. Fiskafurðir voru í hörkusamkeppni við Lýsi hf. sem endaði með því að Katrín réðst í það stórvirki að kaupa Lýsi hf., eftir margra ára taprekstur þess fyrirtækis – og rétti það af.

Þeir sem þekkja Katrínu segja hana síður en svo hafa fengið Lýsi hf. á silfurfati. „Hún er búin að vinna frá því að hún var krakki, vann alltaf með skóla, ávallt með puttana í einhverjum viðskiptum," segir ein vinkona Katrínar og bætir við: „Hún hefur alltaf verið rosalega dugleg kona og er ofboðslega skemmtileg."

Þegar Katrín tók við viðurkenningunni sagðist hún hafa verið í viðskiptum frá sex ára aldri. Systkini hennar voru að fikta við að reykja og hún ákvað að hafa þau að féþúfu. Í hvert sinn sem hún stóð þau að því að reykja urðu þau að borga henni fyrir að segja ekki foreldrunum frá því. Hins vegar fór viðskiptahugmyndin flatt þegar systkinin hættu að fikta við reykingar. Hún áttaði sig á því að engin framtíð og ábati væru í viðskiptum sem byggðu á svo óheiðarlegum grunni og bætti við: „Heiðarleiki er grundvallaratriði í viðskiptum."

Þeir sem þekkja Katrínu eru á einu máli um að hún sé dugnaðarforkur – og eldklár. „Það sem er þó best við hana er að hún er alltaf hún sjálf og mjög „original" persóna," segir önnur vinkonan. „Þú sérð hana úti að skemmta sér með glæsilegustu konum landsins. Sjálf er Katrín ómáluð, með hárið óblásið, í gallabuxum og bol – en það er hún sem er hrókur alls fagnaðar. Hún er rosalegur húmoristi og segir góðar sögur, svo fólk sogast að henni.

Katrín, sem er fædd 1962, er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og iðnrekstrarfræðingur frá Tækniháskóla Íslands. Hún tók við Lýsi hf. 1999 og hefur því snúið þróun fyrirtækisins við á fimm árum, úr taprekstri í veltu upp á einn og hálfan milljarð. Með sameiningu við Þurrkvinnsluna er veltan fjórir milljarðar. Auk fóðurframleiðslu eru helstu afurðir fyrirtækisins lýsi, fjölvítamín og sampakkningar, eins og Lýsi-D-Kalk, Heilsutvenna, Liðamín og fleira. Stöðug þróunarvinna hefur verið í gangi í fyrirtækinu í þau fimm ár sem Katrín hefur rekið það, meðal annars þróun og vinnsla á hákarlalýsi og túnfiskslýsi. Á þessum fimm árum hafa orðið breytingar í framleiðslu, rekstri og mannahaldi. Meiri hagkvæmni náðist og sala á afurðum fyrirtækisins hefur aukist all verulega á seinustu fimm árum. Afurðirnar hafa fengið mjög góða umfjöllun, niðurstöður úr rannsóknum hafa nánast allar verið mjög jákvæðar – og almennt er fólk sammála um ágæti Lýsisafurða. Eftir sameiningu Lýsis hf. og Þurrkvinnslunnar um seinustu áramótin, starfa um 65 manns hjá fyrirtækinu. Níutíu prósent af framleiðslu fyrirtækisins er til útflutnings um allan heim, en helstu útflutningsmarkaðir eru Bretland, Pólland og Asía.

Það eru því margar ástæður fyrir því að Félag kvenna í atvinnurekstri álítur Katrínu líklegasta kvenna til þess að vera öðrum konum hvatning og fyrirmynd. ■

# Fremst skylda er við eigin þjóð

**UMRÆÐAN**
ÍRAK OG STEFNA ÍSLANDS



**HELGI GEIRSSON**
RAFMAGNSFRÆÐINGUR

Guðmundur Magnússon, þú segir eftirfarandi í grein þinni 12. janúar síðastliðinn, sem ég get ekki fellt mig við, og er ég áreiðanlega ekki einn um það, ef fólk skoðar málið. Með áliti þínu ertu raunverulega að rýra nauðsyn þess að Ísland verði tekið af lista hinna tilleiðanlegu þjóða, sem þú telur sjálfsagt annars staðar í greininni, með því að benda í aðrar óskyldar áttir. Þú segir: „Það er annar handleggur að spurningin um hvort Íslendingar eigi að vera á listanum eða ekki er fráleitt brýnasta úrlausnarefnið í málefnum Íraks um þessar mundir. Mikilvægast er að alþjóðasamfélagið, þar á meðal Íslendingar, finni leiðir til að koma á friði og lýðræði í Írak." Það er auðvitað rétt hjá þér Guðmundur, „að það sé annar handleggur." Blöndum því ekki þessum tveimur aðskildu málum saman.

Þú verður einnig að skilja Guðmundur, að það er ekkert sem Ísland getur gert til að endurbyggja Írak, né raunar getur „alþjóðasamfélagið nokkuð gert," fyrr en Bandaríkin hypja sig frá Írak (og Afganistan líka), með allt sitt vígvéladrasl, leppa og tilleiðanlegar þjóðir sínar. Þá verða Sameinuðu þjóðirnar að meta hversu miklar skaðabætur innrásaþjóðirnar, þá sérstaklega Bandaríkin og England, verða að greiða Írösku þjóðfélagi sem var hertekið og hersetið ólöglega, án nútíma laga og siðferðis. Þá fyrst getur „alþjóðasamfélagið" eins og þú kallar það í draumórum þínum, tekið til handanna. Ég vil fremur kalla það „samvinnu" sjálfstæðra þjóða, sem mundu þá hjálpast að undir forustu Sameinuðu þjóðanna að endurreisa Írak, og reyndar Afganistan líka, á kostnað Bandaríkjanna og Breta.

Hermennskubrölt okkar Íslendinga – í yfirskyni líknar og hjálparstarfa, í þágu Bandaríkjamanna út um heim, eftir að þeir hafa brotið lög og velsæmi, sprengt allt til helvítis og misþyrmt viðkomandi landsmönnum, svo að Bandaríkin eru hötuð meir en verstu pestir – er í senn hlálegt og sárgrætilegt. Við gengum svo sannarlega ekki í NATO, né Sameinuðu þjóðirnar, til þess að þjóna slíku brjálæði. Við höfum ekki leyft Kananum afnot af landi voru til þess sem er aðeins einn glæpanna sem er verið að fremja á þjóð vorri á vorum dögum. Við megum alls ekki bera neina ábyrgð á ólöglegum gjörðum siðlausra og valdasjúkra útlendinga og yfirgangi þeirra gegn öðrum þjóðum. Það eina sem íslenska þjóðin fer fram á við stjórnvöld og alþingismenn vora, er að þeir einbeiti sér að hagsmunum Íslendinga á Íslandi. Þar eru yfirdrifin verkefni fyrir okkur öll. Öll okkar stefna verður að byggjast á grundvelli þjóðræknnar og ábyrgðar á hagsmunum Íslensku þjóðarinnar – einvörðungu! Hafðu í huga Guðmundur, að Íslendingar neituðu jafnvel að gerast stofnmeðlimir Sameinuðu þjóðanna vegna þess að það átti að neyða þá til að segja Japönum og Þjóðverjum stríð á hendur. Hvað þá nú að vera þátttakendur og hvetjandi samþykkjendur í ólöglegri og siðlausri innrás vígvelda í varnarlaust og þjáð land sem innrásaraðilarnir héldu í viðskiptabanni undir stanslausum og miskunnarlausum loftárásum í tugi ára. Fólk skal ekki fara á mis við þá staðreynd, að manndómur, drengskapur og þjóðarstolt, býr enn með íslensku þjóðinni! Höldum okkur heima fyrir og gegnum skyldum okkar á Íslandi, á grundvelli þjóðrækninnar og hagsmuna þjóðar vorrar. Hér eru yfirdrifin verkefni að vinna, og hér liggja skyldur okkar og heit! Við Íslendingar getum jú aðstoðað útlendinga í átthögum þeirra undir ýmsum kringumstæðum ef svo ber við, en fyrsta og fremsta skylda okkar, er við okkar eigin þjóð, á Íslandi! ■

## AF NETINU

### Eins og skugginn.

Halldóri Ásgrímssyni og Davíð Oddssyni ætlar seint að skiljast að einhliða ákvörðun þeirra um að styðja innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak þann 20. mars 2003 mun fylgja þeim eins og skugginn það sem eftir lifir af stjórnmálaferli þeirra. Stuðningurinn er hvorki geymdur né gleymdur eins og kom skýrt fram í nýlegri könnun Gallup en hún sýndi að 84% Íslendinga vilja ekki tilheyra stuðningsliði innrásarinnar í Írak.

**Þórunn Sveinbjarnardóttir á samfylking.is**

### Sambærilegt við Júgóslavíu.

Kristrún Heimisdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar, staðhæfði í Kastljósi sjónvarpsins í fyrrakvöld að loftárásir Bandaríkjanna og NATÓ á Júgóslavíu hefðu stuðst við samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna stæðist það ekki að halda því fram að pólitískur stuðningur Íslands við þá aðgerð væri sambærilegur við yfirlýsingu um pólitískan stuðning við aðgerðir til að steypa Saddam Hussein af stóli. Líkt og í Írak lýstu íslensk stjórnvöld pólitískum stuðningi við loftárásir á Júgóslavíu, sem hófust í mars 1999. Þær höfðu að markmiði að stöðva þjóðernishreinsanir í Kosovo og þvinga stjórn Slobodans Milosevic til að framfylgja ákvörðunum Sameinuðu þjóðanna og niðurstöðum Ramboulliet-samningaviðræðnanna. Stuðningur Íslendinga fól í sér afnot af lofthelgi og flugvelli til liðsflutninga og fyrirheit um þátttöku í uppbyggingu. Nákvæmlega sama fólst í ákvörðun ríkisstjórnar Íslands varðandi Íraksstríðið.

**Pétur Gunnarsson á timinn.is**

### Galin hugmynd.

Í kjölfar þess að Harry Bretaprins sýndi þann dómgreindarskort að mæta í afmælisveislu vinar síns klæddur í einkennisbúning Nasista frá síðari heimsstyrjöld og skarta hakakrossi á vinstri upphandlegg hefur komið upp sú hugmynd að sett verði bann á þetta táknmerki í Evrópusambandinu. Vitanlega má það teljast ámælisvert að flagga þessu tákni í því samhengi sem Harry gerði á dögunum. Það má vera að það sé réttlætanlegt að banna stjórnmálaflokka sem starfa undir merkjum og hugmyndafræði nasistaflokks Adolfs Hitlers. En að banna það táknmerki sem nastistar tóku upp sem einkennistákn sitt um 1920 er nokkuð galin hugmynd.

**Hjörtur Einarsson á sellan.is**

### Meðalmennska allt að drepa.

Fyrir nokkrum árum birtist einkar athyglisvert viðtal við Guðna Guðmundsson rektor í Skólablaði Menntaskólans í Reykjavík. Þar lýsti hann þeirri skoðun sinni að meðalmennskan væri að drepa allt frumkvæði, að þeir lélegu kæmust upp með að stjórna kerfinu til þess eins að hygla sjálfum sér. Þetta kallaði Guðni kjaftur sósíalisma andskotans, þegar stefnt væri að því að gera alla jafna með því að hafa samnefnarann nógu djöfulli lágan. Sjaldan hefur þessi viðvörun Guðna átt betur við en einmitt nú.

**Baldvin Þór Bergsson á deiglan.com**

### Siðferðileg og pólitísk krafa.

Ég tel að á okkur hvíli siðferðileg og pólitísk krafa að láta mannréttindabrot ekki liggja í þagnargildi. Ekki heldur þegar þeir Bush, Blair og leppar þeirra í Írak, Allawi og félagar eiga í hlut. Ég held að það væri hollt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að leiða ögn að þessu hugann. Er ekki eitthvað að þegar fjölmennur stjórnmálaflokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn er farinn að verja ofbeldi og mannréttindabrot eins og hann nú gerir í Írak? Nú vill svo til að ég veit að Einar K. Guðfinnsson er velviljaður maður. Getur verið að hann sé hér kominn út á hála braut? É tel svo vera.

**Ögmundur Jónasson á ogmundur.is**






D2e ß fS2eđX[2?2fS]_Sd]Sÿ2_SY`



GB 7
sx¦~1§§¨¥

SdSTW^^S2eđXΓ
DK@KJB
©w¥A2¹Ā¨¥2GK@KJB

_SdSTW^^S2D2¦æ§s2¦Éx{>2}~ævv¨¥2¦~{§¦§w¥}¨2¹}~æA{2 wA2¥Î¦}{¡¡¦¹xw¥A@2^{§¨¥2es¡v@2^2CGC2u 2}¥@ DK@KJB@

# ZW^YSdebdW`Y\S2?2É§¥Î~wy{¥2

FB 7
sx¦~1§§¨¥



CCK@KJB
©w¥A2¹Ā¨¥2CKK@KJB

Zagefa` ^wĀ¨¥¦Éxs¦w§§2E2=2D2¦æ§s@2^{§¨¥l2t¥Î¡§2¢y2¦©s¥§
TDCBACIG2u 2}¥@ CCK@KJB@

FE 7
afsláttur



FD 7
sx¦~1§§¨¥



IF@KJB
©w¥A2¹Ā¨¥2CDK@KJB

bZS`fa_ ^S?1?Tak2D2¦æ§s2¦|É¡©s¥£¦¦Éx{@2^{§{¥L2y¥æ¡¡>2y¨~¨¥2¢y2t¥Î¡¡@2
^CHB2«2TKG2«2ZJG2u 2}¥@ IF@KJB@

Xg^^2TĔÿ2SX2XdĊTßdg_2f[^Taÿg_2?2sĀw{¡¦2Ăw¦¦s2zw~y{3

HÚSGAGNAHÖLLIN



GB 7
sx¦~¹§§¨¥

Va^^Sda2e]Ċbgd2aY2e]W`]gd
IF@KJB
©w¥A2¹A¨¥2CFK@KJB

e]Ċbgd2aY2e]W`]gd

=



Va^^Sda e}¹£¨¥2¢y2¦}w¡}¨¥2¦s s¡@2TKBACJB2«2VFGAGF2«2ZCGJAJG2u 2}¥@ IF@KJB@

## sx¦~æ§§{¥



Wfdba^ e}¹£sw{¡{¡y2^CFC2«2TGF2«2ZDG2u 2
fs} s¥}sÅ2 sy¡@2}¥@2G@KJB@

IB 7
sx¦~¹§§¨¥

Wfdaba^2e]ĊbSW[`[`Y
G@KJB
©w¥A2¹A¨¥2DF@KJB

EK@KJB
©w¥A2¹A¨¥2HK@KJB



i S^^2efdWWf2Z{~¨¦s ¦§æÀs@2
TCKE2«2VFC2«2ZDCH2u 2}¥@ EK@KJB@

FE 7
ax¦~¹§§¨¥

IK@KJB
©w¥A2¹A¨¥2CEK@KJB



[`Tag`V¦|É¡©s¥£¦¦s ¦§æÀs@2TEBG>G2«2VFBAGG2«2ZII>GACKI2u 2
}¥@ IK@KJB@

ab[ÿ2S^^S2VSYS2 ZĚeYSY`SZ·^^[`2TÅ~v¦zÌxÃs2DB2×2¦@2GJG2IDBB@
¹¡¨vsys2?2xÌ¦§¨vsys2CB?CK2×2^s¨ys¥vsys2CB?CJ2×2e¨¡¡¨vsys2CD?CJ

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Allt orkar tvímælis þá gert er“*

***Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins 18. janúar.***

*„En þegar þar að kemur að hann dregur ályktanir af staðhæfingum sínum og brýnir þá sem ábyrgðina bera að berja í brestina skýtur því miður engri frumlegri hugsun í kollinn á mér en þeirri, að þeir sletta enn skyrinu sem eiga það.“*

***Þorsteinn Pálsson svarar Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 18. janúar.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Úr bakherberginu…

### Næsti Brekkusöngur

Árni Johnsen boðaði til blaðamannafundar í vikunni og kynnti nýja skýrslu um göng til Eyja. Margt bendir til að nú sé hafin sókn fyrir endurkomu Árna í pólitík enda prófkjör eftir tvö ár. Hvíslað er í bakherbergjum að Árni hljóti að beisla skáldfákinn í þágu málstaðar síns. Ekki getur Árni verið minni maður en Rúnar Júlíusson sem lét það ekki aftra sér að „Tvöföldum Reykjanesbraut“ væri ekki rímvænt. „Göng“ rímar jú við „söng“, „löng“ , „röng“ og hvers vegna ekki „töng?“



### Sótt að Alfreð

Fari menn í Framsókn með veggjum í skotgrafahernaði gegn **Guðna Ágústssyni** fara menn ekki leynt með árásir sínar á **Alfreð Þorsteinsson**. **Guðjón Ólafur Jónsson**, varaþingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík, segir í grein á Hriflu, vef flokksins í Reykjavík að hann verði ekki var við þann mikla stuðning sem Alfreð segist hafa meðal flokksmanna. Hvorki **Guðlaugur Sverrisson**, kosningasmali Alfreðs úr síðasta prófkjöri, né **Anna Kristinsdóttir**, hinn borgarfulltrúi Framsóknar í borginni, treysti sér til að styðja hann. Segir Guðjón Ólafur að menn verði að skynja sinn vitjunartíma í pólitík og minnir á örlög **Páls Péturssonar**, fyrrverandi ráðherra. Ekki er laust við að kaldhæðni gæti hjá Guðjóni: „Altjent er nokkuð ólíklegt að Alfreð, sem er á sjötugsaldri, verði enn starfandi að borgarmálum eftir 35 ár, svo grátlegt sem það kann að hljóma í eyrum okkar framsóknarmanna og annarra borgarbúa. Við þá sáru staðreynd verðum við að búa hvort sem okkur líkar betur eða verr.“

### Heimskra manna ráð

Á málfundi Heimdallar í vikunni tókust **Pétur H. Blöndal** þingmaður og **Atli Gíslason**, lögmaður og varaþingmaður, á um einkarekstur í skólakerfinu og svokallað ávísanakerfi. Athygli vakti að Pétur sagði það algeran misskilning að fólk sem hann taldi „heimskt“, eða einstaklingar með lægri greindarvísitölu en 90, ætti ekkert erindi í háskóla. Sagði hann að sama skapi óeðlilegt að heimska fólkið tæki þátt í að niðurgreiða lán Lánasjóðs íslenskra námsmanna. **- ás**



## VIKA Í PÓLITÍK

**ÁRNI SNÆVARR SKRIFAR**



# Og hvað ætlarðu að gera þegar Jesús Kristur snýr aftur?

Ríkisstjórnarsamstarfið er tíu ára gamalt í ár og farið að sýna ýmis merki þess að vera orðið lúið. Fyrir utan alla þá elda sem Guðni Ágústsson kveikti um síðustu helgi sagði hann hér í Fréttablaðinu að Davíð og Halldór hefðu báðir hugsað sinn gang í síðustu kosningabaráttu. Í þeim orðum felst að Samfylkingin hafi klikkað. Undir rós segir hann að framboð Ingibjargar Sólrúnar til forsætisráðherra hafi fælt báða flokka frá því að hætta í stjórnarsamstarfinu. Ótrúlega margir stjórnarþingmenn hafa líka vakið athygli undirritaðs á því að aðeins einn úr þeirra hópi hafi mætt í fimmtugsafmæli borgarstjórans fyrrverandi, en sjálfur formaður Sjálfstæðisflokksins hafi haldið skjallræðu í afmæli svila hennar, Össurar Skarphéðinssonar. Ergó: Skilaboðin eru þau að andstæðingar Samfylkingarinnar vilja að Össur verði áfram formaður.

Eru það rök fyrir því? Já og nei.

Svend Auken, formaður danskra jafnaðarmanna, kom sínum flokki í næstum 40 prósent í kosningum 1988. En sporin hræða því í draumi sérhvers manns er fall hans falið. Styrkur Aukens fældi samstarfsflokka í svipuðu samsteypuflokkaumhverfi og er hérlendis frá því að ganga til liðs við hann. Varaformaðurinn Poul Nyrup Rasmussen felldi hann loks eftir langa eyðimerkurgöngu. Hins vegar hefur Össur Skarphéðinsson lítinn sem engan trúverðugleika samkvæmt könnunum Gallups. Hann minnir um margt á mentor sinn Jón Baldvin. Kunningjakona okkar Jóns heyrði eitt sinn til þar sem formaður Alþýðuflokksins hitti menn í sundlauginni. Þeir skjölluðu hann á alla enda og kanta og sögðu stjórnmál ekki svip hjá sjón eftir að hann hvarf af sjónarsviðinu. Jón Baldvin synti á brott glaður í bragði en kunningjakonan heyrði kappana horfa á eftir honum með fyrirlitningarsvip og segja: „Aldrei myndi ég kjósa þennan mann“. Svipuðu máli gegnir um öflugan opinberan stuðning andstæðinga Samfylkingarinnar við Össur Skarphéðinsson.

Samfylkingin er samsteypa krata og allaballa, sem höfðu samanlagt 46% atkvæða 1978 og nærri meirihluta ef öll atkvæði vinstrimanna þá eru talin. Hún hefur hins vegar ekki farið mikið yfir 30% og á því mikið inni.

Hvað er til ráða? Svarið er ekki endilega Ingibörg Sólrún. En hræðsluviðbrögð annarra, ekki síst leiðarahöfundar Morgunblaðsins, eru vatn á hennar myllu, ekki Össurar. Sveiflur hans í stjórnmálum og stóryrði um hvert málið á fætur öðru eru líka andstæðingunum að skapi.

Eitt sinn var sögð sagan um unga ritstjórann og gamla ritstjórann. Sá ungi sýndi þeim gamla hróðugur fyrirsögn um stóratburð en sá gamli lét sér fátt um finnast og spurði: „Og hvað ætlarðu að gera þegar Jesús Kristur snýr aftur til jarðar?“

Þessi hugsun var þó til á gamla Þjóðviljanum sem Ásmundur „svarti“ Sigurjónsson, fyrrverandi ritstjóri erlendra frétta, tjáði mér eitt sinn. Blaðið var sem sagt við öllu búið í lok síðari heimsstyrjaldar þegar Rauði herinn hafði náð allri Austur-Evrópu á sitt vald. Hitler var á síðustu metrunum og nú þurfti að taka frá stærsta letrið í fyrirsögnina: Evrópustríðinu lokið. En Ási svarti vildi samt hafa vaðið fyrir neðan sig og pantaði í leiðinni enn stærra letur á fyrirsögnina: Heimsbylting í Evrópu!.

Engin slík hugsun er til hjá vinstri mönnum á Íslandi. Á Alþingi eru spörfuglar skotnir með fallbyssum. Hvunndags. Ráðist er á lög um refaveiðar og stjórnvöld vænd um stjórnarskrárbrot. Líka lög á kennara þótt innst inni hafi þingmenn Samfylkingar vitað að þeir hefðu gert það sama.

Og ef villtustu draumar Samfylkingar yrðu að veruleika gæti Davíð Oddsson, forseti framtíðarinnar í krafti fjörutíu prósenta genetískra kjósenda, gert vinstri stjórn hvors svilfólksins sem er óstarfhæfa, með því að hóta þjóðaratkvæðagreiðslum.

Maður þarf nefnilega að vita hvað maður ætlar að gera þegar Jesús Kristur kemur til jarðar.



**VIÐ ÖLLU BÚNIR** Sagt var að á Þjóðviljanum hefðu menn látið hanna sérstaklega stórt letur fyrir lok heimsstyrjaldarinnar en þó haft vaðið fyrir neðan sig og haft enn stærra fyrir heimsbyltinguna.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**VINSTRA MEGIN GUÐNI** Útspil hans staðfesta að hann skiptir máli en auka ekki trúverðugleika hans.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÆGRA MEGIN HALLDÓR** Gengur til flokksþings eftir mánuð flæktur í vef misvísandi yfirlýsinga.

# Spurning um trúverðugleika

**Fáir efast um að leiðtogar stjórnarflokkanna hafi haft pólitískan styrk til að knýja í gegn stuðning við Íraksstríðið en misvísandi yfirlýsingar grafa undan trúverðugleika og hafa stórskaðað Framsóknarflokkinn.**

Guðni Ágústsson blés lífi í loga illdeilnanna um stuðning Íslands við Íraksstríðið um síðustu helgi þegar hann sagði í viðtali við Fréttablaðið og á Skjá einum að „leiðtogar þjóðarinnar, Halldór og Davíð“ hefðu einir tekið þá ákvörðun. Hafi Halldór Ásgrímsson ætlað sér að slökkva eldinn var engu líkara en hann hefði ákveðið að gera það með bensínbrúsa með yfirlýsingu sinni á mánudag.

Athyglisvert er hins vegar að deilurnar snúast ekki um Íraksstríðið sjálft og stuðning Íslands við engilsaxnesku löndin, heldur um formsatriði. Ari Sigvaldason, fréttamaður á Ríkissjónvarpinu, dró á dögunum fram í dagsljósið viðtal við Guðna Ágústsson á morgunvakt Ríkisútvarpsins þar sem fram kom að hann hefði sagt nákvæmlega það sama við útvarpið síðastliðið sumar.

„Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra (B): Þessa ákvörðun tóku þeir með þessum hætti og...

Óðinn Jónsson: Tveir menn?

Guðni Ágústsson: Já.

Óðinn Jónsson: Er það eðlilegt?

Guðni Ágústsson: Þannig stendur það mál. Það var auðvitað gert á einhverri örlagastundu...

Óðinn Jónsson: En það var verið að breyta grundvallarstefnu Íslendinga í utanríkismálum. Er ekki eðlilegt að ræða það á þinginu og í þingflokkunum?

Guðni Ágústsson: Jú, jú, það má segja það.“

Yfirlýsing Halldórs Ásgrímssonar lægði ekki öldurnar þótt þar kæmi heldur ekkert nýtt fram. Þar er engu svarað um hvort ákveðið hafi verið á ríkisstjórnarfundinum að Ísland gengi til liðs við bandalag þjóðanna sem studdu stríð gegn Írak án stuðnings Sameinuðu þjóðanna. Enn síður hvort ákvörðunin hafi verið borin undir utanríkismálanefnd. Hins vegar þjónaði tilkynningin því hlutverki að setja ofan í við Guðna Ágústsson með eftirminnilegum hætti.

Athyglisvert er svo að í þessu máli snúast deilurnar um form en ekki innihald og má segja að einu megi gilda um Írak í þessu máli. En er í raun efast um að Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson hafi haft pólitískan styrk til að koma þessu máli í gegnum þingflokka sína og þar með þingið? Fyrst þeir gátu látið þingflokkanna kyngja fjölmiðlafrumvarpinu hefði þetta verið lítið mál að áliti flestra stjórnmálaskýrenda.

Málið virðist því snúast að verulegu leyti um innanflokksdeilur í Framsóknarflokknum. Engum þarf að koma á óvart að Kristinn H. Gunnarsson sé andsnúinn Halldóri í þessu máli eins og flestu öðru og Jónína Bjartmarz, sem upplýsti að ekki hefði verið haft samráð við utanríkismálanefnd, hefur ekki verið honum leiðitöm heldur. Að forminu slepptu er Guðni Ágústsson ekki ósammála Halldóri að því er best verður séð: „Þetta er viðkvæmt mál en menn verða að átta sig á því að uppbygging er hafin í Írak,“ sagði hann í Fréttablaðinu.

Á Skjá einum sagði hann samt sem áður að ákvörðunin hefði orkað tvímælis.

Minni athygli vakti svo að Guðni sagði á Skjá einum: „Við framsóknarmenn þurfum í þessu efni eins og öðru að fara yfir okkar utanríkisstefnu og eiga þar heilsteypta stefnu.“ Halldór Ásgrímsson hefur stýrt þessum málaflokki í nærri áratug!

Mest snýst málið þegar öllu er á botninn hvolft um trúverðugleika og stefnufestu Halldórs Ásgrímssonar. Bent hefur verið á misræmi í yfirlýsingum hans sem utanríkisráðherra. Þannig sagði hann 27. janúar 2003, rétt rúmum mánuði fyrir stríð: „Það er alveg ljóst af okkar hálfu að við teljum algjörlega nauðsynlegt að þetta mál komi til umfjöllunar öryggisráðsins á nýjan leik, það höfum við margsagt. En ég held að allir geti verið sammála um það að ef þessi maður býr yfir gjöreyðingarvopnum með þeim afleiðingum sem það gæti haft í för með sér, þá stendur alþjóðasamfélagið frammi fyrir mjög erfiðri stöðu. Það hlýtur að vera krafa okkar Íslendinga eins og annarra að þeir afvopnist. Það er krafa Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar ef í ljós kemur að hann býr ekki yfir gjöreyðingarvopnum, þá er málið væntanlega leyst.“

Um miðjan desember 2004 segir hann í Kastljósinu:

Sigmar Guðmundsson: „Hefðirðu vitað það sem þú veist í dag, að það voru ekki gereyðingarvopn í Írak og það voru engin tengsl við Al Kaída af hálfu Íraka, hefðirðu þá samþykkt þetta?

Halldór Ásgrímsson: Ég ætla nú ekkert að segja um það. Ég býst við því að ég hefði gert það já. Vegna þess að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það væri gífurlega mikið atriði að koma Saddam Hússein (frá)...“

Hvort Halldór hefur tekið hugmyndafræðilega kollsteypu á einni nóttu, eða Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, tekið ákvörðun um stuðning við Bandaríkin og stillt Halldóri upp við vegg skal ósagt látið. Nýleg könnun Gallups, sem Halldór vill raunar ekki að talað sé um, bendir til að 80% framsóknarmanna séu honum ósammála í málinu. Þar liggur hans stærsti vandi og Guðni Ágústsson hefur væntanlega séð möguleika með að spila á þetta í því taugastríði sem Halldór og „erfðaprins“ hans Árni Magnússon heyja nú gegn honum. Guðni á hins vegar ekkert síður við trúverðugleikavanda að stríða, hann virðist hafa snúist í marga hringi í málinu rétt eins og Halldór.

a.snaevarr@frettabladid.is

# MEGANE

# Mest seldi bíllinn

# Veistu af hverju Renault Megane er mest seldi bíllinn í Evrópu annað árið í röð?

- # Skemmtilegur í akstri • Rásfastur og lipur • Hlaðinn áhugaverðum tækninýjungum
- # 5stjörnu öryggi • Lág bilanatíðni • Hönnun af fremstu gerð • Rúmgóður • Ótrúlega vel búinn
- # Hagstætt verð • Efnisval og frágangur fyrsta flokks • Veitir aðgang að traustri þjónustu
- # Gæði • Öryggi • Áreiðanleiki • Mjög hagstæður í rekstri

**Komdu í reynsluakstur í dag og finndu af eigin raun hvers vegna 1.176.955 manns ekur um á Renault.**
**Höfum opið til frá  kl. 12 til 16 í dag.**

*Bíll á mynd: Renault Megane 5 dyra með álfelgum.

Renault Megane II
Verð frá kr. 1.770.000
★★★★★ EURO NCAP




Renault Megane II  5 dyra, 1600  / 16V
115 hestöfl, beinskiptur.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,2 ltr/100km
Þú eignast hann fyrir kr. 1.920.000
Bílasamningur kr. 19.690 á mánuði*

Kr. á mánuði

# 19.690

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200.

**RENAULT**

B&L    Grjóthálsi 1    575 1200    www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

Með bílinn handa þér



Allt að 7
Verð frá
3.990
Vnr.65105704
Ofn
Olíufylltur ofn, sexfaldur, hitastýrður, þrjár stillingar, 1500W, 220V.
OLÍUFYLLTIR
OFNAR KOMNIR
AFTUR
40%
afsláttur af mottum
739
1.479
Vnr.16150461-3
Motta
Motta, 40x60 cm, margar gerðir.
50%
afsláttur
Vnr.65745300
Kaffikanna
KASSEL kaffikanna 1000W.
60%
afsláttur
996
2.490
50%
afsláttur
BYKO ÚTSALA
ÞESSI EINA SANNA
Vnr.52663112
Kastari 445 890
BONALUX kastari, E14, 40W, grár.
BYKO ÚTSALA
ÞESSI EINA SANNA
40%
afsláttur
Vnr.54305101-10
Borðlampar
Borðlampi, hvítur, drapp, rauður eða blár, 26 cm.
588 980
50%
afsláttur
Vnr.52100018/21
Útiljós
GEOSUN útiljós, ílangt grátt.
1.240 2.480
40%
afsláttur
Vnr.51806000
Loftljós
BEIMME loftljós, 6060.
1.170
1.950
PRÚTTSALA
á húsgögnum
Prúttsala á húsgögnum
heldur áfram í BYKO Breidd
á laugardag og sunnudag.
Allt á að seljast!

# 0% afsláttur



Vnr.50698279-80

**Barnaborð**

Barnaborð með 4 stólum, úr ljósum viði.

3.560
8.990




40% afsláttur af Fischer leikföngum

BYKO ÚTSALA
ÞESSI EINA SANNA



1.495
2.990

50% afsláttur af flíspeysum

2.369
5.990

Vnr.93452500-14

**Barnakuldagalli**

Barnakuldagalli, rauðir eða bláir margar stærðir.

1.596
3.990

Vnr.93452515-26

**Barnaúlpur**

Barnaúlpur, rauð eða grá, margar stærðir.

60% afsláttur

1.596
3.990

35" Goodyear Wrangler dekk á 12" breiðum léttmálmsfelgum, 6 gata. Verð 80 þús. Uppl. s. 898 2111.

Óska eftir 35" vetradekkjum undir Nissan Patrol. Uppl. í s. 892 5959 Bjarni.

31" naglad. + álf. undir Trooper, Musso eða Pajero. Verð 39 þús. S. 896 6366.

## Varahlutir

**Rafstilling ehf. Dugguvogi 23**
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval. **Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara.
**Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

### Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Kia, Peugeot, Honda. S. 555 3560. Sendum á flutning.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Vél 4,2TD í Toy Landcr. 92-94 skipting, gírkassi driflæsingar, boddyhlutir, innrétting og m.fl. S. 824 8004.

Er að rífa Trooper árg. '99 & Opel Astra árg. '97. Bílaverkstæði Birgis Guðnasonar Ólafsfirði, sími 893 7203.

Ford Branco '87 til sölu. Á númerum enn til niðurrifs. 2.9 lítra vél, 32" dekk. Loftpúðar, þjófavörn. Uppl. í s. 864 8230.

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbó ehf. s. 544 2004.

Rúm, ónotað 104x200x55. Efri dýna úr gæða latexi. Verð 35 þús. Uppl. í s. 663 7901.

**Flottur sófi**
Grábrúnn Natuzzi hornsófi til sölu á 180.000 kr., kostar nýr 266.000 kr. Nýlegur í mjög góðu ástandi. Uppl. í síma 863 1000.

3ja sæta dökkblár sófi með tauáklæði til sölu. Verð 20 þús. Uppl. í síma 692 3144.

Til sölu grænt leðursófasett 3+1+1, selst á hálfvirði, mjög vel með farið. Uppl. í s. 557 9215 eða 694 3827 Sigríður.

**Búslóð til sölu**
M.a. sófasett, hornsófi, leðurantík sófi, 2 glerskápar úr Öndveigi, rúm, æfingabekkur og lóð og margt, margt fleira. Opið hús í Hrísholti 11 Garðabæ, laugardag og sunnudag frá kl. 15 til 18.

Til sölu Hjónarúm frá R. Björnsyni 180x2m. 7 ára gamalt. Uppl. í síma 698 3921.

## Heimilistæki

Til sölu tæplega 2ja ára Edesa ísskápur úr Raftækjaverslun Íslands. H. ca 190 cm, frystir niðri. Kostar nýr 80 þús, selst á 45 þús. Uppl. í s. 695 3090.

Elctrolux bw410 uppþvottavél, 10 þús. Hvítt Ikea sófaborð á hjólum, 7 þús. Píanóbekkur, þarfnast viðgerðar, 5 þús. S. 899 2453 / 568 2453.

## Fatnaður

Ódýrt! Viðgerðir, breytingar og sérsaumun. Sími 865 2504 eða 849 7538.

## Barnavörur



Útsalan hafin 20-50% afsláttur. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12 og Hverafold 1-3. Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Fyrir barnið. Til sölu bílstólar (0-13, 9-18 kg), mjög gott rimlarúm með springdýnu, sæng ofl. Góður Simo kerruvagn, kerrupokar, kommóða með baðborði ofl. barnavörur. Góðar vörur, flestar notaðar af einu barni. Uppl. í síma 893 6752.

Silver Cross barnavagn með bátalaginu til sölu. Uppl. í s. 451 2553 & 893 2553.

## Dýrahald



20% afsl. af öllum kattavörum. Dýrabær Hlíðasmára 9, Kóp. op. mán-fös. 13-18 lau. 11-15, s. 553 3062.

**Hundaræktin í Dalsmynni**
Boxer Hvolp á 90 þúsund. Uppl. í s. 566 8417.



Boxer hvolpar til sölu, ættbók frá HRFÍ. Uppl. hjá ræktanda í síma 891 8997.

**30% Vetrarafsláttur !**
Allar gæludýravörur og fóður með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj., s. 565 8444.

Vantar þig nokkuð ræktunarhund? Eða bara góðan félaga. Íslensk tík, 8 mánaða í ættbók HRFÍ. Alsystkin hafa unnið til verðlauna á Íslandi og á alþjóðlegum mótum, 1. sæti. Verð 120 þús. má skipta greiðslu í 3-4 mánuði. S. 482 1061 & 899 5436 & 659 2030.

## Ýmislegt



Til sölu kanadískur luxusnuddpottur 30 nuddstútar, tvær dælur, ozontæki,tvær síur setrusviðarskápur, hátalarar, útvarp, geislasp.. Verð aðeins 750 þús. Uppl. í s. 892 5630,056 6430.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög




**Árshátíðin í Cambridge**
**Ætlar þú að halda árshátíðina þína erlendis? Cambridge býður upp á allt; glæsilegar verslanir, flott veitingahús og allt sem þarf. Einnig getum við útvegað golf á glæsivöllum inn í árshátíðarpakkanum, sem og miða á knattspyrnuleik. Cambridge er aðeins 40 mín. frá London og aðeins 30 mín. frá Stansted-flugvelli. Hafðu samband núna: haffi@weststar-marketing.com eða í síma 00441638741874 & 00447748424233**

## Fyrir ferðamenn

**Frönsk sveitasæla**
Stórglæsilegt hús í hjarta Frakklands til leigu fyrir stóra fjölskyldu eða hópa í Búrgúndí. Stutt í frábær vínsvæði og besta útsölumarkað með merkjavöru í Frakklandi. Golfvöllur, tennisvöllur, vatnasport o.fl. í næsta nágrenni. Getum útvegað frábæran kokk á viðráðanlegu verði. Nánari upplýsingar: myllaniburgundy.tk eða s. 554 4035.

## Byssur




Amerísku reykofnarnir aftur fáanlegir, þrjár stærðir. Enfremur úrval af bragðefnum, sagi og villibráðakryddi. Jói byssusmiður Dunhaga 18. s. 561 1950 www.byssa.is

## Fyrir veiðimenn






**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.




**Lax og silungur**
Yfir 40 Lax og silungsveiðiár í Öllum verðflokkum. Frekari upplýsingar Lax-á ehf. S. 557 6100 veidileyfi@lax-a.is www.lax-a.is

## Hestamennska

Tek að mér járningar, er lærður frá Danmörku. Vönduð og góð vinnubrögð. Uppl. í s. 849 9139.

Sölusýning á hrossum í Hestheimum Rangárvallarsýslu nk. sun. 23. jan. kl. 14. Síðasti skráningard. er 21. jan. Uppl. í s. 487 6666.

Hestaáhugafólk. Hestamyndbandið "Þjálfun" á fjórum tungumálum og með aukaefni er komið á DVD. Fæst í hestavöruverslunum og á vefsíðunni www.bennisharmony.com

Til sölu 2 hryssur og 1 hestur. Frumtamið og tamið, vel ættað. S. 471 3843 e.kl 18.

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu lítil stúdíóíbúð á svæði 200, sérinngangur. Eingöngu reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 555 2527 e. hád.

Til leigu 87 fm, 3ja herb. íbúð á góðum stað í Garðabæ. Laus frá 1.mars. Uppl. í síma 820 0639 eða Kjartan@vido.is.

110 fm, 4ra herbergja íbúð til leigu á svæði 113. Ísskápur og þvottavél fylgja. Leigist á 110.000 á mán. með hússjóð og hita. Uppl. í s. 860 0201 & 899 9760.

Glæsileg um 30 fm stúdíóíbúð á Skeggjagötu 105 Rvk., sérinngangur. Nýtt og flott eldhús, langtímaleiga. Leiga 50 þús. Uppl. í s. 856 7469.

4ra herb. 77 fm íbúð við Hringbraut 21 í Hfj. Laus strax, eingöngu langtímal. V. 80 þ. á mán. Fyrirframgr. + tryggingarv. S. 849 5294 & 847 4967.

Til leigu er 2ja herbergja kjallaraíbúð á svæði 101. Er laus. Uppl. í s. 552 7989.

Íbúð til leigu 58 fm í Suðurgötu í Hfj. Uppl. í s. 899 3668.

Góð íbúð. 3-4 herb. íb. í tvíbýli í Háaleitishv. til leigu. Stofa/borðstofa, 2 svefnherb. Sólpallur. Verðhugmynd 100 þús.kr. á mán. Áhugasamir sendi uppl. um fjölskyldustærð og annað, sem máli skiptir, á póstfang haaleiti@visir.is í síðasta lagi 29. janúar nk.

Til leigu 4ra herb. 96 fm íbúð á 2. hæð í Grafarholti. Stæði í bílageymslu, sér inngangur af svölum, möguleg langtímaleig. Verður laus í lok/seinnipart sumars. Áhugasamir hafi samband við Maríu s. 693 2130.

Mjög falleg 2ja herbergja íbúð með húsgögnum á Seltjarnarnesi með útsyni yfir sjóinn til leigu frá 01. feb í 4-5 mánuði. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 553 4171.

2 herb. til leigu í Sóltúni. Aðgangur að WC, eldhús. og þvottahúsi. Verð 32 til 35 þús. Uppl. í s. 893 7388.

**Til leigu á Spáni**
Torrevieja, 3ja herbergja enda raðhús, loftkæling, afgirt svæði og fjórir gólfvellir skammt frá. Vikan 37 þús. Uppl. í s. 554 4751 e. Kl. 17.

Einstaklingsíbúð við Njálsgötu til leigu. Laus nú þegar. Uppl. í s. 554 3168 & 865 9611.

3ja herbergja íbúð til leigu, 80 fm. Aukaíbúð í einbýlishúsi. 2 mán. fyrirfram sem trygging. 70 þús. á mán. með hita/rafm. Langtímaleiga. Uppl. eingöngu milli kl. 17-19 í s. 554 4751.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702 & 554 6430.

Til leigu 80 fm 2ja herbergja kjallaraíbúð í raðhúsi á svæði 109. Langtímaleiga. Uppl. í s. 557 7745 & 698 7745.

Til leigu 3ja herbergja íbúð í Þingholtunum, verð 70 þús. á mán. hiti og rafmagni innifalið. Laus 01. feb. Uppl. í s. 565 6691 & 860 2701.

35 fm einstaklingsíbúð í nýju lyftuhúsi í miðbænum til leigu með hluta af búslóð í 2 -3 mánuði. Leiga 55 þús. á mán. Uppl. í s. 699 0065.

Herbergi í Engjaseli til leigu. Aðg. að eldhúsi, baði, þvottavél. Kr. 20.000 á mán. S. 690 0415.

4ra herbergja íbúð til leigu í Hlíðunum. Með húsgögnum. Frá 15. feb- 15. maí. 90 þús. S. 551 2223.

## Húsnæði óskast

Par utan af landi óskar eftir 3ja herb. íbúð til leigu. reyklaus og reglusöm. Ekki dýrari en 75þús sími 8209224

Vantar 3ja herb. íbúð á sv. 112. Greiðslugeta 80 þús. á mán. S. 481 1003 & 846 1344.

Óska eftir 3ja-4ra herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu á 60-75 þ. S. 869 3590.

3-4ra herbergja íbúð óskast í Mosfellsbæ, helst nálægt Lágafellsskóla. S. 868 4882.

Óska eftir góðri 2ja herb. íbúð miðsvæðis sem allra fyrst. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 865 4568.

Reyklaust ungt par með barn óskar eftir íbúð hámark 65 þús á mánuði með öllu innifalið. Skilvísum greiðslum heitið! 691 1416 / 663 7383 e. kl. 17.

Óska eftir 4ra-5 herb. íbúð til leigu í Kópavogi. s. 865 6357.

# FASTEIGNIR

Skoðið líka nánar á vefsíðu okkar www.hofdi.is









**Þú mætir og skoðar!**



**Opið hús í dag og á morgun á milli kl. 14 og 16**

# Marteinslaug 12 Grafarholti

**Glæsilegar fullbúnar íbúðir í vönduðu lyftuhúsi á þessum friðsæla útsýnisstað.**
**Sér stæði í opinni bílageymslu fylgir hverri íbúð.**
**Sér þvottahús er í hverri íbúð.**
**Íbúðirnar eru til afhendingar strax, fullbúnar.**
**Eikarinnréttingar, flísalögð baðherbergi.**
**Olíuborið niðurlímt eikarparket er á gólfum.**
**Fyrstur kemur fyrstur fær!**

## Til sölu eru eftirfarandi íbúðir :

| | |
|---|---|
| Íbúð 201 4-ra 141,1 fm auk stæðis, sér verönd í garði. | Verð 24,5 |
| Íbúð 202 4-ra 126,2 fm auk stæðis, sér verönd í garði. | Verð 23,9 |
| Íbúð 301 3-ja 109,1 fm auk stæðis, grill suður svalir. | Verð 19,9 |
| Íbúð 302 2-ja 72,3 fm auk stæðis, grill suður svalir. | Verð 14,3 |
| Íbúð 303 3-ja 105,5 fm auk stæðis, grill suður svalir. | Verð 19,9 |
| Íbúð 402 4-ra 127,0 fm auk stæðis, grill suður svalir. | Verð 25,9 |

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteignasali



HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20 Reykjavík
Sími: 533 6050
Bæjarhrauni 22 Hafnarfirði
Sími: 565 8000
Netfang: hofdi@hofdi.is
Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteignasali

Reglusamt og reyklaust par með 1 barn, óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð, til langtímaleigu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 695 0207 og 693 3903 eða barbamamma@torg.is

Par á þrítugsaldri með barn óska eftir 3-4ra herbergja íbúð til leigu á svæði 105/107. Reglusemi og skilvísi. Uppl í s. 693 3520 & 693 8460.

Fimm manna fjölsk. óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæði. Strax og í óákveðinn tíma. Uppl. í 659 6634 eða 696 0334.

21 árs KK, utan af landi óskar eftir íbúð í skamman tíma (1-2 mán) á RVK, helst m/ húsg. Reyklaus. S. 867 7788.

Ungt par með kött og barn á leiðinni, óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð. Uppl. í s. 891 7481.

Nemi óskar eftir einstaklingsíbúð miðsvæðis nú þegar. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. í s. 844 6360.

Starfsmaður Hótel Holts óskar eftir íbúð sem fyrst. Er með hund. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 696 1399.

Við erum hjón í Háskólanámi með 2 börn og vantar íbúð á svæði 101, 105 eða 107 sem fyrst. Traustum greiðslum og reglusemi heitið. Uppl. í s. 663 7858.

## Húsnæði til sölu



Til sölu í Sandgerði. Verð 7.5 miljónir. Til greina kemur að taka bíl sem útborgun. Laust 15 febrúar. Uppl. í s. 860 3574.

## Sumarbústaðir

Sumarbústaður m. heitum potti til leigu í nágr. Flúða. Uppl. í s. 486 6683, 898 6683 Guðbjörg.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu skrifstofuherb. í 104 R-vík. Securitas öryggiskerfi. Tölvulagnir. S. 896 9629.

**Til leigu**

140 fm húsnæði á Ártúnshöfða með 70 fm millilofti (kaffistofa og skrifstofa), stórar innkeyrsludyr. Góð aðkoma. Uppl. í s. 568 1075 og 899 1075 eft. kl. 16.

Til leigu mjög gott atvinnuhúsnæði í Drangarhrauni í Hafnarfirði 120 fm + 60 fm milliloft. Stór innkeyrsluhurð. Uppl. s. 898 2111.

## Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KFC

**Kentucky Fried Chicken.**
Okkur vantar duglegt og þjónustulipurt starfsfólk í föst störf í eldhús og afgreiðslu.
**Upplýsingar á stöðunum KFC Kópavogi, Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Reykjavík.**

**Talar þú Finnsku?**
Skúlason leitar að finnskumælandi fulltrúum í þjónustuver sitt. Gott verkefni framundan. Sveigjanlegur vinnutími.
**Vinsamlegast hafið samband í s. 663 3480 eða 575 1500 www.skulason.is.**

café aroma

Veitingahúsið Café Aroma óskar eftir að ráða manneskju í sal. Aðeins vant fólk kemur til greina. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Nánari upplýsingar á staðnum eða á www.aroma.is.

Domino's Pizza

Þjónustuver Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki, 18 ára og eldra, í hlutastarf. ( www.dominos.is)

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Fjólubláí Laukurinn ehf óskar eftir tveimur starfsmönnum. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af arabískri matargerð sem kallast shawovma og/eða rússnenskri matargerð sem kallast sweet and sour. Upplýsingar hjá Guðrúnu í síma 891 7172.

Skiltagerð í Rvk. óskar eftir rafvirkja í framtíðarstarf. Áhugasamir sendið umsókn á aglak@simnet.is

Óska eftir duglegu starfsfólki í hreingerningar og önnur þrif. 100% starf er um að ræða, er með sveigjanlegan vinnutíma. Uppl. í s. 898 9930.

**Hársnyrtistofa !**
Óska eftir ráða hársnyrti í fullt starf. Upplýsingar í síma 861 8050.

Lítið verktakafyrirtæki óskar eftir aðstoðamanni sem fyrst. Þarf að hafa bílpróf. S. 892 5085.

Hjólbarðaverkstæði óskar eftir mönnum vönum hjólbarðaþjónustu. Stundvísum og reyklausum. Uppl. í s. 587 5810. Höfðadekk Tangarhöfða 15.

Stýrimann og vanana háseta vantar strax á 280 tonna netabát frá Grindavík. Uppl. í síma 894 2013.

Óskum eftir að ráða starfsfólk í fiskvinnslu. Upplýsingar í síma 5615080 og 899 8574 eftir kl 12, laugardaginn 22 jan.

## Atvinna óskast

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6394.

24 ára KK óskar eftir vinnu tengda rafvirkjun(Ólærður með nám í huga) er stundvís og fljótur að læra. Er með stúdentspróf og vélaréttindi. Uppl. í s. 899 1591 Ásgeir.

Óska eftir aukavinnu, helst við bókhald eða afgr. störf. Uppl. í s. 897 7304 Guðný.

## Viðskiptatækifæri

Aukatekjur, engin sala Skoðaðu 7 mínútna video á: http://www.hjordis.ws

Heildverslun með góða möguleika til sölu. Upplýsingar á rekstur@visir.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
WWW.TANTRAS.IS



Til sölu er þessi einstaki bíll. Volvo c303, árg '77, sá eini sinnar tegundar á landinu. Í bílum er 6 strokka Volvo vél. Hann er búinn öflugu gírspil, vakum læsingum og margskonar öðrum torfærubúnaði. Aðeins tveir eigendur. Bíll með mikla sögu og mikla sál. Skemmtileg eign fyrir laghentan mann. S. 893 7250.

Einmana karlmaður um áttrætt óskar eftir að kynnast konu með félagsskap í huga. 70-75 ára. Áhugasamar leggi nafn og símanr. inn hjá Fbl, Skaftahlíð 24 eða á smaar@frettabladid.is merkt góður efnahagur.

F2

**Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga**

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

## TILKYNNINGAR

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

# Orlofshúsnæði sumarið 2005

Stjórn Orlofssjóðs Kennarasambands Íslands óskar eftir að taka á leigu húsnæði til endurleigu næsta sumar fyrir félagsmenn. Bæði íbúðarhúsnæði og sumarhús koma til greina. Tilboð berist til skriftofu Kennarasambands Íslands merkt „Orlofssjóður“ fyrir 1. febrúar n.k.

Orlofssjóður Kennarasambands Íslands,
Laufásvegi 81
101 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Þórisdóttir í síma 595-1122, netfang: hanna@ki.is , fax: 595-1112.

# ALVÖRU ÚTSALA

## 50-70% AFSLÁTTUR

## OG NÚ 50% AUKA-AFSLÁTTUR VEITTUR VIÐ KASSA

**ÓTRÚLEG VERÐ**

| | |
|---|---|
| TOPPAR | 990 |
| BOLIR | 500 |
| GALLABUXUR | 1.990 |
| SKÓR | 1.490 |
| PEYSUR | 990 |
| HERRAÚLPUR | 1.990 |
| DÖMUÚLPUR | 2.990 |
| KÁPUR | 3.490 |
| HERRAJAKKAR | 2.990 |
| JAKKAFÖT | 5.990 |
| DRAGTIR | 3.990 |
| SKYRTUR | 750 |
| BARNABUXUR | 1.490 |

**AF MERKJAVÖRU OG TÍSKUFATNAÐI**




**opið**
**virka daga 11-18**
**laugardaga 11-16**

# OUTLET 10
## FAXAFENI 10

**s. 533 1710**

# Naktar stjörnur

Stórstjörnur sýna meira hold nú en áður þegar þær mæta á frumsýningu kvikmynda, samkvæmt nýrri könnun sem birt var fyrir skömmu. Samkvæmt könnuninni sýna kvikmyndastjörnurnar meira en helming af líkamanum þegar þær ganga eftir rauða dreglinum.

Rannsakendur voru viðstaddir frumsýningar kvikmynda og skráðu samviskusamlega hjá sér hvernig klæðaburður stjarnanna var og samkvæmt niðurstöðunum sýna þær um 59% af holdinu.

Þróunin hefur verið ansi hröð síðustu ár. Sem dæmi vakti Liz Hurley mikla athygli þegar hún mætti í efnislitlum kjól frá Versace á frumsýningu bresku gamanmyndarinnar Four Weddings and a Funeral árið 1994. Það ár sýndu stjörnurnar aðeins um 39% af holdi. Það er þó mun meira en árið 1950 þegar stjörnurnar sýndu aðeins um 7% af líkamanum.

Rannsakendur telja að haldi þessi þróun áfram megi búast við því að stjörnurnar sýni um tvo þriðju hluta af líkama sínum árið 2010 þegar þær mæta á frumsýningar.

„Klæðaburður 21. aldarinnar er afar ólíkur því sem gerðist á sjötta áratug síðustu aldar,“ sagði Chris Hilton, stjórnandi rannsóknarinnar. „Nú er klæðaburðurinn miklu tilraunakenndari og stjörnurnar taka mun meiri áhættu.“ ■



**BERAR HENDUR** Leikkonan Portia de Rossi mætti í heldur efnislitlum kjól þegar hún mætti á frumsýningu myndarinnar Blood Work árið 2002.



**EFNISLÍTILL KLÆÐNAÐUR** Leikkonan og módelið Nadia var meðal gesta á frumsýningu Oceans Twelve í desember á síðasta ári.



**BERT BAK** Jennifer Lopez er að vanda mjög glæsileg þegar hún mætir á rauða dregilinn og lætur iðulega glitta í bert hold.



**EINAR MÁR GUÐMUNDSSON** Danskir bókmenntagagnrýnendur eru yfir sig hrifnir af ljóðasafni hans.

# Einari Má hælt í Danmörku

Ljóðasafni Einars Más Guðmundssonar, Ræk mig nordlysene, er hælt í hvívetna í dönskum fjölmiðlum en safnið kom út í Danmörku fyrir stuttu í þýðingu Erik Skyum Nielsen.

Gagnrýnandi Politiken, Kim Skotte, lýkur dómi sínum á að kalla ljóðasafnið „dýrðlega og kröftuga lesningu“. Í dómnum segir Skotte að Einar Már sé vel kunnur í Danmörku fyrir Engla alheimsins, Riddara hringstigans, Vængjaslátt í þakrennum og Eftirmála regndropanna, og að það sé vel þess virði að kynnast ljóðskáldinu Einari Má. Hann segir það eins og að finna „ferska íslenska vinda streyma inn“ að lesa ljóð Einars.

Erik Svendsen, gagnrýnandi Jyllands Posten, dáist að afkastagetu íslensku þjóðarinnar. Hann minnist meðal annars á að Íslendingar eigi orðið Magasin og að Björk hafi haft mikil áhrif á nútíma tónlist.

Liselotte Wiemer í Weekendavisen segir Einar Má færa Dönum sjálf norðurljósin í ljóðum sínum og heldur vart vatni yfir ljóðasafninu hans.

Í tilefni af útkomu ljóðasafnsins var samkoma haldin í Svarta Demantinum, byggingu Konunglega Bókasafnsins í Kaupmannahöfn, þar sem Einar Már las úr bókinni ásamt danska höfundinum Johannesi Møllehave. ■



**GASVERKSMIÐJU MÓTMÆLT** Greenpeace-samtökin í Mexíkó mótmæltu fyrirhugaðri byggingu gasverksmiðju á Corondo-eyju, rétt utan við Tijuana, með því að klæða sig upp sem kaktus, fugl og egg. Samtökin telja að verksmiðjan stofni dýralífi á eyjunni í hættu.




TRUSSARDI


BURBERRY PRORSUM


COSTUME NATIONAL HOMME

Herratískan í Mílanó haust/vetur 2005-2006:

# Stíll gömlu kallanna





FRÁ VINSTRI:
BURBERRY PRORSUM
FRANKIE MORELLO
CARLO PIGNATELLI

Gamaldags kallahattar, flauelsjakkaföt, prjónavesti, rós í hnappagatið, röndóttar skyrtur og áberandi litir. Það sást augljóslega á tískupöllunum í Mílanó að það heitasta þessa dagana eru fín og örlítið snobbaraleg föt og jafnvel eilítið nördaleg. Það er til orð yfir þennan stíl á ensku og það er „dandy“ samanber „Fine and dandy“ -maður sem leggur áherslu á glæsileika og fágun í fatnaði og framkomu, jafnvel hégómagjarn eða snobbaður.



Uppábrot eru í buxunum, þær girtar hátt upp og jafnvel hafðar örlítið stuttar svo fínpússaðir skórnir sjáist. Tvídfatnaður er heldur ekki bara fyrir konurnar! Það er snobbaða týpan sem er að valta yfir tískuheiminn þessa dagana. Hún er þó aðeins rokkaðri en í gamla daga. Blanda af rykfrakkastíl Peter Sellers og rokkuðum stíl Mick Jaggers.

Tískublaðið Vogue talar einnig um þennan stíl og nefnir André 3000 úr Outkast sem einn áhrifavaldanna. Hann er einmitt þekktur fyrir glerfínan stíl sinn og ást sína á gamaldags höttum. Ekki er erfitt að nálgast fatnað af þessu tagi á Íslandi því nóg er að skella sér í fínar búðir sem eiga sinn trausta viðskiptahóp í flokki eldri manna eins og búð Guðsteins á Laugaveginum.

Þetta er týpan sem fer á kaffihús, býður afgreiðslukonunni kurteisislega góðan daginn og lyftir um leið upp hattinum. Sest svo niður og les menningarlegar bókmenntir íbygginn á svip. Þetta er stíll fínu gömlu kallanna með hattana. Þeir eru flottir og þeirra stíll er jafnvel enn þá flottari á glæsilegum ungum mönnum!

hilda@frettabladid.is





ANTONIO MARRAS


PRADA

CR-V

HONDA
The Power of Dreams

# 4x4xfrumsýning

## Nýr CR-V fjölskyldubíll frumsýndur í dag



**Verðlaun**

- Eftirsóttasti borgarjeppinn í sínum flokki (Edmundsson.com)
- Bestu kaupin í sínum flokki (InteliChoice)
- Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
- Fyrsti borgarjeppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

**2.749.000** kr.

**35.160** á mánuði*

HÉR & NÚ / SÍA

* Bílasamningur Lýsingar - 10% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. * * Bíll á mynd er CR-V Executive

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum**
**og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag frá 12 - 16**

honda.is

Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftpúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búð eða stinga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.
**Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# Í hringiðu öxulvelda hins illa

**Magnús Þorkell Bernharðsson býst við að róstusamt verði í Írak enn um sinn en er ekki jafn sannfærður um að ráðist verði á Íran á næstunni. Hann hefur skrifað bók um sögu og stjórnmál þessara landa.**

Málefni Mið-Austurlanda hafa heldur betur verið í brennidepli undanfarin misseri. Ólga, átök og ofstæki eru lykilorð í fréttum af svæðinu og allt útlit er fyrir að svo verði áfram. Flest er okkur framandi í fari þeirra þjóða sem á svæðinu búa, við sjáum á skjánum reiða menn með vefjarhötta hrópa á torskiljanlegu tungumáli og lesum um konur huldar blæjum frá hvirfli til ilja. Er einhver leið að skilja líf og þankagang íbúanna í austri?

### Munar um meira en einn staf

Magnús Þorkell Bernharðsson, lektor í nútímasögu við Williams College í Massachusetts í Bandaríkjunum, er sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda og því er það fagnaðarefni að út er komin bók eftir hann um sögu stjórnmála og trúarbragða í tveimur af umtöluðustu löndum svæðisins, Íran og Írak. Bókin heitir Píslarvottar nútímans og er skrifuð á íslensku fyrir íslenska lesendur.

Enda þótt Írak og Íran hafi lengi vel verið fréttaefni um allan heim telur Magnús greinilegt að fólk vilji vita meira um sögu svæðisins svo það geti metið stöðuna á gagnrýnni hátt. „Frá okkar bæjardyrum séð eru þessi tvö lönd nánast einn og sami hluturinn, eini munurinn er að eitt endar á n-i, hitt á k-i.Þegar betur er að gáð kemur í ljós að þau eru í raun mjög ólík, hafa komið með mismunandi lausnir á vandamálum sínum en eiga þó um leið ýmislegt sameiginlegt. Því þótti mér áhugavert að nota þessi lönd sem nokkurs konar tilraunastofu til að skoða vandamál svæðisins í heild, reynslu þessara ríkja og viðhorf þeirra til umheimsins.“

Vesturlandabúum gengur oft illa að skilja hvaða hvatir búa að baki þeim atburðum sem eiga sér stað í Mið-Austurlöndum hverju sinni. Ástæðan er einföld, fæst okkar þekkja þennan heimshluta svo nokkru nemi og þá siði og venjur sem þar tíðkast. „Þetta fólk tekur mjög lógíska afstöðu til lífsins út frá sínum reynsluheimi og til að skilja þá afstöðu verðum við að kanna þennan reynsluheim. Því verður að fjalla um stjórnmál á þessu svæði út frá því sem er að gerast þar,“ bendir Magnús á.

### Íslam er stjórnarandstaðan

Í hugum margra eru íslam og stjórnmál algerlega samofin enda virðist átrúnaðurinn drífa stjórnmálaþróunina í Mið-Austurlöndum áfram. Það kann því að koma einhverjum á óvart að nánast frá öndverðu hafa flestir múslimar verið þeirrar skoðunar að veraldlegir leiðtogar, sem þó nytu velvildar klerkanna, ættu að stjórna ríkinu. En hvernig stendur þá á því að íslamskar hreyfingar eru jafn áberandi og raun ber vitni í stjórnmálum svæðisins? „Ég held að skýringin liggi að hluta til í þeirri staðreynd að á síðustu öld lögðu leiðtogar þessara ríkja áherslu á að skilja á milli trúar og stjórnmála og stofna nútímasamfélag að vestrænum hætti. Þeir náðu hins vegar ekki að leysa nein vandamál, heldur varð fámenn klíka vellrík á meðan fólkið varð enn fátækara. Það missti því alla tiltrú á þessum nútímalausnum sem áttu að leysa allt og fór í staðinn að leita á önnur mið, í eitthvað kunnuglegt sem mátti treysta,“ segir Magnús. Sem samnefnari fólksins varð trúin þannig að stjórnarandstöðu.

Þetta er jafnframt skýring þess að íbúar á svæðinu gjalda oft varhug við hugmyndum Vesturlandabúa um betra þjóðfélag. Frá því að þessi þjóðríki voru nánast búin til á teikniborði sigurvegara heimsstyrjaldarinnar fyrri hafa afskipti Breta og síðar Bandaríkjamanna á svæðinu verið mikil en sjaldnast til góðs. „Íbúar Íraks og Írans hafa haft mjög misjafna reynslu af því sem kemur frá Vesturlöndum og því eru þeir ekki vissir um hver sé raunverulegur tilgangur þessara erlendu ráðgjafa og hugmynda þeirra. Er tilgangurinn að tryggja velferð þegnanna eða að gæta hagsmuna Vesturlanda?“



**BJARTARA FRAM UNDAN NÚ ÞEGAR TÍMI SADDAMS ER AÐ BAKI?** Ofbeldisverk munu halda áfram að setja svip sinn á íraskt samfélag allt fram að kosningum. Hvað þá tekur við veit enginn.

### Ótryggt ástand í Írak

Magnús fylgist grannt með þróun mála í Írak þessa dagana en þar verður gengið til kosninga um næstu helgi. Hann segir skiptar skoðanir vera um kosningarnar á meðal Íraka enda tryggi þær einar og sér ekki að lýðræði verði komið á í landinu. Ofbeldi í landinu muni að öllum líkindum aukast fram að kjördegi og ástandið verði ótryggt að honum loknum. „Vera má að fólk þori hreinlega ekki á kjörstað nema kannski í ákveðnum hverfum og svæðum. Þá getur það gerst að ákveðnir listar, til dæmis Kúrda og sjía, nái yfirburðakosningu sem er á skjön við fylgi þeirra. Þetta myndi leiða af sér enn meiri ólgu því súnníar myndu þá einangrast enn frekar,“ segir hann.

Írakar eru uggandi um sinn hag en þeirri skoðun hefur verið fleygt í Bandaríkjunum að auðveldast sé að skipta ríkinu upp í þrjú smærri ríki. Kúrdar byggju þá í norðri og síjar í suðri í friði og spekt, en súnníar yrðu að búa í miðríkinu, bláfátækir og auðlindalausir. „Þetta finnst mörgum í Bandaríkjunum súnníarnir eiga skilið,“ segir Magnús en auðheyrt er að honum líst illa á þessar hugmyndir enda er skipting þjóðarbrotanna eftir landsvæðum ekki eins skýr og hugmyndirnar gera ráð fyrir.

Magnús er ekki viss um hvað taki við að kosningunum loknum. „Ég býst reyndar við að sjíum muni ganga mjög vel en þá er spurningin hvers konar sjía við erum að tala um. Sá aðili sem ég myndi fylgjast með er Ali Sistani erkiklerkur en hann hefur gífurleg áhrif þótt hann hafi lítið beitt sér.“ Styrkleiki Sistanis er fólginn í því að hann tengist hvorki Baath-flokki Saddams Hussein né hernámsöflunum, ólíkt mönnum á borð við Allawi bráðabirgðaforsætisráðherra, sem þiggur umboð sitt frá Bandaríkjamönnum en er hataður af Írökum. Því segir Magnús að Bandaríkjamenn óttist Sistani mjög og leggi sig í líma við að þóknast honum þar sem hann gæti hleypt öllu í bál og brand sýndist honum svo.

### Íran næst á listanum?

Að lokum berst talið að Íran en sá kvittur hefur lengi verið á kreiki að Bandaríkjamenn hyggist koma klerkastjórninni þar frá völdum þegar verkefni þeirra í Írak er lokið, nú síðast í vikunni með skrifum bandaríska blaðamannsins Seymour Hersh. „Hvort það er líklegt eins og staðan er núna er erfitt að segja, en þetta hefur verið rætt í fullri alvöru því staðan í Íran er orðin mjög alvarleg, mun alvarlegri en hún var í Írak hvað varðar gereyðingarvopn,“ segir Magnús en bendir um leið á að Íran og Írak eru ekki sami hluturinn. Íran er mun stærra og fjölmennara, með stærri her og hugsanlega kjarnorkuvopn. „Það gæti hins vegar verið virðuleg útgönguleið úr Írak að fara með hernaðinn þaðan til Írans,“ segir hann þó.

„Þessi umræða hefur staðið yfir lengi en mér finnst árásin ekki vera jafn líkleg í dag og ég taldi fyrir kannski átján mánuðum síðan,“ segir hann og telur að vandræðin í Írak hafi þar sitt að segja. „En ef landakortið er skoðað kemur í ljós að Bandaríkjamenn eru búnir að umkringja Íran með bækistöðvum sínum. Þeir eru í Afghanistan, Katar, Úsbekistan, Tyrklandi og auðvitað Írak.“

Magnús segir að Bandaríkjamenn séu á villigötum telji þeir að þrýstingurinn sem þeir beita nú Írani verði til þess að klerkastjórnin hrökklist frá völdum. „Þessar umræður hafa þau áhrif að staða klerkaveldisins styrkist, þjóðin þjappar sér eðlilega að baki stjórninni þegar verið er að umkringja landið og ræða um að ráðast þar inn. Ef tilgangurinn er að veikja stjórnina og koma á breytingu er þessi taktík að hafa þveröfug áhrif. Menn hafa ekki efni á tilslökunum í frjálsræðisátt þegar óvinaherir standa gráir fyrir járnum á landamærunum.“

sveinng@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MAGNÚS ÞORKELL BERNHARÐSSON** „Þessi umræða hefur staðið yfir lengi en mér finnst árás í Íran ekki vera jafn líkleg í dag og ég taldi fyrir kannski átján mánuðum síðan.“




Sumarhúsa-eigendur og aðrir farþegar til Spánar!

Alicante

Beint leiguflug með Icelandair í allt sumar!

Netverð frá 19.950 kr.

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Flugáætlun

19. og 31. mars
11. apríl
18. maí
og síðan alla miðvikudaga í sumar til 5. október.

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Verð miðast við að bókað sé á Netinu, ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



Helgartilboð meðan birgðir endast
Helgarstuðið í Bónus!
Þurrkur
Þurrkur fást á Akureyri -Holtagörðum -Smáratorgi og í Spöng
TVEGGJA BLAÐA ÞURRKUR
1999 settið KR.
eurostyle
999 slangan KR.
3999 sleðinn KR.
Stuð í snjóinn
SERVÖRU VERSLANIR
SNOW RAGE
GERBER BARNAMATUR - TÓLF KRUKKUR Í KASSA
12 á verði 9
12 í PAKKNINGU
599 KR.
Gerber
TÖLVUFLATSKJÁIR 17" og 19"
19" skjár er með DVI tengi
SERVÖRU VERSLANIR
Upplausn á skjá: 1280x1024 75Hz
Innbyggðir hátalarar
SÖLUSTAÐIR:
Akureyri -Holtagarðar - Spöng -Smáratorg -Hafnarfjörður -Reykjanes og Hraunbær
19" FLATSKJÁR
37900 KR.
17" FLATSKJÁR
25900 KR.
STÓR PAMPERS BLEIUPAKKI MEÐ KAUPAUKA
STÓRPAKKNING
899 KR.
Pampers
Baby Dry
KAUPAUKI ER MEÐ HVERJUM PAKKA
ÓTRÚLEGT VERÐ!
2995 KR.
EKKERT BRUÐL
FRÁBÆRAR KULDAÚLPUR
St.: S-M-L-XL
5 SPÓLUR -1200 MÍN. 20 TÍMAR!
1779 KR.
MYNDBANDSSPÓLUR
STYKKJAVERÐ Í LAUSU 379 KR.
SONY
1200 mín.
72 bossaþurrkur
249 KR.
Pampers
TUSKUDÝR
fylgir 72 Pampers þurrkum
Íslenskir ullarsokkar
ULLARSOKKAPAR
599 KR.
5 SOKKAPÖR
499 5 PÖR KR.
100% BÓMULL
4 MACH3 RAKBLÖÐ
Gillette MACH3
ÓTRÚLEGT VERÐ!
499 KR.
Orville Redenbacher's
8 PACK
249 8 Í KASSA KR.
1.5 lítra BLANDARI
1599 KR.
TÆKIÐ ER FRÁBÆRT!
JDV
BLÖNDUM SJÁLF FYRIR BÖRNIN!
250w
Eitt notadrýgsta heimilistækið!
ÓTRÚLEGT VERÐ!
4899 KR.
750w
JDV ÖRBYLGJUOFN
Tugir tilboða á bonus.is
ENNEMM/Landlist




ANNAR HLUTI

# AÐBÚNAÐUR
*Á KÁRAHNJÚKUM*

# Ég treysti því að þeir segi satt

**Oddur Friðriksson er launaður yfirtrúnaðarmaður við Kárahnjúkavirkjun. Hann fer á milli vinnusvæða og fylgist með, hlustar á umkvörtunarefni og reynir að fá bætt úr.**

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður í Kárahnjúkavirkjun, er í hópi þeirra sem best þekkja til Impregilo og aðstæðna verkamanna á Kárahnjúkum. Hann fer daglega um vinnusvæðið, fylgist með því hvernig mönnunum líður, hlustar á umkvörtunarefni þeirra og reynir að leggja þeim lið. Hann segist treysta því að mennirnir komi til sín hafi þeir yfir einhverju að kvarta en hann reyni að þrýsta ekki á þá með óviðeigandi hætti.

Starfið á Kárahnjúkum hefur verið annasamt frá upphafi. Athugasemdir voru strax gerðar og telur Oddur líklegt að samskiptin milli Impregilo og verkalýðshreyfingarinnar hefðu þróast öðruvísi ef strax hefði verið brugðist við gagnrýni. Það hefði einnig orðið ódýrara fyrir Impregilo þegar upp er staðið.

Tyrknesku húsin á Kárahnjúkum uppfylltu ekki íslenskar kröfur. Það kom í ljós þegar á reyndi. Allar nýjar tegundir af stálgrindarhúsum eiga að fara í skoðun hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og það segir Oddur að hafi ekki verið gert. Viðgerðir hafi farið fram á húsunum, ný þök sett á þau, þéttilistar í kringum glugga og dúkar lagðir á gólf. Þá sé dyraumbúnaðurinn pjátur.

„Við verðum auðvitað að sætta okkur við þessi hús þó að við séum ekki sátt við þau. Það eina sem við getum gert er að reyna að bæta þau,“ segir hann.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**EFTIRLIT OG ÖRYGGI Á KÁRAHNJÚKUM** Leó Sigurðsson, öryggis- og kynningarfulltrúi Impregilo, Þorvaldur Hjarðar, umdæmisstjóri Vinnueftirlitsins á Austurlandi, og Einar M. Magnússon, öryggisfulltrúi hjá Impregilo, á svæðinu við távegginn á Kárahnjúkum.

### Lögregla sést varla

Oddur gagnrýnir frammistöðu og framgang íslenska stjórn- og eftirlitskerfisins. Það hafi ekki virkað nógu vel. „Þeir hafa dregið sig í hlé. Ágreiningsmálin eru mörg og við höfum orðið að draga opinbera aðila að verkinu. Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur unnið mjög faglega og starfsmenn Vinnueftirlitsins hafa komið sífellt öflugri til leiks. Svona var þetta ekki í byrjun,“ segir hann.

Sögusagnir hafa verið um eiturlyf og vændi á Kárahnjúkum en Oddur segist ekki hafa orðið var við það. Á Kárahnjúkum sé gott fólk sem vilji fá að sinna sínu starfi í friði og geri sitt besta. Íbúar á Kárahnjúkum óski eftir að njóta sama eftirlits og þjónustu og önnur bæjarfélög. Lögregla komi aðeins í skötulíki og iðnréttindi séu ekki einu sinni könnuð.

### Tilfinningalega sárt

Reyndir starfsmenn eru á Kárahnjúkum, sérstaklega eru Kínverjarnir og Pakistanarnir með langa starfsreynslu af stífluframkvæmdum. Þetta eru fyrst og fremst tækjamenn sem hafa unnið á tækjum víða um heim og hafa ekki síðri reynslu en Íslendingarnir. Þessir menn eru sáttir við kjör sín og brosa bara og kinka kolli þegar Oddur spyr hvort launin skili sér með réttum hætti í heimalandinu.

„Ég hef engan rétt til að skoða bankareikningana þeirra svo að ég verð að treysta því að þeir segi satt,“ segir hann og rifjar upp samtal við Bólivíumann sem hafði þá athugasemd eina að þurfa að borga skatt til Íslands. „Það fannst honum tilfinningalega sárt. Þetta var eina talan sem fór í taugarnar á honum,“ segir Oddur.

### Mönnum „skilað“

Portúgalarnir eru hins vegar komnir undir öðrum formerkjum til Íslands. Þeir koma í gegnum starfsmannaleigurnar. „Þær eru eitt stærsta vandamál á vinnumarkaði í dag í Evrópu. Þær fara á milli landa og nýta sér glufur í skattakerfinu. Íslendingar hafa fengið starfsmenn í gegnum þær í nokkur ár en aldrei sem nú. Við erum fyrst nú að kynnast þessu vandamáli í miklum mæli,“ segir Oddur.

Athyglisvert er að evrópsk fyrirtæki nýta sér starfsmannaleigur í auknum mæli og víkja sér þar með undan ábyrgð gagnvart lögum, reglugerðum og starfsmönnunum sjálfum en talsvert er um að mönnum sé skilað ef þeir þykja ekki standa sig. „Þegar starfsmenn eru látnir fara segjast stjórnendurnir ekki vera að reka þá heldur skila þeim,“ segir Oddur.

Íslensk stjórnvöld hafa aldrei kynnst starfsmannaleigunum að ráði fyrr en nú og því er kerfið hérna götótt. Oddur telur að setja þurfi skýrar reglur. Til greina komi að skylda leigustarfsmennina til heimilisfestu hér á landi en ekki sé hægt að verja mennina

### Vinnutíminn á Kárahnjúkum

Erlendir starfsmenn Impregilo vinna á 11 tíma vöktum nema í göngunum, þar eru átta tíma vaktir. Þeir eru ráðnir í fimm og hálfan mánuð og fá svo frí. Portúgalarnir fá frí í hálfan mánuð og ókeypis ferð heim. Kínverjarnir og Pakistanarnir fá 20 daga frí og ókeypis ferð heim.

Vinnuvikan er sex dagar og frí á sunnudögum. Vinnudagurinn er þannig að verkamennirnir vakna klukkan sex og eru komnir út á vinnusvæði klukkan sjö. Kaffiskúrar eru á vinnusvæðunum og kaffiaðstaða inni í göngunum. Þar er standandi kaffi og Selecta sér til þess að heitt kaffi sé alltaf á könnunni.

Íslendingarnir vinna í 28 daga og fara svo heim í vikufrí. Þetta þykir langt úthald og er talið eitt af því sem komi í veg fyrir áhuga Íslendinga á starfi hjá Impregilo. Hjá íslensku verktakafyrirtækjunum í nágrenninu vinna menn ýmist í tíu daga og fá fjögurra daga frí eða tólf daga og fá sex daga frí. Sjálfur vinnur Oddur í tíu daga og er á vakt allan sólarhringinn. Hann fær svo fjögurra daga frí.

# Hljóðbært en heldur hita

**Aðstöðu verkamanna á Kárahnjúkum er ábótavant um margt þó að hún hafi batnað mikið frá því að fyrstu tyrknesku húsunum var hróflað þar upp fyrir tæpum tveimur árum.**

Þorpið á Kárahnjúkum er snyrtilegt og því er vel við haldið að utan. Húsin eru yfirleitt hvít- eða ljósgrámáluð með bláar gluggaumgjarðir. Þorpið er prýðilega skipulagt og nóg er plássið fyrir stórar vinnuvélar, jeppa og bíla fyrir utan.

Þegar gengið er um híbýli verkamannanna kemur ýmislegt í ljós. Í tyrknesku húsunum, þar sem þorri íbúanna býr, og þá fyrst og fremst óbreyttir starfsmenn, eru útihurðir úr blikki sem auðveldlega er hægt að sveigja með handafli. Hurðirnar eru svo óþéttar að í sumum tilvikum fennir inn í forstofuna. Á hurðunum eru hurðarhúnar úr plasti og á einum neyðarútganginum hefur hurðarhúnninn brotnað að utan. Húnn er þó á hurðinni að innan. Þetta sýnir auðvitað hversu léttvægar hurðirnar eru.

### Herbergin eru hljóðbær

Rétt er að taka fram að búið er að skipta um og þétta glugga svo að ekki snjóar inn um þá og góður hiti er í húsunum. Þá er búið að setja nýtt þak ofan á það sem fyrir var eftir að allt fór á flot í fyrra. Ekki hefur borið á því síðan.

Herbergin eru hljóðbær, veggirnir eru léttir og stundum má sjá að herbergishurð fyllir ekki alveg upp í hurðaropið svo að það loftar vel að ofan og neðan. Húsgögnin í herbergjunum eru einföld, rúm og borð ásamt fataskápi. Misjafnt er hversu vel menn hafa komið sér fyrir en íbúarnir ku yfirleitt vera með sitt eigið sjónvarp inni á herbergjunum og margir eru líka með tölvurnar sínar.

Húsin eru hreinleg að innan en sum þeirra eru ansi illa farin að innan. Sums staðar má sjá ljóta veggi og jafnvel stórar holur.

Í nýjustu húsunum er hreinlætisaðstaða inni af herberginu en í flestum tilfellum er það ekki, aðeins sameiginleg aðstaða á ganginum.

### Nýr tækjasalur vel sóttur

Ekki var gert ráð fyrir setustofu í húsunum en úr því hefur verið bætt að hluta og eru nú setukrókar í öllum húsunum. Þessir krókar líta ekki vel út, húsgögnin virðast vera léleg og eru setustofurnar lítið sem ekkert notaðar, með undantekningum þó.

Impregilo rekur nýjan tækjasal sem er til fyrirmyndar og lítur afskaplega vel út. Hann er mikið sóttur. Verið er að reisa íþróttahús og eru miklar vonir bundnar við það af hálfu starfsmanna.

Tyrknesku húsin eru ekki lengur keypt að Kárahnjúkum heldur er Impregilo farið að kaupa hefðbundnar norskar vinnubúðir sem Íslendingar hafa góða reynslu af.

Ítölsku stjórnendurnir búa ekki í tyrknesku húsunum. Skipt hefur verið um stjórnendur að hluta til og koma nýju stjórnendurnir úr starfi fyrirtækisins í öðrum Evrópuríkjum. Þeir hafa reynst vel. Þetta kom fram í skoðunarferð með yfirtrúnaðarmanni fyrr í vikunni. ■




**Á GÖNGU UM ÞORPIÐ** Það er kalt í þorpinu, enda byggt upp á hálendi. Í tyrknesku húsunum eru sumar útihurðir það óþéttar að það fennir inn. Farið er að kaupa hefðbundnar norskar vinnubúðir í stað þeirra tyrknesku.



**BLIKKHURÐIR?** Blikkhurðir eru á tyrknesku húsunum og í mörgum tilfellum er plasthurðarhúnn. Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður beygir hurðina til að sýna hve fánýt hún er.



**SETUSTOFA ÍSLENSKU KVENNANNA** Eins og sjá má hafa þær komið sér vel fyrir, enda er þetta ein allra besta setustofan. Húsin eru hreinleg og vel þrifin.



**SNYRTILEG OG FALLEG SETUSTOFA** Þessi húsgögn eru dæmigerð fyrir það sem er í setustofunum. Þessi húsgögn hafa verið gagnrýnd, þau þykja hvorki þægileg né falleg.



**ODDUR FRIÐRIKSSON** Yfirtrúnaðarmaður við Kárahnjúkavirkjun telur líklegt að umbætur á félagsaðstöðu starfsmanna geti minnkað starfsmannaveltuna.

gegn réttindabrotum og brotum á íslenskum lögum og reglum nema með því að fara til Portúgals og það sé nánast óframkvæmanlegt.

**Vantar íslenska sjónvarpið**

Frístundaaðstaða hefur verið fábrotin en hún er smám saman að batna. Oddur segir að allir starfsmenn eigi það sameiginlegt að kvarta undan því að frístundamálum sé ekki sinnt nógu vel af hálfu fyrirtækisins. Frístundaklúbbur sé rekinn á svæðinu og þar sé boðið upp á pítsu, spil, diskótek og karókí á laugardagskvöldum.

Í fríinu sínu á sunnudögum geti menn skroppið til Egilsstaða og skoðað í búðir í nokkra klukkutíma. Gjarnan mætti kaupa ný leiktæki og huggulegt húsgögn í félagsmiðstöð og setukróka. Lítið sé hugsað um það.

Þá sé boðið upp á 100 sjónvarpsstöðvar en íslenska sjónvarpið sjáist illa. Starfsmennirnir hópist gjarnan nokkrir saman inni á herbergi og spili þar á spil.

Oddur segir að úrbætur í þessum efnum gætu minnkað starfsmannaveltuna.

ghs@frettabladid.is



**VISTLEGT HERBERGI** Herbergin á Kárahnjúkum eru um 8 fermetrar, sem er stórt miðað við það sem tíðkast í íslenskum vinnubúðum. Íslensk kona býr í þessu herbergi og hefur tölvuna með sér að heiman.



**FÍNT HERBERGI** Þetta herbergi er frekar ríkmannlegt og fínt miðað við herbergi erlendu verkamannanna. Þessi íbúi hefur komið sér upp sjónvarpi í herbergi sínu en það ku vera algengt.



**NÝI TÆKJASALURINN** Impregilo opnaði nýlega tækja- og þreksal á Kárahnjúkum og þykir hann einstaklega vel heppnaður og fallegur. Tækin eru úrvalsgóð enda er salurinn mikið notaður.






# Úr neðstu myrkrum mannlífsins

**Þau voru komin á botninn í fíkniefnaneyslu. Þau sprautuðu sig oft á dag eða meðan þau áttu efni. Síðan var haldið út á galeiðuna til að ná í meira. Nú eru þau í viðhaldsmeðferð á Vogi. Með Guðs hjálp og góðra manna hafa þau snúið við blaðinu og fótað sig á ný í samfélaginu. Þau eru edrú í dag. Þau segja hrikalega sögu sína hispurslaust.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BENEDIKTA OG GUÐJÓN EGILL** Saga þeirra er saga fjölmargra ópíumfíkla sem hafa það eina markmið í lífinu að ná sér í næsta skammt. En þau tvö eru nú komin vel á veg í viðhaldsmeðferð á Vogi. Það bjargaði þeim úr klóm dauðans. Vinir og kunningjar eru flestir dánir eða í fangelsi. Þau segja Vog og SÁÁ hafa bjargað lífi sínu og að í dag lifi þau með hjálp 12 sporanna í AA.

Þau Guðjón Egill Guðjónsson og Benedikta Ketilsdóttir hafa nú verið edrú í tæplega tvö og hálft ár. Það er með ólíkindum að þau hafi dvalið um árabil í neðstu myrkrum mannlífsins, svo háð ópíumfíkn sinni að tilveran snerist einungis um næsta skammt. Sprautan var eini félagi þeirra í sex fermetra kompu sem þau hírðust í og fóru ekki út nema til að ná sér í efni.

Í dag eru þau glöð og líta björtum augum á tilveruna. Þau eru venjulegt fólk, eins og ég og þú, og vinna að því að láta væntingar sínar til framtíðar rætast. Og þau eru komin vel á veg, þau reka 12 spora húsið og hún er komin í nám í Fjölbrautaskólanum í Ármúla.

„Við erum búin að vera saman í átta ár á þessu ári,“ segir Guðjón Egill. „Við vorum búin að margreyna til þrautar að vera edrú, en það gekk ekki fyrr en við fórum í viðhaldsmeðferðina og markvissa 12 spora vinnu.

Ópíumfíknin er þannig að þegar búið er að virkja ópíumstöðina í heilanum með fíkniefninu skiptir engu máli þótt maður sé edrú í marga daga. Hún kallar í sífellu á meira eitur. Þótt andann langi ekki í og maður sé orðinn ágætur á sálinni þá getur maður ekki fengist við þetta á sama hátt og alkóhólismann til dæmis.

Við vorum búin að fara í ótal meðferðir á um það bil tíu ára tímabili, fyrst í áfengismeðferð, svo voru það kannabisefni, síðan örvandi efni svo sem amfetamín, kókaín og e-töflur og svo loks fíkniefni í sprautum. Okkur hafði tekist að halda okkur edrú vikum, jafnvel mánuðum saman, en féllum alltaf aftur.“

### Róandi ofan í örvandi

Bæði hafa þau Benedikta og Guðjón Egill sömu sögu að segja. Ferlið byrjaði með saklausum fylliríum á unglingsaldri, en brátt tóku önnur fíkniefni við. Fyrst var það hassið, svo örvandi efni eins og e-töflur og amfetamín. Í kringum 1996 byrjuðu þau einnig að „fikta í kókaíni“.

„Við keyrðum okkur út á þessu örvandi í neyslunni og urðum að fá róandi því við vorum að verða geðveik, klikkuð í hausnum. Við „meikuðum“ það ekki í gegnum daginn. Þá fórum við að bryðja parkódín, síðan parkódín forte og svo enn sterkari kódeinlyf. Þetta er eins og að byrja á að fá sér einn bjór, síðan kippu, svo kassa og loks flösku.“

Svo eitt kvöld í neysluhringiðunni árið 1996 fóru þau í heimsókn til kunningjafólks sem kynnti þau fyrir sprautunni.

„Þau sprautuðu okkur í fyrsta skipti og það varð aldrei aftur snúið eftir það. Við byrjuðum á að sprauta okkur með amfetamíni og vorum „á dælunni“, eins og það er kallað, stanslaust í 9 mánuði. Við sváfum mjög lítið, vöktum yfirleitt í 7-8 daga, en duttum svo út og sváfum kannski í sólarhring. Svo var byrjað aftur á fullu. Þá var allt sett í sprautur. Við þetta breyttist allt hjá okkur. Við hættum að tala við fjölskyldurnar og gátum ekki verið í kringum annað fólk, nema kannski eitt par, það sama og kynnti okkur fyrir sprautunum.

**„Þótt við fengjum vikuskammt kláruðum við hann alltaf strax og vorum stundum á áttföldum dauðaskammti á hverjum einasta degi.“**

Fyrst vorum við bara á örvandi efnunum á þessu 9 mánaða spraututímabili, en svo fórum við að nota smávegis róandi með því, einkum kódein. Við leystum upp töflurnar og pressuðum þær í gegnum bómull í stórri sprautu og náðum kódeininu þannig úr þeim. Við fengum ítrekaðar parasetamóleitranir af þessu, þannig að við bólgnuðum öll upp og steyptumst út í útbrotum. Svo fengum við ógeð öðru hvoru og ældum alveg gríðarlega. En það gat ekkert stöðvað okkur.“

Benedikta og Guðjón Egill lýsa því hvernig þau náðu í parkódínið. Með alls konar úthugsuðum klækjum og lygum varð þeim vel ágengt. Svo kynntust þau morfínefnunum árið 1998.

„Við vorum ekkert að leita eftir morfíni og hugsuðum ekkert um það. En svo var það einhverju sinni að „díler“ var staddur hjá okkur og kynnti þetta fyrir okkur.“

### Örlagaskref

„Morfínið fékkst úr contalgintöflum, sem eru sterk verkjalyf. Á þessum tíma var það mjög lítill hópur sem notaði þetta. Við keyptum einhverjar 300 töflur á slikk í fyrsta skipti. En þetta efni náði útbreiðslu ótrúlega fljótt því „dílerinn“ seldi auðvitað fleirum. Áður en við vissum af var allt orðið morandi í contalginfíklum og ekki hægt að redda nema einni og einni pillu, sem kostaði þá allt upp í 2.500 krónur.

Á því tímabili sem við keyptum af þessum manni vorum við í rauninni í fullri vinnu fyrir hann. Hann lét okkur hafa lista yfir það sem hann vantaði, til dæmis í jólagjafir fyrir fjölskylduna. Við fórum svo á stúfana og útveguðum honum það sem hann bað um, hvort sem það voru alls konar tæki eða eitthvað annað. Svo fékk hann auðvitað mánaðarlaunin okkar.

En þar kom að við fórum að plata lækna sjálf. Stundum lugum við og lugum. Stundum lugu aðrir og seldu okkur. Kannski þurftum við ekki að plata í öllum tilvikum, því við vorum hræðilega útlítandi og nötrandi í fráhvörfum. Þetta var á þeim tíma sem morðið í Espigerðinu var framið og þá fannst lækni kannski skárra að láta okkur fá útskrifað heldur en að við færum að brjóta af okkur úti um allt. Við vorum búin að keyra okkur á kaf í neyslu. Við tókum of stóra skammta nokkrum sinnum og vorum gjörsamlega forfallnir fíklar. Það kom allt að tveggja ára tímabil sem við fórum ekkert í meðferð því við vorum svo hrædd um að láta renna af okkur. Veröldin varð grá í vímunni, í orðsins fyllstu merkingu, við misstum lyktarskynið og allt var dofið, eins og dautt.“

Benedikta og Guðjón Egill höfðu átt sína eigin fjölskyldu áður en þarna var komið sögu, tvo litla drengi. Þau voru búin að missa þá í neysluhringiðunni og allt sem viðkom samfélagslegri hegðun var í rúst. Þau voru inn og út af Vogi en ekkert gekk. Guðjón Egill þurfti að fara fjórum sinnum í fangelsi á skömmum tíma til að sitja af sér vegna afbrota. Benedikta var á götunni á meðan.

„Einhvern veginn var það nú samt þannig að við náðum alltaf að vera með eitthvert athvarf meðan á þessu stóð, eitt herbergi eða einhverjar skonsur. Áramótin 1999-2000 bjuggum við í sex fermetra kompu. Það eina sem við gerðum var að sækja lyfin til læknisins og dópa okkur upp. Þótt við fengjum vikuskammt kláruðum við hann alltaf strax og vorum stundum á áttföldum dauðaskammti á hverjum einasta degi.“

### Reyndu að snúa við

„Við reyndum að fara aftur í amfetamínið, hassið, kódeinið, brennivínið eða bara eitthvað til að losna undan morfíninu. En það gekk ekki. Það er svo mikil heljarfíkn. Óttinn við fráhvörfin er líka svakalegur. Þótt við værum í vímu að kvöldi þorðum við ekki að sofna því við vorum svo hrædd við að vakna í fráhvörfum, sérstaklega ef við áttum ekkert daginn eftir. Samt langaði okkur til að sofna meðan við gætum til að njóta hvíldarinnar, því við vorum alltaf útkeyrð.

Svo vöknuðum við með óstöðvandi hnerra, sem maður fær alltaf í þessum fráhvörfum. Við hríðskulfum, okkur var svo kalt, svo fórum við allt í einu að finna lykt, sjá liti og heyra einhver hljóð, sem við höfðum ekki heyrt áður. Eina markmiðið í lífinu var að lenda ekki í fráhvörfum því ef maður var kominn í þau þá var svo erfitt að fara út til að ná í meira þegar maður var að drepast í öllum líkamanum. Við vorum ekki búin að fara í bað í margar vikur eða mánuði heldur lágum bara þarna og sprautuðum okkur. Við fórum ekkert út nema til að redda meiri lyfjum.“

Markmið Guðjóns Egils og Benediktu á þessum tíma var aðeins eitt. Að forðast fráhvörfin. Með öllum ráðum. Þau gerðu með sér samkomulag. Ef þau yrðu tekin, þá myndi Guðjón Egill taka sökina á sig.

**„Við vorum alveg hætt að geta sprautað okkur sjálf,“ segir hún. „Ég þurfti að leggjast í eins heitt bað og ég þoldi og liggja þar meðan æðarnar tútnuðu út.“**

„Ópíumfíknin er svo lúmsk að oft hugsuðum við að nú væri best að fara út og ná sér í risaskammt til að þurfa ekki að útvega sér strax aftur. „Gerum eitthvað stórt,“ hugsuðum við,“ sækjum tölvu, MP3-spilara eða eitthvað verðmætt, náum okkur í efni og sloppum svo af.“ Svo gerðum við þetta en skammturinn sem átti að endast í þrjá daga var búinn um kvöldið. Maður getur ekki haldið í við sig. „Kikkið“ er þannig að allar heimsins áhyggjur, spennan í líkamanum, þetta fer allt. Meir að segja ristillinn hættir að starfa. „Kikkið“ er svo rosalegt að maður er alltaf að reyna að fá það aftur, sprautar sig í sífellu og tekur alltaf stærri og stærri skammta. Svo situr maður bara og klórar sér til að reyna að finna einhverja tilfinningu í öllum doðanum.“

Guðjón Egill segir að einhverju sinni hafi þau þó verið vel birg af efnum, sem þau töldu að myndu endast í nokkra daga. En þær birgðir gengu fljótt til þurrðar.

### Sprautaði hana sofandi

„Ég sat bara allan daginn og bjó til nýjan skammt, sprautaði mig, bjó til næsta og sprautaði mig,“ heldur hann áfram og virðist sjálfur eilítið undrandi eftir á þegar hann rifjar þetta upp. „Benedikta hafði lognast út af, af neyslunni, en ég sprautaði hana þá bara sofandi. Ég gleymdi því jafnóðum að hún var nýbúin að fá skammt.“

Stöðug sprautunotkun var nú farin að hafa afleiðingar hjá Benediktu og Guðjóni Agli. Æðarnar voru orðnar út- og gegnumstungnar og það varð æ erfiðara fyrir þau að koma efninu í sig, sérstaklega Benediktu.

„Við vorum alveg hætt að geta sprautað okkur sjálf,“ segir hún. „Ég þurfti að leggjast í eins heitt bað og ég þoldi og liggja þar meðan æðarnar tútnuðu út. Það gat tekið allt upp í tvo tíma að finna nothæfa æð. Síðan sprautaði Guðjón Egill mig ofan í baðinu. Áður þurfti ég að vera búin að sprauta hann, svo hann gæti aðstoðað mig, því hann var búinn að eyðileggja allar sínar æðar sem hann náði í. Ég sprautaði hann í æðarnar aftan við olnboga. Óttinn við fráhvörfin og spennan urðu til þess að líkaminn spenntist upp og það varð enn erfiðara að ná í æðarnar. Það var eins og þær flýðu undan nálinni og yrðu blóðlausar.“

Þannig liðu vikur og mánuðir í lífi Benediktu og Guðjóns Egils, án dags og nætur. Svo kom að því sem hlaut að gerast fyrr eða síðar. Benedikta fékk sýkingu og minnstu munaði að hún léti lífið.

„Ég var búin að sprauta mig svo mikið og oft út fyrir æðarnar og hafði fengið gríðarlegar sýkingar. Einhverju sinni lenti Guðjón Egill í krampa af of stórum skammti og ég þurfti að hringja á sjúkrabíl til að ná í okkur. Í sjúkrabílnum var alveg að líða yfir mig. Ég gat ekki hreyft hendurnar því þær voru orðnar svo stokkbólgnar vegna mikilla og langvarandi sýkinga. Ég gat ekki lagt þær að síðunum. Þegar við komum á bráðadeildina var ég samstundis lögð inn og læknarnir sögðu mér að engu hefði mátt muna að bakteríurnar kæmust í hjartað. Þá hefði ég dáið.“

(FRAMHALD Á SÍÐU 36)

# LOKSINS ALVÖRU ÚTSALA

## TAKTU FORSKOT Á SUMARIÐ

### CharBroil CB8000



Verð áður 54.114 kr.
**Nú aðeins 39.000 kr.**

### CharBroil CB5000



Verð áður 24.900 kr.
**Nú aðeins 9.900 kr.**

### Pallahitari



Verð áður 39.190 kr.
**Nú aðeins 27.900 kr.**

### Gasofn fyrir fortjald



Verð áður 17.900 kr.
**Nú aðeins 12.900 kr.**

### Super Ser gasofn



Verð áður 16.700 kr.
**Nú aðeins 9.900 kr.**

ELLINGSEN

**Opið virka daga 8-18, laugardag 10-16 og sunnudag 12-16.** GRANDAGARÐI 2 – REYKJAVÍK – SÍMI 580-8500

(FRAMHALD AF SÍÐU 34)

### Fór með „fix“ á spítalann

Benedikta var í tvo daga á spítalanum, rétt á meðan mesta bólgan var að hjaðna. Svo var hún farin, enda ekkert að hafa þar nema róandi töflur, sem komu að litlu haldi í niðurferðinni.

„Ég kom daginn eftir að hún lagðist inn með „fix“ fyrir hana,“ segir Guðjón Egill. „Hún var með æðalegg til að setja lyf í og ég sprautaði bara í hann.“



Þau tvö héldu alltaf saman í gegnum öll þessi ár, þótt ótrúlegt megi virðast. Þau segja að þau hafi notast hvort við annað í allri neyslunni og miklu betra hefði verið að vinna saman í afbrotum heldur en að vera einn á báti. Sá sem væri í neyslu bilaðist á endanum ef hann væri alltaf einn.

Þau höfðu frétt að farið væri að bjóða upp á viðhaldsmeðferð á Vogi. Árið 1999 ákváðu þau að prófa hana. Þau fengu lyf, en féllu.

„Við reyndum að sprauta okkur með því, en það gaf ekki neina vímu. Í þetta skipti gerðum við alls ekki allt sem átti að gera. Við fórum ekki í AA – samtökin af neinni alvöru, né hófum eigið uppbyggingarstarf sem er hluti af meðferðinni.“

> „Við hefðum dáið, eins og allir hinir kunningjarnir, ef við hefðum ekki hætt.“

Svo árið 2001 ákváðu þau að gera allt sem þau gætu til að taka á sínum málum, enda orðið um líf eða dauða að tefla. Verulega hafði fækkað í kunningjahópnum því fíklarnir voru að deyja hver af öðrum. Þau segja að starf AA – samtakanna hafi þá verið búið að taka miklum breytingum hér á Íslandi. Menn hefðu verið farnir að nota markvisst 12 spora kerfið. Þau fóru í viðhaldsmeðferð á Vogi og urðu virk í AA.

„Lyfið sem gefið er í meðferðinni blekkir ópíumstöðina, þannig að fíknin er ekki til staðar,“ segja þau og segjast hafa vonað af öllu hjarta að þau væru nú sloppin. En Benedikta féll og Guðjón Egill líka.

„Það hafa alltaf verið raddir úti í samfélaginu, til dæmis hópur í AA-samtökunum sem hafa verið að reyna að fá okkur til að hætta í viðhaldsmeðferðinni. Þetta fólk vill skilgreina lyfið sem við tökum sem vímugefandi lyf, sem það er alls ekki. Ég var búin að vera edrú í átta mánuði þegar ég lét undan þessu fólki, sem er lítill en háværhópur,“ segir hún. „Það var sífellt að tala um að ég væri ekki edrú af því að ég tæki lyfið og ég gæti alls ekki eignast andlega gott líf meðan ég væri á því. Ég hætti, en það leið ekki nema mánuður, þá var ég komin í morfínneyslu aftur. Ég hafði þá fyllst af alls konar ranghugmyndum og þráhyggju. Ég gerði þetta án samráðs við lækna og því fór sem fór. Þetta er stórhættulegur hópur þeim sem taka einhver lyf til að koma sér á réttan kjöl í lífinu.“

### Risastór misgjörðalisti

Guðjón Egill og Benedikta voru í harðri neyslu í viku. Þau voru fimm sem héldu hópinn þá. Einn félaginn tók of stóran skammt skömmu síðar og dó, annar var myrtur af öðrum morfínfíkli og sá þriðji situr nú í fangelsi fyrir meiri háttar afbrot. Þau tvö hringdu á Vog eftir vikuna, fengu að koma strax inn og var veitt aðstoð. Eftir stutt tímabil í edrúmennsku stofnuðu þau 12 spora húsið í nóvember 2002, sem þau reka nú. Þau leggja allt sem þau geta af mörkum til að hjálpa þeim sem lentu á grýttu lífsbrautinni. Þau hafa reynsluna. Meðferðin sem þau bjóða upp á annars vegar er fyrir fólk sem liggur inni, en þar er pláss fyrir 20 manns. Þá bjóða þau upp á prógramm alla virka daga fyrir hádegi. Þangað geta allir komið sem vilja og tekið þátt. Loks reka þau göngudeild fyrir hádegi. Þau fá styrki til að fjármagna starfsemina, meðal annars frá Reykjavíkurborg, auk þess sem þeir sem eru inniliggjandi greiða ákveðna upphæð á mánuði. Markmið starfseminnar er að hjálpa fólki til að stöðva neysluna og snúa lífinu til betri vegar aðallega með aðstoð 12 spora kerfisins. Þau segjast hafa náð ótrúlegum árangri með skjólstæðinga 12 spora hússins og eru að vonum ánægð.

„Við fengum rosa kraft í lífið okkar þegar við fórum að vinna með 12 spora kerfinu og gera eitthvað róttækt í andlegum málefnum okkar,“ segir Guðjón Egill. „Við skrifuðum risastóran lista með öllu því sem við höfðum gert rangt gagnvart öðrum, bæði veraldlega, líkamlega og andlega. Þegar við lítum til baka erum við fyrst og fremst undrandi á hve mikil geðveiki var í þessu öllu saman.“

„Við erum fyrst núna að sjá bilunina,“ bætir Benedikta við. „Svo eru margir hlutir sem við erum ekki alveg búin að vinna úr. Við misstum báða strákana frá okkur. Sá eldri er kominn til okkar aftur frá foreldrum mínum, en sá yngri er hjá föður Guðjóns Egils og stjúpu. Við erum þeim innilega þakklát fyrir alla hjálpina með strákana. Þau björguðu lífi þeirra. Það fer ekki úr huga mér í dag hve fegin ég er að við skyldum hafa sloppið úr klóm dauðans. Það kemur aldrei upp núna að ég leiði hugann að því að fara aftur í neyslu.“

Þeim er mikið niðri fyrir þegar talið berst að þeirri ströngu vinnu sem þau standa nú í.

„Þegar maður kemur út úr meðferðinni þá hefst vinnan við að hreinsa til í lífi sínu,“ segir Guðjón Egill. „Maður verður að hreinsa allt út úr hausnum á sér, ekki það sem aðrir hafa gert MÉR, heldur það sem ÉG er búinn að gera öðrum. Og maður verður að bæta fyrir það. Við erum búin að sjá alltof marga sem hafa verið með okkur í brennivíninu, hassinu, amfetamíninu og svo framvegis, sem fara hálfa leið í þessum efnum, en hætta svo – og falla.“

### Vinir og kunningjar dánir

Þau segja það gríðarlega mikið fagnaðarefni að fá að upplifa það að vera frjáls.

„Við hefðum dáið, eins og allir hinir kunningjarnir, ef við hefðum ekki hætt. Á því tímabili sem við höfum verið í þessu hafa dáið á milli 20 og 30 manns. Þar af voru 7 – 8 nánir vinir. Þeir voru að taka of stóra skammta. Langt gengnir fíklar eiga svo stutta ævi ef þeir ekki hætta. Það þolir enginn til lengdar þessa gríðarlegu vanlíðan sem étur mann upp. Þetta fólk deyr ef það heldur áfram í neyslu. Það er ótrúlegur fjöldi af sprautufíklum þarna úti. Við eigum fullt af vinum þarna sem eru enn þá að þjást. En þeir eru ekki eins heppnir og við, að geta komist inn í viðhaldsmeðferðina á Vogi og náð að fóta sig aftur. Þeim eru öll sund lokuð ef Vogur neyðist til að loka á frekari inntökur í meðferðina vegna fjárskorts. Það er talað um að meðferðin sé dýr. Ein vika hjá okkur í neyslunni var pottþétt tíu sinnum dýrari heldur en eitt ár í meðferðinni. Þá erum við bara að tala um í búðunum. Þá eru ótalin tímabilin í fangelsi, ofbeldisverk og annað sem kemur fram sem beinn kostnaður fyrir þjóðfélagið. Þessi sparnaður er eins og að dæla úr bensíndælu en tíma ekki að kaupa brúsann undir bununa.“



Guðjón Egill og Benedikta segja að þeim líði óskaplega vel í dag. Þau eru komin vel á veg með að byggja líf sitt upp að nýju. Þau eru í góðu og þéttu sambandi við foreldra sína, ömmur og afa. Þau vinna af krafti við að hjálpa öðrum sem leita til þeirra í 12 spora húsið. Benedikta er komin í nám í Fjölbraut í Ármúla.

„Við erum svo rosalega glöð að vera edrú. Við eigum heimili. Við erum fjölskylda og hluti af stærri fjölskyldu. Við eigum orðið marga mjög góða og trausta vini í AA – samtökunum. Við eigum líf.“

jss@frettabladid.is

# Fólk er algerlega án vímu

**Viðhaldsmeðferð ópíumfíkla á Vogi er í sjálfheldu vegna fjárskorts. Ekki er hægt að taka inn nýja fíkla. Einhverjir trúa því að þarna sé fólki haldið í „hæfilegri“ vímu frá degi til dags. Það er rangt, segir yfirlæknirinn, sem leiðir lesendur í allan sannleika um meðferðina.**

Það varð uppi fótur og fit í þjóðfélaginu seint á síðasta áratug þegar upp komu hugmyndir um svokallaða viðhaldsmeðferð ópíumfíkla. Umræðan sú litaðist af vanþekkingu á eðli meðferðarinnar og markmiðum. Margir töldu það hreint ekki í verkahring heilbrigðiskerfisins að dæla dópi í „dópista“ til þess að þeim liði betur. Það myndi jafnvel freista enn fleiri að feta þennan grýtta veg og ólíklegt væri að nokkurn batnaði á því að fá „ókeypis dóp“.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, hóf ásamt starfsfólki sínu viðhaldsmeðferðir fyrir ópíumfíkla árið 1999. Nú eru 40 sjúklingar í slíkri meðferð. Um 30 þeirra eru í nokkuð góðum málum, en hinir 10 hafa verið skemur í meðferðinni og eru styttra á veg komnir. En í heildina hefur orðið bylting í lífi þessa fólks eftir að það hóf viðhaldsmeðferðina á Vogi.

„Þetta er fólk sem er að koma af skilorði, ljúka afplánun í fangelsum, fara aftur í vinnu, taka upp sambúðir aftur sem hafa slitnað, taka við uppeldi barna sem hefur rofnað og endurhæfast félagslega hægt og rólega meðan það er í viðhaldsmeðferðinni,“ sagði Þórarinn spurður um hverju hún hefði breytt fyrir þann hóp ópíumfíkla sem nú fær lyf og meðferð á Vogi. „Síðan hætta menn kannski að lokinni langri meðferð eða þá að ekki þykir ástæða til að breyta um, þannig að menn eru í öllu falli orðnir starfhæfir og í góðu formi eins og sagt er.“

### Vandlega metið

Þórarinn sagði það vandlega metið áður en meðferðin hefðist hvort hún kæmi yfir höfuð til greina fyrir viðkomandi fíkil. Hún hentaði alls ekki öllum.

„Hún kemur fyrst og fremst til greina fyrir þá sem lengi hafa verið í slíkri neyslu og hafa reynt aðrar meðferðarleiðir. Viðhaldsmeðferð getur ekki orðið nema til staðar sé ríkur samstarfsvilji af hendi sjúklings. Ef matið reynist jákvætt er viðkomandi sjúklingur settur á þau lyf sem notuð eru og síðan fer hann í endurhæfingu annað hvort á Staðarfell eða á Vík.

> „Þetta er fólk sem er að koma af skilorði, ljúka afplánun í fangelsum, fara aftur í vinnu, taka upp sambúðir aftur sem hafa slitnað, taka við uppeldi barna sem hefur rofnað og endurhæfast félagslega hægt og rólega meðan það er í viðhaldsmeðferðinni.“

Eftir meðferðina eru sjúklingurinn í mjög skipulögðu meðferðarsambandi við Vog í ár eða svo. Hann þarf að sækja lyfin sín reglulega og er jafnframt í stöðugu sambandi við lækna og starfsfólkið.“

Spurður um hvers konar lyf væri notuð í viðhaldsmeðferðinni sagði Þórarinn að um væri að ræða lyf sem í væri ópíumefni. Það væri í töfluformi og í töflurnar væri blandað andefni við ópíum sem gerði það að verkum að ekki væri hægt að sprauta lyfinu í æð, því það væri ekki til neins.

„Lyfjafræðilega er erfitt að útskýra þetta fyrir leikmönnum, en lyfjafræðin gerir það að verkum að hægt er að meðhöndla ópíumfíkn með lyfjum að einhverju leyti. Það er það sem málið snýst um. Sjúklingarnir eru eðlileg, rétt eins og annað fólk, hvorki í vímu né fráhvörfum. Tilfinningaviðbrögð þeirra eru eðlileg að þessu leyti og það er ekki hægt að finna út að heilastarfsemi þeirra sé skert. Þeir hafa sömu hæfileika og aðrir til annarra hluta. Þeir geta til að mynda alið upp börn og ekið bílum vandræðalaust. Svona viðhaldsmeðferð er ekki til við annarri fíkn. Þessi meðferð varð til fyrst og fremst vegna sérstakra eiginleika þeirra lyfja sem notuð eru.“

### Árangur meðferðar

Spurður að því hvernig þessu fólki reiði svo af, hvort það losni undan fíkninni eða þurfi að nota viðhaldslyfin til frambúðar, sagði Þórarinn að oft væri meðferðin lögð upp þannig að hún væri ófyrirséð. Fremur væri reiknað með því að fólk væri á lyfjunum í langan tíma.

„Það hendir þó flesta, líklega um 80 prósent af sjúklingunum, að þeir óski eftir því sjálfir að losna af lyfjunum. Þá verður að meta hvort það er tímabært og áhættunnar virði að leggja í það. Þannig hafa einhverjir hætt viðhaldsmeðferð eftir langan tíma og eru án lyfja. Þessa sjúklinga má telja á fingrum annarrar handar.

En hinir, sem eru búnir að vera lengi í viðhaldsmeðferð hjá okkur, eru í góðu jafnvægi og í góðum bata, eru um þrjátíu talsins. Þeim virðist ganga vel. Tíu manns eru að jafna sig og ná jafnvægi í meðferðinni. Þarna er fólk sem hefur verið á alls konar sjúkrastofnunum eða í sérstökum meðferðum, en er nú farið að taka þátt í samfélaginu, starfa og lifa í sátt og samlyndi við aðra þjóðfélagsþegna.“

jss@frettabladid.is



**VIÐHALDSMEÐFERÐ** Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að viðhaldsmeðferð ópíumfíkla hafi skilað miklum og dýrmætum árangri.

# 3 fyrir 2

**Kauptu þrjár vörur en borgaðu fyrir tvær!***




# ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!!!!

***Hámark 12 vörur á mann! Gildir til laugardagsins 29. janúar.**

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

**Faxafeni 12** Reykjavík, Opið 10 - 18 virka daga og 10 - 16 laugardaga. Opið **þennan eina sunnudag**, 21. janúar, frá 13 - 17

# sport

sport@frettabladid.is

**Við óskum ...**

Keflvíkingum til hamingju með Evrópuævintýrið sem lauk í fyrrakvöld. Keflavíkurliðið náði betri árangri en árið áður og þrátt fyrir að liðið hafi ekki komist lengra en í fyrra þá hafa Keflvíkingar með metnaði sínum aukið hróður íslensks körfubolta.



*„Ég vil samt ekkert gera stórmál úr þessu og ég trúi ekki öðru en að hægt sé að leysa þetta mál í bróðerni.“*

**Haukur Ingi Guðnason er ekki að erfa það að læknamistök kosti hann það að hann missi af sínu öðru tímabili í röð.**



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 21 **22** 23 24 25

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.30 **FH** og **Valur** mætast í Kaplakrika í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.00 **Laugdælir** og **Grindvíkingar** mætast á Laugarvatni í undanúrslitum Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í kvennaflokki í körfubolta.
- 15.00 **Fylkir** og **Valur** mætast í Egilshöllinni í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta.
- 16.15 **KS** og **Huginn** mætast í Boganum í Powerade-mótinu í fótbolta.
- 16.15 **Hamar/Selfoss** og **Fjölnir** mætast í Hveragerði í undanúrslitum Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í karlaflokki í körfubolta.
- 16.30 **Stjarnan** og **Víkingur** mætast í Ásgarði í DHL-deild kvenna í körfubolta.
- 17.00 **Fram** og **Fjölnir** mætast í Egilshöllinni í Reykjavíkurmóti karla í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 11.10 **Enski bikarinn** á Sýn. Útsending frá leik **Exeter** og **Manchester United** í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- 12.00 **Upphitun** á Skjá einum.
- 12.40 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Southampton** og **Liverpool** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **West Brom** og **Manchester City** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 16.10 **Bikarkeppnin í körfubolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hamars/Selfoss** og **Fjölnis** í Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í körfubolta.
- 17.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **West Brom** og **Manchester City** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Racing Santander** í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 20.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi 2005** á Sýn. Bein útsending frá **Buick Invitational-mótinu** á bandarísku mótaröðinni í golfi.
- 23.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Antonio Tarver** og **Glen Johnson**.

# Okkar riðill er spurningarmerki

**Alfreð Gíslason telur nánast ómögulegt að spá fyrir um lyktir í riðli Íslands á HM í Túnis. Liðin í riðlinum séu mikið breytt og Ísland geti allt eins endað í fjórða sæti eins og því fyrsta.**

**HANDBOLTI** Heimsmeistaramótið í handbolta hefst í Túnis á sunnudag og fyrsti leikur Íslendinga er gegn Tékkum. Fréttablaðið hafði samband við einn virtasta handboltaþjálfara heims, Alfreð Gíslason, þjálfara Magdeburg, og fékk hann til þess að meta andstæðinga íslenska liðsins og möguleika Íslands á mótinu. Alfreð þekkir vel til alþjóðaboltans enda þjálfað lengi erlendis.

„Ég held að við höfum verið mjög heppnir með riðil að þessu sinni. Þetta er þannig riðill að við getum vel lent í fjórða sæti og við getum einnig verið að berjast á toppnum. Leikirnir gegn Alsír og Kúveit eiga að vera auðveldir enda eiga þeir ekki burðug lið þar á ferðinni. Það er því ljóst að Ísland, Rússland, Slóvenía og Tékkland munu berjast um þrjú efstu sætin,“ sagði Alfreð en hann telur að opnunarleikurinn gegn Tékkum geti verið lykilleikur fyrir Ísland.

„Tékkar eru með mjög seigt lið og þeir eru í mikilli sókn en við eigum samt að vera með sterkara lið en þeir. Sá leikur getur ráðið miklu um framhaldið. Slóvenarnir unnu Þjóðverja tvisvar um daginn en þeir leikir voru ekki alveg marktækir. Það voru slóvenskir dómarar í leikjunum og Þjóðverjar voru mun betri í þeim báðum að því er mér skilst. Dómararnir tóku leikina að móti í sínar hendur og það gekk svo langt að Þjóðverjar íhuguðu alvarlega að ganga af velli,“ sagði Alfreð og bætti við að Slóvenar væru ekki jafn sterkir núna og þeir hefðu verið á síðustu mótum.

„Þeir verða án Renato Vugrinec, sem er að spila hjá mér í Magdeburg. Hann hefur átt erfitt uppdráttar hjá okkur í vetur og hefur því ákveðið að hvíla sig. Hann vill frekar einbeita sér að því að komast í betra form hjá okkur. Svo er Ales Pajovic sem leikur með Óla Stefáns á Spáni einnig fjarri góðu gamni en hann og kona hans eiga von á barni og hann gaf því ekki kost á sér. Þeir eru samt með mjög sterkt lið og ég tel að þeir séu með ívið sterkara lið en Íslendingar.“



**ALFREÐ GÍSLASON** Spáir því að Frakkar eða Króatar verði heimsmeistarar í handbolta. Fréttablaðið heyrði í Alfreð um komandi Heimsmeistarakeppni í Túnis. Fréttablaðið/Pjetur

Rússneska liðið er stórt spurningamerki enda hafa Rússar loksins skipt um þjálfara og yngt upp liðið. Það er aðeins einn leikmaður í rússneska hópnum sem leikur utan Rússlands en það er hornamaðurinn Eduard Koksharov sem spilar með Evrópumeisturum Celje Lasko.

„Liðin í okkar riðli eru eitt spurningarmerki og við erum þar ekkert undanskildir. Rússarnir eru loksins komnir með nýjan þjálfara og hafa yngt upp og skal svo sem engan undra því helmingurinn af liðinu var kominn yfir fertugt.

Margir segja að fyrrverandi þjálfari liðsins, Maximov, sem ræður öllu í rússneska boltanum, sé að gefa hinum tækifæri á þessu móti þar sem þeir gætu fengið skell og svo ætli hann að taka við liðinu aftur,“ sagði Alfreð Gíslason, sem telur Frakka og Króata líklegasta til þess að verða heimsmeistara.

henry@frettabladid.is




## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Intersportdeild karla*

GRINDAVÍK–SKALLAGRÍMUR 98–92

**Grindavík:** Darrel Lewis 30 (12 frák., 8 stoðs., 2 stolnir, 3 varin.), Terrel Taylor 27 (8 frák.), Páll Axel Vilbergsson 18, Taron Barker 9, Helgi Guðfinnsson 7, Pétur Guðmundsson 4, Morten Szmiedowicz 3.

**Skallagrímur:** Jovan Zdravevski 21, George Byrd 20 (18 frák., 2 varin), Ragnar Steinsson 18 (5 frák., 7 stoðs.) Clifton Cook 16 (13 stig í 1. leikhluta) (5 stoðs.), Hafþór Gunnarsson 14, Ari Gunnarsson 3.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 13 | 10 | 3 | 1157–1012 | 20 |
| **Snæfell** | **14** | **10** | **4** | **1228–1144** | **20** |
| NJARÐVÍK | 14 | 9 | 5 | 1295–1125 | 18 |
| **Fjölnir** | **14** | **9** | **5** | **1309–1256** | **18** |
| SKALLAGR. | 14 | 8 | 6 | 1222–1184 | 16 |
| **ÍR** | **14** | **8** | **6** | **1275–1241** | **16** |
| KR | 14 | 7 | 7 | 1231–1207 | 14 |
| **Grindavík** | **14** | **7** | **7** | **1277–1291** | **12** |
| HAM./SELF. | 14 | 6 | 8 | 1274-1330 | 12 |
| **Haukar** | **13** | **4** | **9** | **1097–1108** | **8** |
| TINDASTÓLL | 14 | 4 | 10 | 1158–1303 | 8 |
| **KFÍ** | **14** | **1** | **13** | **1156–1478** | **2** |

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM



**Robbie Savage** segist hugsa forráðamönnum Birmingham þegjandi þörfina þessa dagana og segist feginn því að vera á leið frá félaginu. **Savage** segir þá hafa farið illa með sig í kjölfar þess að hann bað um að fá að fara frá félaginu. „Þeir létu mig æfa með varaliðinu og unglingaliðinu eins míns liðs. Ég hef verið mjög áhyggjufullur og léttist um nokkur kíló af áhyggjum yfir framtíð minni,“ sagði knattspyrnumaðurinn umdeildi.



**Damien Duff**, leikmaður Chelsea og írska landsliðsins, telur komu **Arjen Robben** inn í Chelsea-liðið vera lykilinn að velgengni þess undanfarið. „Við sættum gagnrýni fyrir að skora ekki nóg af mörkum og þegar Robben kom inn eftir meiðsli kom hann með gífurlegan kraft og reyndist liðinu sannkölluð vítamínsprauta. Hann hefur að mínu mati öðrum fremur verið maðurinn sem kom okkur í þessa góðu stöðu í deildinni,“ sagði **Duff**.



**Frakkinn Emanuel Petit** hefur ákveðið að leggja knattspyrnuskóna á hilluna eftir að aðgerð sem hann fór í vegna meiðsla heppnaðist ekki sem skyldi. **Petit**, sem er 34 ára, hefur átt farsælan knattspyrnuferil og lék á sínum tíma með liðum eins og Arsenal, Chelsea og Barcelona. Þá er landsliðsferill kappans ekki síður glæsilegur, en hann náði þeim frábæra árangri með Frökkum að verða bæði Evrópu- og heimsmeistari.



**Andrei Kirilenko**, eða AK-47 eins og hann er kallaður, er farinn að æfa á ný með liði Utah Jazz eftir að hafa verið frá í 2 mánuði vegna hnémeiðsla. Utah-liðið hefur verið heillum horfið án Rússans sterka og hefur hrapað hratt niður töfluna í NBA. **Kirilenko** er einn af fjölhæfari leikmönnum deildarinnar og hefur meðal annars varið fleiri skot að meðaltali í leik en nokkur annar í deildinni í ár.

**Ken Bates**, fyrrum eigandi Chelsea, hefur keypt Leeds United, sem hefur verið í miklum fjárhagsvandræðum síðustu ár og hefur fallið úr úrvalsdeildinni og þurft að selja alla sína bestu leikmenn. Þetta þykja góð tíðindi á Elland Road þar sem menn eru orðnir leiðir á kreppuástandinu og þykir víst að **Bates** muni blása nýju lífi í hið fornfræga félag.



**Körfuknattleikslið Keflavíkur** er úr leik í Evrópukeppninni eftir tap gegn svissneska liðinu Olympic Fribourg, 85-93, í Keflavík á fimmtudagskvöld. Leikurinn var síðari viðureign félaganna en Suðurnesjamenn töpuðu fyrri leiknum ytra, einnig með 8 stiga mun. Tapið var nokkur vonbrigði en engin ástæða er fyrir Keflvíkinga að hengja haus því þeir stóðu sig frábærlega í keppninni og verður liðið ekki árennilegt þegar kemur að úrslitakeppninni hér heima í vor.

**Fjölnismenn** ætla að bjóða upp á fríar rútuferðir á undanúrslitaleik liðsins í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar en hann er gegn Hamar/Selfoss og fer fram í Hveragerði í dag. Rútunar leggja af stað frá Íþróttamiðstöðinni í Dalhúsum klukkan 14.30 og má búast við góðri mætingu enda er þetta stærsti leikur í sögu Fjölnis. Leikurinn hefst síðan klukkan 16.15 en sigurvegarinn kemst í úrslitaleikinn í Höllinni 13. febrúar.


STÓRÚTSALAN
Í FULLUM GANGI!
MÚSÍK
Idol Stjörnuleit
299kr.
our love
999kr.
PORTAMI VIA
799kr.
1.299kr.
BRIDGET JONES
1.499kr.
Ave Maria
999kr.
499kr.
1.499kr
Lost In Translation
999kr.
28 DAYS LATER
999kr.
DVD
1.299kr.
1.699kr.
TODMOBILE
SINFONIA
1.299kr.
TERMINATOR
999kr.
SCHWARZENEGGER
THE TERMINATOR
999kr.
24
Áður á 6.499kr.
2.999kr.
70 SPILIÐ
2.999kr
30-90% afsláttur af afsláttarvörum!
10% afsláttur af öðrum vörum við kassa.
S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )
LEIKIR • MÚSÍK • DVD • LEIKIR • MÚSÍK • DVD • MÚSÍK • DVD • LE
Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is
Birt með fyrirvara um ritvillur og myndbrengl - TURNINN


Við á hársnyrtistofunni Ónix bjóðum Kolbrúnu velkomna til starfa.

Allir gamlir og nýir viðskiptavinir velkomnir.

Ónix · Laugavegi 101 · S.551 6160 ONIX




| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Náttföt | ~~4490 kr.~~ | 1990 kr. |
| Flísgalli | ~~6990 kr.~~ | 3990 kr. |

CHANGE SMÁRALIND Sími 517 7007








2005 Strætó bs

DEKKJAMAÐUR óskast

Strætó bs. vantar starfsmann til að sjá um hjólbarða á vögnum sínum.

Starfsmaður þarf að hafa reynslu. Boðið er upp á góða starfsaðstöðu og sjálfstæði í starfi.

Nánari upplýsingar gefur Óli Ásgeirsson yfirverkstjóri í síma 540-2735/660-2332.







# STUÐ MILLI STRÍÐA | Berjist til síðasta manns!

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM VÆNTINGAR TIL HANDBOLTALANDSLIÐSINS.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nú er karlalandsliðið í handbolta að hefja keppni á enn einu stórmótinu og væntingarnar eru hverjar? Ekki miklar, samkvæmt handboltaspekingum. Hinn nýráðni þjálfari, Viggó Sigurðsson, er með frekar ungt lið í höndunum sem hefur ekki mikla reynslu af alþjóðlegum stórmótum. Inni á milli leynast þó gamlir refir eins og Ólafur Stefánsson og Dagur Sigurðsson sem búa yfir mikilli reynslu. Ekki er þó búist við allt of góðum árangri liðsins, enda hópurinn talinn lakari en oft áður.

Að mínu mati skiptir það ekki máli hvort væntingar almennings varðandi sæti landsliðsins á stórmóti eru miklar eða litlar. Svo lengi sem strákarnir okkar leggja sig alla fram í leikjunum og gefast aldrei upp, sama á hverju gengur, mega þeir alveg eins lenda í síðasta sæti. Aðalmálið er að þeir berjist til síðasta manns, eins og þeir eiga alltaf að gera er þeir spila fyrir land og þjóð. Þetta eru væntingarnar sem ég geri til landsliðsins og þær eiga að duga. Það skiptir mig minna máli hvort þeir komist upp úr riðlinum, verði á meðal sex efstu, eða hvað það nú er, þó svo að auðvitað væri það skemmtilegast.

Margoft hafa Íslendingar búist við því að landsliðið gæti loksins náð medalíu á hinu og þessu stórmótinu. Svo virðist sem strákarnir hafi orðið fyrir áhrifum af þessum væntingum því í hvert skipti sem þær hafa verið miklar hafa þeir klikkað allsvakalega. Væntingar eiga samt ekki að hafa áhrif á þessa leikmenn. Það á að vera nóg áskorun fyrir þá að berjast eins og ljón fyrir land og þjóð og sjá síðan hvað gerist.

Það er í það minnsta ljóst að ég mun fylgjast spenntur með fyrir framan sjónvarpið og ef strákarnir standast ekki mínar væntingar, og vonandi þjálfarans, eru þeir ekki verðugir þess að vera í landsliðinu. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




DRAGÐU ÚR HRAÐANUM!
Himinn og haf / SÍA – 9040698
UMFERÐIN
SNÝST UM
LÍF!
Með hraðakstri stofnar þú lífi þínu og annarra í stórfellda hættu.
Dragðu úr hraðanum áður en þú verður einhverjum að aldurtila – það verður ekki aftur tekið.
UMFERÐARSTOFA

# götu markaður verðhrun

nú á allt að seljast

Á meðan birgðir endast
Fyrstur kemur fyrstur fær

Nýtt kredit-kortatímabil

# 50% afsláttur*

af allri útsöluvöru við kassa

## Verðdæmi

| Verð áður | götumarkaðs-verð | afsláttur |
|---|---|---|
| ~~999~~ | 500 | 50% |
| ~~1.499~~ | 750 | 50% |
| ~~1.999~~ | 1.000 | 50% |
| ~~2.499~~ | 1.250 | 50% |
| ~~3.999~~ | 2.000 | 50% |
| ~~4.999~~ | 2.500 | 50% |

*af upprunalegu verði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

www.hagkaup.is

LEIKSÝNING



**ÞURFTU AÐ SPYRJA SIG STÓRRA SPURNINGA** Leikritið Ég er ekki hommi verður frumsýnt í Loftkastalanum í kvöld.

# Hlátur sem bragð er að

„Ég hef óskaplega gaman af því að fá fólk til að hlæja að því sem það vill ekki hlæja að," segir bandaríska leikskáldið Daniel Guyton á heimasíðu sinni.

Hann hefur skrifað kolsvört gamanleikrit um óþægilega hluti sem flestir forðast að hugsa mikið um, hvað þá hlæja að. Eitt leikritið fjallar til dæmis um líkskoðara sem hikar ekki við að misnota hina látnu kynferðislega, annað fjallar um fjóra unglingspilta sem ætla að gera skotárás á skólann sinn, og eitt þeirra fjallar um fimmtán ára ólétta stelpu sem á þroskaheftan föður.

Í kvöld verður frumsýnt eftir hann í Loftkastalanum leikritið Ég er ekki hommi, sem fjallar um býsna óspennandi mann sem á akfeita konu. Þau búa við hliðina á tveimur hommum, sem eru svo hamingjusamir að maðurinn kemst ekki hjá því að heillast af lífsmáta þeirra, þrátt fyrir djúpstæða fordóma sína gagnvart samkynhneigð.

Tilgangur Guytons er þó engan veginn sá einn að ganga fram af áhorfendum. Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar og skapa umræður.

„Það er ekkert mál að sjokkera áhorfendur, láta leikara girða niður um sig og kúka á sviðinu, en það hefur ekkert gildi í raun og veru," segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, sem þýddi leikritið á íslensku.

„Honum finnst gaman að koma fólki í opna skjöldu og þvinga það út úr þægindunum, kafa inn í áhorfandann og fá hann til að bregðast við á annan hátt en venjulega."

Þórdís kynntist Guyton fyrir nokkrum árum úti í Bandaríkjunum þegar þau voru bæði nemendur í Georgíuháskóla, hún í leikaranámi en hann í leikskáldanámi.

„Það tókst með okkur góð vinátta og ég gerðist mikill aðdáandi hans. Þetta var svolítið skemmtilegt, því oft þegar ég kom í skólann á morgnana biðu mín í pósthólfinu handrit, ljóð eða örleikrit eða eitthvað annað frá honum. Mig minnir meira að segja að ég hafi fengið að lesa Ég er ekki hommi fyrst af öllum. Og hann las líka fyrsta leikritið sem ég skrifaði á ævinni."

Leikstjóri uppfærslunnar í Loftkastalanum er Guðmundur Ingi Þorvaldsson. Leikarar eru Gunnar Helgason, Friðrik Friðriksson og Höskuldur Sæmundsson.

„Þetta er búið að vera dásamlega skemmtilegt æfingaferli. Við héldum að við myndum pissa í okkur við fyrsta leiklestur," segir Þórdís. „En við þurftum líka að spyrja okkur stórra spurninga og kafa djúpt ofan í þetta verk." ■

Ávaxtakarfan
AUSTURBÆR
Forsýning : Fös 04.feb kl. 15:00 sæti laus
Lau 05.feb kl. 15:00 sæti laus
Frumsýning : Sun 06.feb kl. 14:00 sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 virka daga
www.midi.is

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
